

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Sagnfræði

# Frá saltfiski til sólarferða

*Stjórn mála- og viðskiptatengsl Íslands og Spánar 1939–1959*

Ritgerð til MA-prófs í sagnfræði

Stefán Svavarsson

Kt.: 180280-4999

Leiðbeinandi: Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands

September 2017

## Útdráttur

Ritgerðin fjallar um stjórn mála- og viðskiptasamband Íslands og Spánar á tímabilinu 1939–1959. Nær engin viðskipti voru á milli landanna allan 5. áratug 20. aldar, en íslensk útgerðarfyrirtæki misstu ekki áhuga á spænska markaðnum og þrýstu á stjórnvöld að koma á viðskiptasambandi við Spán. Spánverjar vildu þó ekki eiga viðskipti við Ísland fyrr en Íslendingar sýndu þeim stuðning á alþjóðavettvangi í verki. Á þessum tíma hafði afstaða íslenskra stjórn málaflókka til Spánar tekið verulegum breytingum. Sjálfstæðisflokkurinn hafði varið Francisco Franco í spænsku borgarastyrjöldinni, og þótt hann léti af beinum stuðningi við stjórn hans í lok síðari heimsstyrjaldar lagði hann áherslu á að eðlileg viðskiptasamskipti yrðu tekin upp við Spán. Á sama hátt tóku Alþýðuflokksmenn og Framsóknarmenn Franco í sátt vegna viðskiptahagsmuna. Að lokum voru það einungis kommúnistar sem héldu uppi virkri gagnrýni á spænsku einræðisstjórnina.

Hér verða rök færð fyrir því að áhrif útgerðarfélaganna hafi haft úrslitaáhrif á þá ákvörðun stjórnvalda að láta undan kröfum Spánverja. Ráðamenn gerðu sér far um að gæta hagsmuna útgerðarinnar, enda voru pólitísk og persónuleg tengsl þeirra við útgerðarmenn sterk. Gagnrýni af hálfu vinabjóða Íslands vegna stuðningsins við Spán kom þeim í opna skjöldu og olli miklum áhyggjum í utanríkisþjónustunni. Hins vegar stóðu stjórnvöld við stefnu sína. Hér verða rök færð fyrir því að ákvörðun Íslands sé dæmi um hvernig raunhyggja (e. *realism*) hefur áhrif á ákvarðanatöku ríkja. Ráðamenn hafi ekki hagað sér eins og fulltrúar smárikja geri venjulega undir sambærilegum kringumstæðum. Í stað þess að fylgja helstu bandalags- og viðskiptabjóðum sínum í Spánarmálinu hafi þeir gengið gegn hagsmunum þeirra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til að styðja við bakið á áhrifamiklum aðilum í íslenskum sjávarútvegi.

Nýr viðskiptasamningur var gerður milli Íslands og Spánar í upphafi 6. áratugarins á grundvelli vöruskipta. Sýnt verður fram á hvernig stjórnvöld drógu þar taum útgerðarfyrirtækjanna, hvöttu bæði innflytjendur og almenning að kaupa sem mest af spænskum vörum til að efla útflutning sjávarafurða, jafnvel þótt spænskar vörur þættu dýrar og af litlum gæðum. Tregða íslensks almennings til að kaupa spænskar vörur leiddi þó til þess að eðli samskiptanna breyttist smám saman á seinni hluta 6. áratugarins með aukinni ferðamennsku til Spánar. Þó að innflutningur frá Spáni hafi vaxið jafnt og þétt tók útflutningur þangað aldrei við sér. Þannig skiptu ríkin um hlutverk frá því sem áður var: Viðskiptasamband Íslands og Spánar hafði verið

langt og ábatasamt fyrir íslenska útgerðarmenn fram að borgarastríðinu, en eftir síðari heimsstyrjöld reyndist vöruskiptasamningurinn Spánverjum mun hagstæðari en Íslendingum.

## Abstract

This MA thesis deals with the political and trade relations between Spain and Iceland from 1939 to 1959. Spain had been one of Iceland's most lucrative markets for fish from the early 20th century until the 1930s. After the Second World War, the Icelandic fishing industry lobbied the Icelandic government intensely in an attempt to reopen commercial relations with Spain. The Spanish government refused access, however, to the Spanish market unless Iceland supported Spain internationally, at a time when the regime was still stigmatized by its association with fascist ideology and by the conduct of the Franco's forces in the Spanish Civil War.

It will be shown here that what mainly prompted the Icelandic government to comply with the Spanish demand was the intense lobbying by the Icelandic fishing industry. Political and personal connections between Icelandic politicians and officials, on the one hand, and representatives of the fishing industry, on the other, were instrumental here. The negative international reaction to Iceland's political support for the Franco regime at the United Nations in the late 1940s and early 1950s created problems for the Icelandic government, which, nevertheless, stuck to its policy. It will be argued that Iceland's decision was atypical for a small nation in these circumstances, when measured by realist International Relations criteria.

The barter trade between Iceland and Spain recommenced in the beginning of the 1950s. The thesis shows how Icelandic authorities kept supporting the fishing industry by encouraging importers and the public to buy as much from Spain as possible in order to increase exports, even though Spanish products were considered expensive and of low quality. It will also be demonstrated that holiday package travel to Spain gradually replaced the need to increase imports from Spain. Yet, Icelandic fish exports to Spain remained low and never fulfilled the expectations of the Icelandic fishing industry. The thesis will, therefore, argue that the trade agreement in place from 1949 until 1959 was more beneficial to Spain than Iceland.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	2
Abstract.....	4
1. Inngangur.....	6
2. Samband Spánar og Íslands rofnar eftir borgarastríð.....	13
Ferð sölunefndar til Spánar.....	13
Harðræði undir stjórn Francos.....	16
Bjartsýni og vonbrigði íslenskra athafnamanna.....	19
Afstaða Íslendinga til borgarastríðsins og Francos.....	24
3. Sérstakt samband Íslands og Spánar.....	31
Misvísandi skilaboð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.....	31
Afstaða Íslands til Spánarmálsins.....	33
Útgerðin knýr fram breytingar á utanríkisstefnu Íslands.....	36
Stjórn málasambandi komið á.....	43
Hagsmunir Spánar og umbun Íslands.....	51
4. Viðskipti standa ekki undir væntingum.....	59
Dapurt ástand spænsks efnahags og slæmar fisksöluhorfur.....	59
Reynt að komast aftur á Spánarmarkað.....	61
Brösótt upphaf viðskipta.....	65
Endalok vöruskipta og upphaf Spánarferða.....	72
5. Niðurstöður.....	82
6. Heimildaskrá.....	88

## 1. Inngangur

Á fyrri hluta 20. aldar var Spánn eitt mikilvægasta viðskiptaland Íslands. Skömmu áður en heimskreppan mikla náði til Evrópu fengu Íslendingar þriðjung af útflutningstekjum sínum með saltfisksölu til Spánar. Útflutningur dróst snögglega saman í kreppunni og þegar spænska borgarastríðið braust út árið 1936 má segja að útflutningur til Spánar hafi stöðvast nær alveg. Íslensk stjórnvöld og útgerðarmenn kostuðu miklu til þess að selja saltfisk til Spánar á ný allan 4. áratuginn, en án árangurs.

Opinberlega litu íslensk stjórnvöld á spænska lýðveldið sem réttmæt stjórnvöld Spánar þótt þau skiptu sér annars ekki af styrjöldinni. Meðan á stríðinu stóð reyndu bæði stjórnvöld og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) að selja saltfisk til beggja fylkinga á Spáni án þess að það tækist. Íslensk stjórnvöld viðurkenndu loks stjórn Francos sem réttmæta stjórn Spánar ásamt öðrum Norðurlöndum 1. apríl 1939, mánuði eftir að Bretar og Frakkar gerðu slíkt hið sama. Þegar borgarastríðinu lauk hvarf Spánn þó fljótt af forsiðum blaðanna þar sem bæði ráðamenn og almenningur höfðu um annað að hugsa eftir að síðari heimsstyrjöldin braust út. Hernám Breta og herseta Bandaríkjanna urðu síðan til þess að efnahagsstaða Íslands vænkaðist hratt, enda ábyrgðust þessar þjóðir utanríkisverslunina á stríðsárunum. Spænskur saltfiskmarkaður skipti því mun minna máli en áður.

Í lok styrjaldarinnar stóð Franco enn sem einræðisherra Spánar. Talið var óhjákvæmilegt að hann myndi hverfa frá völdum líkt og Hitler og Mussolini. Það gekk þó ekki eftir, en þess í stað var ríkisstjórn Spánar einangruð á alþjóðavettvangi. Spánn fékk ekki aðild að Sameinuðu þjóðunum (Sp) og í ályktunum samtakanna árið 1946 var stjórnarfar landsins fordæmt auk þess sem mörg ríki, slitu stjórnmalasambandi við Spán og flest stórveldi heims kölluðu sendiherra sína heim. Eftir að kalda stríðið hófst á árunum 1946–1947 náði spænska stjórnin hins vegar smám saman að styrkja stöðu sína út á við. Af ótta við uppgang kommúnisma og vegna varnarhagsmuna tóku Vesturveldin smám saman upp eðlileg samskipti við landið á ný þegar leið á 6. áratuginn. Árið 1955 fékk Spánn aðild að Sameinuðu þjóðunum og aðgang að Efnahags- og samvinnustofnun Evrópu fjórum árum síðar. Árið 1959 markar því tímamót þar sem landið fór að opnast fyrir erlendum áhrifum og alþjóðasamstarfi, sem lagði grundvöll að hinum mikla vexti í ferðaþjónustu á 7. áratugnum. Þá varð Spánn eitt helsta ferðamannaland Evrópu.

Viðskiptasamband Íslands og Spánar hafði verið langt og ábatasamt fyrir

Íslenska útgerðarmenn fram að borgarastríðinu og vonir stóðu til að hægt yrði að endurvekja það. Til þess að liðka fyrir viðskiptum ákvað ríkisstjórn Íslands að taka upp fullt stjórnmalasamband og skipa sendiherra á Spáni árið 1949 eða nokkrum árum áður en Bandaríkin og ríki Vestur-Evrópu gerðu slíkt hið sama. Ísland studdi einnig Spán í atkvæðagreiðslu á aðalþingi Sameinuðu þjóðanna, eitt ríkja Evrópu, utan Tyrklands og Grikklands. Var það í eitt af örfáum skiptum sem viðskiptahagsmunir einir og sér réðu afstöðu Íslands.<sup>1</sup>

Markmið þessarar M.A.-ritgerðar er að rannsaka hvernig samskiptum Íslands og Spánar var háttað frá lokum spænska borgarastríðsins til ársins 1959, þegar Franco hætti að mestu að stjórna landinu dags daglega. Þetta tímabil varð fyrir valinu þar sem sérfræðingar í sögu Spánar kalla þennan tíma fyrsta Franco-tímabilið, árin sem stjórn Franco hafði full völd á öllum sviðum spænsks samfélags. Kúgun og aftökur á pólitískum andstæðingum voru stundaðar og hundruð þúsunda manna sátu í fangabúðum vegna stjórnmalaskoðana. Stjórnin lagðist í róttækar aðgerðir til að gera Spán að einsleitu og meðfærilegu samfélagi og í efnahagsmálum var aðaláherslan lögð á sjálfsþurftarþúskap sem leiddi til samdráttar og aukinnar fátæktar.<sup>2</sup>

Það að íslenskir ráðamenn hafi talið nauðsynlegt að efla tengslin við slíkt ríki og styðja á alþjóðavettvangi vekur upp margar spurningar. Hvaða hagsmunir lágu að baki því að Ísland studdi eina ríkið í Evrópu, sem kennt var við fasisma, á vettvangi Sp? Í ritgerðinni verður sýnt fram á að það var fyrst og fremst vegna þrýstings frá útgerðarfyrirtækjum að stuðningur við Spán var veittur. Áhrif þeirra voru slík að þau mótuðu í raun utanríkisstefnu Íslands í þessu máli. Einnig verður sýnt fram á að persónuleg tengsl ráða- og embættismanna við útgerðarfélögin skiptu miklu máli við ákvarðanatöku. Þá verða rök færð fyrir því að stuðningur Íslendinga við Spán hafi hvorki þjónað stjórnmalá- né viðskiptahagsmunum Íslands. Hins vegar er enginn vafi á því að hann kom Spánverjum til góðs í baráttu sinni fyrir því að brjótast úr pólitískri einangrun á alþjóðavettvangi. Og það sem meira var: Viðskiptasamningur ríkjanna var Spánverjum hagstæðari en Íslendingum þegar upp var staðið. Því má segja að ríkin hafi skipt um hlutverk frá því sem var á fyrstu áratugum aldarinnar.

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda verða einnig settar í samhengi við kenningar í alþjóðastjórnmalum. Hér verður því haldið fram að íslenskir ráðamenn hafi látið

<sup>1</sup> Valdimar Unnar Valdimarsson, *Ísland í eldlínu alþjóðamála*, bls. 243.

<sup>2</sup> Ruiz Franco, „La dictadura de Franco,“ bls. 203.

stjórnast af raunhyggju (e. *realism*) og að framganga Íslands hafi ekki verið dæmigerð fyrir smáríki í þessari stöðu. Kenningar í raunhyggju eru jafn gamlar stjórnámálum, en helstu kenningasmiðir nútímaraunhyggju eru Hans Morgenthau og Reinhold Niebuhr. Samkvæmt raunhyggju eru þjóðríkin helstu gerendur í alþjóðastjórnámálum. Alþjóðlegt samstarf einkennist af stjórnleysi þar sem engin yfirþjóðleg stofnun eða ríki er til staðar sem getur haldið uppi lögum og reglu, eða haldið aftur af yfiringi einstakra ríkja. Samkvæmt raunhyggju hugsa stjórnendur þjóðríkja rökrétt og gera það sem þarf til þess að komast af. Ríki eyða þess vegna miklu til varnarmála til þess verja fullveldi sitt. Kjarninn í raunhyggju lýtur því að ríkjahagsmunum, völdum og stjórnleysi í alþjóðámálum.<sup>3</sup> Raunhyggja skiptist í nokkrar undirgreinar. Þær helstu eru klassísk raunhyggja, nýraunhyggja og nýklassísk raunhyggja. Samkvæmt klassískri raunhyggju skýrast alþjóðasamskipti af mannlegu eðli, en nýraunhyggjumenn horfa frekar til uppbyggingu ríkjakerfisins og stjórnleysis þess. Samkvæmt nýklassískri raunhyggju hefur styrkur ríkis í samanburði við önnur ríki úrslitaáhrif á utanríkisstefnuna.<sup>4</sup> Sameiginlegur grunnur þessara ýmsu kvísla raunhyggju er að átök á alþjóðavettvangi séu óumflýjanleg og að ríki láti stjórnast af eigin hagsmunum. Hver sé sjálfum sér næstur.

Það eru þó ekki aðeins atburðir á alþjóðavettvangi sem ákvarða þá stefnu sem ríki móta sér í utanríkismálum. Innanríkismál, *Innenpolitik*, hafa einnig áhrif á utanríkisstefnu og eru það þá þættir eins og flokkapólitík, hagstefna, hugmyndafræði og þjóðareinkenni sem ráða ferð.<sup>5</sup> Fræðimenn eru þó ekki sammála um hversu mikil áhrif innanríkismál hafa á utanríkisstefnu ríkja. Raunhyggja og *Innenpolitik* stangast auk þess á því að samkvæmt raunhyggju eru það atburðir á alþjóðavettvangi sem ráða utanríkisstefnu, en samkvæmt *Innenpolitik* eru það atburðir innan landamæra ríkisins sem ráða því hvernig ríki haga sér gagnvart öðrum. Þegar ríki stefnir að öðru en bestu mögulegu niðurstöðu á alþjóðavettvangi geta þættir innan ríkisins verið þar að verki. Sígilt dæmi er þegar innlend hagsmunasmtök kaupa sér áhrif með framlögum í kosningasjóði og þrýsta á stjórnvöld að setja verndartolla á vörur sem fluttar eru inn frá öðru ríki.<sup>6</sup> Skiptar skoðanir eru á meðal fræðimanna um hvort almenningsálit geti

<sup>3</sup> Christopher J. Kukucha, „International Relations Theory and Canadian Foreign Trade Policy,“ bls. 199.

<sup>4</sup> Gideon Rose, „Neoclassical Realism and Theories of Foreign Policy,“ bls. 146.

<sup>5</sup> Rose, „Neoclassical Realism and Theories of Foreign Policy,“ bls. 148.

<sup>6</sup> James D. Fearin, „Domestic Politics, Foreign Policy, and Theories of International Relations,“ bls. 301–302.



haft áhrif á utanríkismál líkt og hagsmunahópar. Hægt er að finna dæmi um að almenningsálit ráði utanríkisstefnu ríkis, meira að segja í einræðisríkjum, en það er einnig algengt að stjórnvöld haldi utanríkisstefnu sinni til streitu þrátt fyrir mikla og almenna andstöðu. Kjósendur setja utanríkisstefnu stjórnmaflokka yfirleitt ekki í öndvegi þegar kemur að því að kjósa og því skilar óánægja með utanríkisstefnu sér ekki til kjörinna fulltrúa.<sup>7</sup>

Smáríki hafa aftur á móti takmarkað vald til að beita sér og hafa áhrif á alþjóðavettvangi. Fræðimenn sem hafa fjallað um smáríki eins og Peter Katzenstein og David Vital telja að smáríki séu ríki með íbúafjölda undir 15 milljónum auk þess sem horft er til þátta eins og hernaðarmáttar, landsvæðis og iðnaðarframleiðslu. Aðrir fræðimenn eins og Fazal og Griffiths telja aftur á móti að ekki megi einblína á íbúafjölda frekar en önnur atriði, þótt hann skipti vissulega máli. Smáríki hafi oft meira vægi á alþjóðavettvangi en íbúafjöldi og efnahagur bendir til. Enn aðrir, líkt og Handel og Morgenthau telja að hugtakið smáríki sé enn meira á reiki. Ríki sem teldist stórt í Evrópu gæti talist lítið í Ameríku eða tiltölulega stórt ríki geti talist smáríki ef það er umkringt enn stærri ríkjum. Lítið ríki getur einnig haft einhverja kosti umfram stærri ríki, svo sem náttúrauðlindir eða verið hernaðarlega mikilvægt vegna staðsetningar sinnar.<sup>8</sup> Samkvæmt flestum skilgreiningum ætti Ísland þó að teljast smáríki.

Vegna smæðar sinnar hafa smáríki hvorki öflugan her né efnahag sem þau geta beitt til að verja hagsmuni sína gagnvart öðrum ríkjum. Þau hafa því tilhneigingu til að taka þátt í alþjóðasamstarfi, tilheyra alþjóðastofnunum, styðja alþjóðalög og alþjóðleg gildi, beita sjaldan eða aldrei valdi auk þess sem þau einbeita sér að málefnum sem tengjast eigin nærsvæði. Smáríki reyna að bregðast við aðstæðum á alþjóðavettvangi í stað þess að móta stefnu þar sem þau geta ekki stjórnað atburðarásinni. Þau taka ennfremur litla áhættu í utanríkismálum og eru auk þess viðkvæm fyrir atburðum á alþjóðavettvangi sem þau geta lítil áhrif haft á. Þá leitast smáríki oft við að fá vernd frá stærra ríki eða heimsveldi því að þau geta ekki varið sig gegn hugsanlegum árásum. Stórveldið sem veitir smáríkinu vernd beitir það ekki endilega þrýstingi, en ætlast þó til þess að það fari að kröfum stórveldisins og styðji stefnu þess.<sup>9</sup> Í heimi sem stjórnast af raunhyggju og hver hugsar sem mest um eigin

<sup>7</sup> Sjá t.d. Juliet Kaarbo, „A Foreign Policy Analysis Perspective on the Domestic Politics Turn in IR Theory,“ bls. 198.

<sup>8</sup> Baldur Þórhallsson og Sverrir Steinsson, „Small State Foreign Policy,“ bls. 3.

<sup>9</sup> Miriam Fendius Elman, „The Foreign Policies of Small States: Challenging Neorealism in Its Own Backyard,“ bls. 176, 180.

hag, sækir smárikið í samstarf og samvinnu til að styrkja eigin stöðu og til að verða ekki undir í slíkri samkeppni. Smáriki hafa auk þess oftast ekki tæk á að skipa stóra utanríkisþjónustu né fjölmenn sendiráð í öðrum ríkjum. Það háir smárikjunum þegar kemur að því að taka ákvarðanir og mynda á stefnu í utanríkismálum, en einnig hamlar það ríkjum þegar kemur að samningaviðræðum við önnur ríki.<sup>10</sup>

Á fimmta áratug síðustu aldar var Ísland smáriki sem hafði öðlast fullt sjálfstæði aðeins örfáum árum áður og var nýbyrjað að stjórna eigin utanríkismálum. Utanríkisþjónustan var fámenn og lítil hefð fyrir opinberum samskiptum við önnur ríki. Heimsmynd og valdahlutföll breyttust hratt í kjölfar seinni heimsstyrjaldar. Ísland varð hluti af áhrifasvæði Bandaríkjanna sem veitti því pólitískan og efnahagslegan stuðning í skiptum fyrir hernaðarréttindi. Nýjar alþjóðlegar stofnanir urðu til sem Íslendingar fengu aðild að. Kenningar um utanríkisstefnu smárikja og tilhneiging þeirra til að sækja í skjól stærri ríkja eða bandalaga eiga því vel við um ákvarðanir Íslands í utanríkismálum. Kenningar um raunhyggju nýtast vel til að skilja stefnu Íslands gagnvart Spáni. En stefna stjórnvalda var þó engu að síður óhefðbundin fyrir smáriki, enda gekk hún gegn hagsmunum þeirra ríkja sem Íslendingar reiddu sig helst á í viðskiptum og stjórnmálum á alþjóðavettvangi.

Ritgerðinni er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta verða greindar tilraunir íslenskra stjórnvalda til að koma á stjórn mála- og verslunarsambandi við Spán í seinni heimsstyrjöld og opna þar sendiráð. Einnig verður sýnt fram á hvernig umfjöllun um Spán breyttist í dagblöðum landsins og hver afstaðan var til einræðisstjórnarinnar á Spáni í opinberri umræðu. Í spænska borgarastríðinu var íslensk stjórn málaumræða tilfinningaprungin og Íslendingar skiptust í hatrammar fylkingar. Því er vert að skoða hvort gangur seinni heimsstyrjaldar, glæpir nasista og einangrun Spánar á alþjóðavettvangi hafi breytt afstöðu til einræðisstjórnarinnar þar. Í öðrum hluta verður fjallað um hvernig opinber samskipti komust á milli landanna að nýju og hvers vegna Ísland var eitt af fyrstu ríkjum Evrópu til að taka upp hefðbundið samband við Spán auk þess sem Ísland studdi Spán hjá Sameinuðu þjóðunum. Rakið verður hvernig þrýst var á íslensk stjórnvöld, bæði af hálfu íslenskrar útgerðar og spænskra stjórnvalda, að taka upp opinber samskipti við Spán og kjósa gegn bandalagsþjóðum Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Í þriðja hluta verður sjónum beint að viðskiptum ríkjanna og viðskiptasamningum. Viðskipti við Spán urðu aldrei eins hagstæð fyrir

<sup>10</sup> Baldur Þórhallsson og Sverrir Steinsson, „Small State Foreign Policy,“ bls. 4.

Íslendinga og þau voru fyrir borgarastríð, en nánar verður skýrt frá því hvernig þeim var háttað. Einnig verður sýnt hvernig stjórn málaástandið á Spáni og alþjóðastjórn mála á tímabilinu fléttuðust inn í samskipti landanna tveggja. Að lokum verður vikið að því þegar Spánn opnaðist fyrir íslenskum almenningi og aðdraganda fyrstu skipulögðu hópferðanna til Spánar.

Mikið hefur verið skrifað um saltfisksölu til Spánar og samskipti ríkjanna á árunum fyrir spænska borgarastríðið. Hins vegar hefur nær ekkert verið fjallað um samband Íslands og Spánar í seinni heimsstyrjöld og á árunum eftir hana. Pétur J. Thorsteinsson minnst lauslega á opinber samskipti ríkjanna í yfirlitsriti sínu um utanríkisþjónustu Íslands.<sup>11</sup> Þar er aðeins sagt að Íslendingar reyndu að stofna sendiráð í Madríd í seinni heimsstyrjöld og að ríkin hafi tekið upp stjórn mála samband árið 1949. Valdimar Unnar Valdimarsson fjallar töluvert um samskipti Íslands og Spánar í bókinni *Saltfiskur í sögu þjóðar*,<sup>12</sup> en þar kemur vel fram mikilvægi spænska markaðarins á 3. og 4. áratug síðustu aldar. Aftur á móti fjallar bókin aðeins um saltfiskverslun og þar sem sala til Spánar féll niður í seinni heimsstyrjöld er lítið sem ekkert sagt frá viðskiptum landanna eftir það. Valdimar beinir einnig sjónum að afstöðu Íslands til Spánar hjá Sameinuðu þjóðunum í bókinni *Ísland í eldlínu alþjóðamála*.<sup>13</sup> Bókin er fyrst og fremst yfirlit yfir þátttöku Íslands hjá Sp. Sagt frá því þegar atkvæði voru greidd til stuðnings Spáni á allsherjarþinginu þegar Spánn var einangraður á 5. áratugnum og að það hafi verið eitt af fáum skiptum sem Ísland fylgdi ekki bandalagsríkjum sínum að máli. Mörgum spurningum er þó ósvarað. Hér verður sérstaklega vikið að því hvort ákvörðunin um að styðja Spán á alþjóðavettvangi á undan öllum vinaríkjum Íslands hafi verið tekin að vel í grunduðu máli. Gerðu íslenskir ráðamenn sér grein fyrir því að ákvörðun þeirra myndi vekja upp reiði bandalagsríkja? Töldu þeir að enginn myndi gagnrýna þessa ákvörðun eða var þeim alveg sama um gagnrýni annara? Enn fremur verður spurt hvort stuðningur Íslands hafi verið lykilorð til þess að opna fyrir viðskipti á ný eins og vonir Íslendinga stóðu til. Í því samhengi verður hugað því hvort Íslendingar hafi hagnast á því að styðja Spánverja gegnum viðskipti eða opinberan stuðning. Farið verður ofan í saumana á viðskiptum landanna, en það hefur ekki verið gert nema að takmörkuðu leyti áður. Loks verður efnið ekki aðeins nálgast frá sjónarhóli íslenskra stjórnvalda, heldur einnig spænskra

<sup>11</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands*, 1992.

<sup>12</sup> Valdimar Unnar Valdimarsson, *Saltfiskur í sögu þjóðar*, 1997.

<sup>13</sup> Valdimar Unnar Valdimarsson, *Ísland í eldlínu alþjóðamála*, 1993.

stjórnvalda.

Helstu heimildir rannsóknarinnar eru opinber skjöl. Mest er stuðst við skjöl skjalasafns utanríkisráðuneytisins og sendiráða Íslands í París og Stokkhólmi. Einnig voru ýmsar heimildir í skjalasafni viðskiptaráðuneytisins, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og einkaskjalasafni Ólafs Thors. Einnig reyndust heimildir í skjölum úr Skjalasafni stjórnarráðs Spánar (Archivos generales de la Administración) varpa nýju ljósi á efnið. Auk fræðirita- og greina var stuðst við heimildir úr íslenskum dagblöðum og tímaritum. Þau varpa ljósi á almenna umræðu um Spán og Spánarviðskipti á því tímabili sem ritgerðin tekur til.

## 2. Samband Spánar og Íslands rofnar eftir borgarastríð

### Ferð sölunefndar til Spánar

Árin fyrir seinni heimsstyrjöld höfðu verið afar erfið fyrir íslenskan efnahag. Aflabrestur, verðlækkningar á erlendum mörkuðum og búfjárjúkdómar hrjáðu landsmenn. Í kjölfar heimskreppunnar hafði verslunin við Spán, sem hafði verið mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands árum saman, hrunið. Verslun við Þýskaland hafði að einhverju leyti komið í staðinn fyrir verslun við Spán, en vorið 1939 voru blikur á lofti. Íslensk stjórnvöld voru því reiðubúin að grípa hvert hálmstrá til að auka útflutning og skapa atvinnu, þar með talið að reyna að koma á viðskiptum við stríðshrjáðan Spán. Útgerðarmenn héldu stjórnvöldum við efnið og sendi ríkisstjórn Íslands ítrekaðar kröfur um að sendur yrði opinber sölufulltrúi til þess hluta Spánar sem liðsmenn Francos réðu yfir til að greiða fyrir saltfisksölu til landsins.<sup>14</sup>

Þótt vitað væri að staðan á Spáni væri erfið fóru þeir Helgi P. Briem og Kristján Einarsson framkvæmdastjóri hjá SÍF þangað á vegum stjórnvalda í mars 1939. Helgi hafði verið fiskifulltrúi á Spáni árin fyrir borgarastríð, en yfirgefið landið þegar átök brutust út. Fóru tvímenningarnir til Bilbao, sem hafði lengi verið ein stærsta verslunarhöfn Íslendinga á Spáni. Borgin hafði verið undir stjórn Franco frá miðju ári 1937. Helgi og Kristján voru í stöðugu sambandi við ráðamenn á Íslandi á meðan á dvölinni stóð. Opinber afstaða Íslands til Spánar vafðist mikið fyrir þeim því að Ísland hafði ekki enn viðurkennt stjórn Francos. Auk þess að eiga í vandræðum með að komast inn í landið fengu þeir Helgi og Kristján ekki áheyrn hjá spænskum embættismönnum á þeirri forsendu að opinber viðurkenning þyrfti að berast áður en af slíkum fundum gæti orðið. Vorið 1939 voru úrslit borgarastyrjaldarinnar ráðin og þrýstu tvímenningarnir á ríkisstjórnina til að flýta viðurkenningu í þeirri von að liðka fyrir samningaviðræðum. Af bréfum þeirra til íslenskra embættismanna að dæma voru þeir óþolinmóðir að afgreiða það sem þeir töldu greinilega vera „formsatriði.“<sup>15</sup> Einnig barst bréf frá stjórn SÍF þar sem hvatt var til þess að viðurkenna stjórn Francos sem fyrst og

<sup>14</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá SÍF til Ríkisstjórnar Íslands, 10. janúar 1939.

<sup>15</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Skeyti frá Helga P. Briem til forsætisráðherra 28. mars 1939 til dæmis.

því bæri að flýta, ekki síst vegna þess að Ísland var á svörtum lista vegna fyrri viðskipta við „rauða Spán.“<sup>16</sup>

Samsteypustjórn Framsóknarflokks og Alþýðuflokks, hin svonefnda stjórn hinna vinnandi stétta, lét þó ekki undan þrýstingnum. Hún viðurkenndi ekki stjórn Francos fyrr en Norðurlöndin gerðu það í sameiningu í byrjun apríl 1939, en það var síðar en flest ríki Evrópu. Hefði stjórnin flýtt viðurkenningunni hefði það greitt fyrir verkefni Helga og Kristjáns. Íslendingar héldu sig að þessu sinni í samfloti með öðrum Norðurlöndum jafnvel þótt það hafi tafið hugsanleg viðskipti. Einnig má sjá að samningaviðræður og loforð um viðskipti voru notuð sem skiptimynt í utanríkisþólitík Francos. Aðeins fulltrúar þeirra ríkja sem höfðu viðurkennt stjórn hans fengu áheyrn og það gat komið sér illa ef erlendir sendimenn eða kaupþýslumenn rækju viðskiptaerindi við stjórn spænska lýðveldisins.

Helgi og Kristján fengu loks fund með yfirmanni samningadeildar verslunarmálaráðuneytis Franco-stjórnarinnar 4. apríl 1939, þ.e. eftir að viðurkenning íslenskra stjórnvalda lá fyrir. Í samtölum við hann næstu daga og vikur kom fram að engin von væri á að Spánverjar keyptu matvæli fyrir gjaldeyri, allra síst saltfisk. Hann væri hægt að fá víða annars staðar frá í vöruskiptum. Helst væri það herinn sem hefði gjaldeyri til þess. Þeir Helgi og Kristján lögðu því inn tilboð á saltfiski til hersins, en því var hafnað. Helgi bauðst síðar til þess að gefa hluta af pöntuðum saltfiski til spænsku fátækra hjálparinnar, sem var stofnun undir stjórn Francos.<sup>17</sup> Þegar því tilboði var einnig vísað frá varð ljóst að ferð Helga og Kristjáns hafði engan árangur borið. Árið 1939 er raunar það ár sem minnst var flutt út til Spánar. Útflutningur nam aðeins 11.000 krónum á verðlagi þess tíma, eða tæpum 2,3 milljónum á verðlagi ársins 2017. Áratugin á undan mældist útflutningur til Spánar aftur á móti í tugum milljóna á verðlagi þess tíma.<sup>18</sup>

Útlitið til framtíðar var auk þess ekki bjart. Í bréfi til Stefáns Jóhanns Stefánssonar utanríkisráðherra lýsti Helgi hversu mikil óvissa einkenndi verslunarmálin á Spáni. Óvíst væri hverjir myndu skipa ráðuneyti í stjórn Francos til frambúðar og ekki væri unnt að slá föstu hvers konar verslunarstefna yrði mörkuð. Taldi Helgi þó að Spánverjar myndu reyna að taka upp stefnu Þjóðverja á þessum

<sup>16</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá SÍF til ríkisstjórnar Íslands 14. mars 1939.

<sup>17</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá Helga P. Briem til utanríkismálaráðuneytis 11. apríl og 9. maí 1939.

<sup>18</sup> Yfirlit um utanríkisviðskipti við Spán. Gögn fengin með tölvupósti, 10. janúar 2017.

tíma, sem var að greiða meira en heimsmarkaðsverð fyrir innfluttar vörur en greiða fyrir þær með vörum á hærra verði en fengist annars staðar. Taldi hann þessa stefnu ekki munu reynast Spánverjum vel, þar sem hagkerfi þeirra var mun vanþróaðra en það þýska auk þess sem hráefnisskortur var mikið vandamál.<sup>19</sup>

Bréf Helga Briem úr ferð þeirra Kristjáns fjalla að langmestu leyti um samningaviðræður og viðskiptamál, en í örfá skipti vikur hann að því hvernig umhorfs var á þeim svæðum Spánar sem hann sá við lok borgarastríðsins. Eru þessi bréf einu skýrslurnar sem íslenskir ráðamenn fengu um almennt ástand á Spáni frá opinberum fulltrúa í aðdraganda síðari heimsstyrjaldarinnar og meðan á henni stóð. Fyrir utan þau urðu þeir að treysta á fjölmiðla eins og aðrir eða bréf frá útgerðarmönnum og umboðsmönnum þeirra sem höfðu hagsmuna að gæta. Í einu bréfanna sem Helgi skrifar frá Barcelona minnst hann á að þrátt fyrir mikinn vöruskort geti íbúar nálgast helstu nauðsynjar, en kjöt fáist ekki og fólk standi í röðum til að kaupa fisk jafnvel þótt gæðin séu slök. Verðlag á öllum vörum sé mjög hátt, en stjórnvöld reyni að hafa hemil á verðhækkunum.<sup>20</sup> Frá Bilbao skrifaði Helgi síðan:

Hefir hugur manna breyst mjög síðasta mánuðinn. Er stríðinu lauk fyrsta apríl voru menn vonglaðir um að nú væru allar þeirra þrautir á enda. Nú er eins og menn séu farnir að minnast þess, að fyrir styrjöldina var ástandið talið óbærilegt af mörgum, og því voru hér sífeldar óeirðir. Síðan hefur landið orðið fátækara, verksmiðjur eyðilagst og hús, en los komið á fólkið, svo það hefir vanist af daglegri vinnu, og vill heimta allt af öðrum.<sup>21</sup>

Í einu bréfanna kemur jafnframt fram að mörg hús í Barcelona séu illa farin eða ónýt vegna átakanna. Margir spænskir saltfiskaupmenn höfðu sett fasteignir sem veð fyrir skuldum sem stofnað var til vegna kaupa frá Íslandi, en nú voru þau ónýt eins og mörg önnur hús. Innflutningsleyfi margra kaupmanna höfðu auk þess verið afturkölluð og peningakerfi allt í uppnámi. Því var lítil von að skuldir sem íslenskir útgerðarmenn áttu útistandandi fengjust greiddar.<sup>22</sup> Óháðar upplýsingar um Spán voru af skornum

<sup>19</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá Helga P. Briem til utanríkismálaráðherra 5. maí 1939.

<sup>20</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá Helga P. Briem til atvinnumála- og viðskiptamálaráðherra Íslands og SÍF, 25. maí 1939.

<sup>21</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá Helga P. Briem til utanríkismálaráðherra 5. maí 1939.

<sup>22</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá Helga P. Briem til atvinnumála- og viðskiptamálaráðherra Íslands og SÍF, 24. maí 1939.

skammti. Ekki er að sjá að opinber fulltrúi Íslands hafi talið aðstæður almennings og voðaverk stjórnarinnar eiga erindi við ráðamenn á Íslandi, hafi hann frétt af þeim. Þó hann hafi ferðast um nokkur af þeim svæðum þar sem bardagar voru hvað harðastir taldi hann fremur ástæðu til að hnýta í landsmenn og gefa í skyn að þeir vilji ekki vinna.<sup>23</sup>

### Harðræði undir stjórn Francos

Eftir á að hyggja er augljóst að lítil von var á saltfisksölu til Spánar. Árin eftir borgarastríðið voru Spánverjum að mörgu leyti erfiðari en sjálft stríðið og varla von á mikilli sölu næstu ár. Stjórnarfarið á Franco-tímanum er enn deiluefni á Spáni, enda bar hann meginábyrgð á kúgunarherferð gegn stjórnarandstæðingum og almennri fátækt í landinu. Utan Spánar og utan fræðaheimsins hefur þó fennt mikið yfir þennan tíma og persónu Francos. Ein ástæða þess er að Franco átti sér fjölda samverkamanna sem unnu voðaverk fyrir hann og gat hann því haldið eigin ímynd sem landsföður sem vildi öllum vel.<sup>24</sup> Önnur ástæða er að erfitt var að skilgreina stjórn Francos. Sjálfur skipti hann út ráðherrum og hugsjónum í takt við tíðarandann til þess að geta haldið völdum. Franco átti sér fáar hugsjónir aðrar en andkommúnisma, þjóðernishyggju og kapólska trú.<sup>25</sup> Efnahagsstefnan sem hann fylgdi af hörku til ársins 1959 gekk út á sjálfspurftarbúskap (e. *autarchy*), þ.e. að gera landið sem mest sjálft sér nægt um allar vörur og iðnvæða það í skjóli hafta. Franco og samverkamenn töldu að Spánverjar gætu fylgt í fótspor Þjóðverja og Ítala sem hefðu getað byggt upp iðnað og stóran herafla á þann hátt.<sup>26</sup> Aftur á móti var efnahagur Spánar miklu frumstæðari en sá þýski og ítalski þannig að í stað þess að leggja grundvöll að iðnaðarstórveldi leiddi sjálfspurftarstefnan til efnahagsstöðnunar og mikillar lífshjaraskerðingar fyrir spænskan almenning.

Stjórn Francos var grimmilegust meðan á borgarastyrjöldinni stóð og fyrstu árin á eftir. Sjá mátti merki um hörkuna sem Franco beitti andstæðinga sína af öllum stigum þjóðfélagsins strax í borgarastríðinu. Franco taldi ekki nóg að sigra spænska lýðveldið og stuðningsmenn þess, heldur varð að eyða þeim, jafnvel þó að það kostaði að stríðið

<sup>23</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Bréf frá Helga P. Briem til utanríkismálaráðherra 5. maí 1939.

<sup>24</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 5167.

<sup>25</sup> Franco, „La dictadura de Franco,“ bls. 209.

<sup>26</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 185.



drægist á langinn. Marxismi eða anarkismi eða kenningar um lýðræði og jöfnuð voru í hans augum hættulegar erlendar hugmyndir, – sjúkdómur, sem varð að eyða ásamt þeim sem aðhylltust þær.<sup>27</sup> Andstæðingar Francos voru því dæmdir til dauða eða til þrælkunarvinnu í fangabúðum eftir stríð án þess að hafa nokkuð unnið til sakar nema stuðning við stjórn spænska lýðveldisins.

Franco tók því ekki til við að sætta landsmenn eftir borgarastríðið. Þvert á móti var það stefna stjórnar hans að kúga þá sem höfðu barist gegn honum. Í febrúar 1939, tveimur mánuðum áður en borgarastríðinu lauk, setti stjórn Francos lög um „stjórnmálalega ábyrgð.“ Samkvæmt þeim var það refsivert brot að tilheyra vinstriinnuðum stjórnmálaflokki eða að hafa setið hjá í átökunum í stað þess að aðstoða Franco og uppreisnarmennina. Markmiðið með lögnum var að „stofnanavæða“ ofsóknir á hendur andstæðingum Francos. Með öðrum orðum voru þær orðnar að opinberri stefnu.<sup>28</sup> Um hálf milljón manna var kærð með vísun til laganna þangað til þau voru numin úr gildi árið 1966. Þeir andstæðingar sem fengu að halda lífi voru látnir bæta fyrir andstöðu sína með þrælkunarvinnu. Í því skyni voru reistar að minnsta kosti 50 fangabúðir á Spáni og er talið að þar hafi dvalist allt að 700.000 manns á meðan þær voru starfræktar.<sup>29</sup> Fangar voru látnir vinna við stíflugerð, áveituskurði og brúarsmíði auk minnismarkisins alræmda Dals hinna föllnu (sp. *Valle de los caídos*). Ættingjar stjórnarandstæðinga áttu einnig yfir höfði sér refsingu. Dæmi eru um að þeir hafi misst atvinnu eða atvinnutæki.<sup>30</sup> Þannig var hægt að tryggja að stjórnarandstæðingar ættu sér ekki viðreisnar von og þeir sem sluppu hugsuðu sig tvisvar um áður en þeir andmæltu stjórnvöldum.

Efnahagsstefna Francos kom helst niður á almenningi. Raunlaun lækkuðu um 66% á árunum 1935–1945 og laun verkamanna í landbúnaði urðu ekki sambærileg við laun þeirra fyrir borgarastríðið fyrr en á 7. áratugnum. Á árunum 1930–1940 fjölgaði verkamönnum í landbúnaði úr 45,5% í 55,5%. Þetta var einsdæmi í Evrópu ef frá eru skilin Sovétríkin eftir rússnesku byltinguna og borgarastríðið.<sup>31</sup> Um hálf milljón manna var skráð atvinnulaus árið 1940, sem er líklega vanmat. Það að skrá sig atvinnulausan fól í sér samskipti við yfirvöld sem margir vildu forðast.<sup>32</sup> Þá er talið að á árunum 1939–

<sup>27</sup> Michael Richards, *A Time of Silence*, bls. 34–36.

<sup>28</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 7242.

<sup>29</sup> Franco, „La dictadura de Franco,“ bls. 205.

<sup>30</sup> Richards, *A Time of Silence*, bls. 52.

<sup>31</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 176–181.

<sup>32</sup> Richards, *A Time of Silence*, bls. 108.

1945, þ.e. eftir að borgarastríðinu lauk, hafi um 200.000 manns dáið úr hungri á meðan það var opinber stefna að flytja inn sem minnst af öllu, þar með talið matvælum.<sup>33</sup> Margar lýsingar eru til um örbirgð Spánverja. Þýskir ræðismenn á stríðsárunum sögðu frá því að í sumum landshlutum væri engan mat að finna og þjófvar og stigamenn léku lausum hala. Þýski sendiherrann sendi skýrslu um óánægju á meðal hermanna og biturleika almennings vegna þess að hundruð þúsunda lýðveldissinna voru enn í fangelsi á meðan fjölskyldur þeirra sultu.<sup>34</sup>

Margir sagnfræðingar rekja hörmungar þessa tíma til ofsókna Francos á hendur stjórnarandstæðingum. Efnahagsstefnan hafi verið byggð á félagslegri hefnd, en ekki verið ófyrirséð afleiðing hagstjórnarinnar. Verkamenn og landlaust fólk, sérstaklega á Suður-Spáni, varð harðast úti.<sup>35</sup> Ástandið þar var líkast því sem gerðist í Hollandi undir stjórn nasista veturinn 1944–1945; um 30.000 manns dóu þar úr hungri, en miðað við höfðatölu var þó hungursneyðin á Spáni tvisvar sinnum mannskæðari en í Hollandi.<sup>36</sup> Einnig má nefna aðgerðaleyfi stjórnar Francos við að aðstoða þá sem verst stóðu félagslega. Kerfi skammtana var illa skipulagt svo að klíkuskapur og stjórnámálaskoðanir réðu hvernig nauðsynjum var skipt frekar en þörf. Þeir sem ekki voru í náðinni hjá stjórnvöldum þurftu því að kaupa vörur á markaðsverði eða leita til svarta markaðarins. Ferðalangar á Spáni á stríðsárunum og árin á eftir lýstu því að verslanir væru oftast fullar af ýmiss konar varningi, en fáir hefðu efni á að kaupa hann. Á meðan gengu börn um betlandi og almenn fátækt var áberandi.

Stjórn Francos var sannarlega fasísk til ársins 1942. Fram að því höfðu falangistar skipað mörg æðstu embætti ríkisins, mikið var gert úr hernaðarmætti Spánar og hersýningar voru algengar. Þótt spænsk stjórnvöld fylgdu opinberlega hlutleysisstefnu alla styrjöldina studdi Franco möndulveldin af hugsjón, en einnig þar sem hann taldi sig þannig geta aflað Spáni nýlendna. Á sama tíma gaf hann Bretum og Bandaríkjamönnum undir fótinn og fékk hjá þeim lán, matvæli og eldsneyti gegn því að taka ekki þátt í styrjöldinni með möndulveldunum. Þegar stríðsgæfan fór að snúast gegn möndulveldunum á árunum 1942–1943 dró Franco úr áhrifum falangista. Hann sást til dæmis ekki lengur í búningi þeirra og ekki var lengur heilsað að fasistasíð. Í stríðslok var svo flestum falangistunum sem eftir voru skipt út úr ríkisstjórn fyrir

<sup>33</sup> Richards, *A Time of Silence*, bls. 92.

<sup>34</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 9507.

<sup>35</sup> Jean Grugel og Tim Rees, *Franco's Spain*, bls. 25 og Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 176–181.

<sup>36</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 170–176.

konungssinna og kaþólikka til að milda ásjónu stjórnarinnar.<sup>37</sup>

Stuðningur Francos við möndulveldin stóð allt þar til yfir lauk. Þýskir nasistar og samverkamenn þeirra fengu ýmist hæli eða spænskan ríkisborgararétt. Otto Skorzeny, foringi úr SS sveitunum, og Léon Degrelle, leiðtogi belgískra nasista, eru þekktustu dæmin, en þeir bjuggu báðir á Spáni til æviloka. Óvíst er hversu margir fóru einnig til Suður-Ameríku gegnum Spán og með aðstoð yfirvalda. Spænskir fjölmiðlar, sem voru undir stjórn yfirvalda, gerðu jafnframt lítið úr fjöldamorðum nasista og sögðu þau óhjákvæmilega afleiðingu glundroðans sem fylgdi stríðinu. Þegar Berlín féll í hendur Bandamanna skrifuðu blöðin langar lofgreinar um Hitler og þátttöku hans í vörn borgarinnar. Einnig var baráttuþrek þýska hersins lofað. Eitt blaðanna sagði að Hitler hefði ákveðið að fórna sjálfum sér fyrir Evrópu.<sup>38</sup> Rannsókn Sameinuðu þjóðanna í stríðslok leiddi líka í ljós að Þjóðverjar höfðu undirbúið bæði kaþbáta og flugvélar til árása á bandamenn í spænskum höfnum.

Því var talið öruggt utan Spánar, að Franco færi frá völdum eftir að styrjöldinni lauk, nauðugur eða viljugur. Franco náði þó að snúa stöðunni sér í hag. Spænskir fjölmiðlar fóru skyndilega að lofa hann fyrir staðfestu og stjórnkænsku þar sem hann náði að halda Spáni fyrir utan styrjöldina miklu. Nú gæti hann einbeitt sér að því að laga stöðu sína á meðal Bandamanna.<sup>39</sup> Bandamenn hikuðu aftur á móti við að beita sér gegn Franco því að þeir óttuðust að önnur borgarastyrjöld myndi brjótast út, ótti sem Franco og stuðningsmenn hans ýttu undir. Franco og stjórn hans var þó útskúfuð frá „alþjóðasamfélaginu“ næstu ár. En það er til marks um hve Franco var slægur stjórnmalamaður að hann náði að halda völdum og að lokum öðlast viðurkenningu umheimsins á ný.

## Bjartsýni og vonbrigði Íslenskra athafnamanna

Íslendingar gerðu sér líklega ekki fulla grein fyrir erfiðleikum spænsks almennings á þessum tíma þó að mikið hefði verið fjallað um ástandið á Spáni eftir að borgarastyrjöldin braust út. Viðtöl við Íslendinga sem farið höfðu til Spánar birtust reglulega í blöðum, oftast við athafnamenn eða íslenska umboðsmenn á Spáni sem staddir voru á Íslandi. Saltfisksalan var þeim auðvitað efst í huga og því kom erfið

<sup>37</sup> Franco, „La dictadura de Franco,“ bls. 210–211.

<sup>38</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 12018.

<sup>39</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 12031.

staða á Spánarmarkaði ekki neinum á óvart. Í málgögnum útgerðar- og verslunarmanna var grannt fylgst með markaðsmálum á Spáni. Í upphafi árs 1939 þegar borgarastríðinu var að ljúka mátti sjá töluverða bjartsýni á að selja saltfisk til Spánar en augljóst var að ekki fengist gjaldeyrir fyrir útflutninginn heldur yrðu vöruskipti að nægja. Vissulega væri staðan erfið, en aðstæður myndu örugglega batna og var þá jafnan vísað í að Franco væri stjórnskörungur sem yrði fljótur að reisa Spán úr rústunum. Í *Frjálsri verzlun* í febrúar 1939 var t.d. fullyrt að markaðir væru aldrei óumbreytanlegir og að möguleikar væru á því að hefja aftur viðskipti við Spán. Franco þyrfti að kaupa saltfisk, en blaðið taldi sennilegt að vöruskiptaverslun eða „jafnvirðis kaup“ yrðu gerð að skilyrði.<sup>40</sup> Þá segir í öðru tölublaði tímaritsins að óstjórn lýðveldisins sé loks að baki og á yfirráðasvæðum Franco hafi efnahagurinn færst til betri vegar. Það var orðað svo í *Frjálsri verzlun*:

Gömlu framleiðslutækin hafa nú eyðilagst eða eru ekki starfrækt, af því að þau eru ekki fær um þau óvenjulegu afköst og flýti, sem stríðið heimtar, og í staðinn eru komin nýttizku tæki, fullkomnustu verksmiðjur og hröðustu vinnukerfi.

Ekki má heldur gleyma því, að í staðinn fyrir byltingarsinnaðan verkalýð, sem hafði meiri áhuga fyrir pólitískum illdeilum, verkföllum og skemmdarverkum en fyrir vel unnu starfi í þágu framleiðslunnar, koma nú æfðar sveitir faglærðra verkamanna, sem hafa engin afskipti af stjórn málum, en skipa sér í félög aðeins til verndar atvinnuhagsmunum sínum og til eflingar fagkunnáttunnar. [...]

Þegar hin fjölmennu mið- og austurhéruð Spánar, sem enn eru ekki friðuð, eru komin í hendur Francos, er hætt við að innflutningur til landsins verði að aukast í bili, m. a. á matvörum. T. d. hefir Spánn þá mikla þörf fyrir saltfisk. Má gera sér vonir um, að góðir samningar takist fyrir Íslands hönd við spænsku ríkisstjórnina nú, þar sem augnablikið virðist heppilega valið.<sup>41</sup>

Þessi greining á ástandinu á Spáni bar vitni um óskhyggju. Vonbrigði íslenskra athafnamanna urðu því vafalaust mikil þegar Kristján Einarsson kom aftur til Íslands úr ferð þeirra Helga til Spánar. Flest íslensku dagblöðin ræddu við Kristján og taldi hann engar líkur á sölu í bráð. Að mati Spánverja myndi endurreisn landsins taka tvö

<sup>40</sup> Pétur O. Johnson, „Heimspólítík og viðskipti,“ *Frjáls verzlun*, 1, nr. 2 (1939), bls. 19.

<sup>41</sup> Þórhallur Þorgilsson, „Viðskiptamál Spánverja,“ *Frjáls verzlun*, 1, nr. 3 (1939), bls. 31.

til fimm ár þar sem trú manna á sterka stjórn landsins væri mikil.<sup>42</sup> Því var ástæða til að ætla að til lengri tíma myndi staðan batna.

Þess vegna vöktu samningar annarra Norðurlanda, einkum Noregs, við Spán nokkra athygli á Íslandi og birtust oft fréttir af þeim í *Morgunblaðinu* og *Vísir* líkt og til að benda á dugleysi íslenskra yfirvalda.<sup>43</sup> Þrýstingur á stjórnvöld var töluverður upp frá því. Í júlí 1939 sendi Vilhjálmur Finsen, þá fulltrúi Íslands við sendiráð Danmerkur í Osló, skeyti til stjórnarinnar að fyrra bragði þar sem fram kom að viðskiptasamningar sem Norðmenn hefðu gert við Spánverja væru þeim fyrrnefndu afar óhagstæðir. Það væri mál manna að um hálfgerða nauðasamninga væri að ræða því að geymslur víða um Noreg væru yfirfullar af fiski og Norðmönnum lægi mikið á að losna við afurðir sínar á einhvern hátt.<sup>44</sup>

Staða Íslands breyttist sem kunnugt er með afgerandi hætti í seinni heimsstyrjöld. Með innrás Þjóðverja í Danmörku í apríl 1940 þurftu Íslendingar að taka utanríkismál að öllu leyti í eigin hendur. Utanríkismálanefnd Alþingis ákvað strax 22. apríl 1940 að skipa sendifulltrúa í Madrid.<sup>45</sup> Fram að því hafði aðeins verið ákveðið að opna sendiráð í Bandaríkjunum og skipa sendifulltrúa í London. Í júlí sama ár var óskað eftir viðurkenningu spænskra stjórnvalda á Helga P. Briem sem sendifulltrúa Íslands í Madrid. Ríkisstjórn Íslands fór jafnframt fram á að tekið yrði upp fullt stjórnmalasamband við Spán.<sup>46</sup> Þar sem ekkert svar barst frá Spáni var Helgi sendur þangað í september í þeirri von að viðurkenning fengist síðar. Það gekk ekki eftir og fékk Helgi ekki einu sinni inngöngu til Spánar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.<sup>47</sup> Staða Íslands í júlí hafði breyst frá í apríl vegna hernáms Breta. Jafnvel þó að Íslendingar hefðu litið svo á að hernámið ætti ekki að hafa áhrif á afstöðu Spánverja til Íslands, voru Spánverjar ekki á þeirri skoðun. Enda var Spánarstjórn, þrátt fyrir formlegt hlutleysi, hliðholl Þjóðverjum og Ítölum. Ekki fékkst önnur skýring á því hvers vegna Spánverjar neituðu að taka við íslenska sendifulltrúanum og taka upp stjórnmalasamband við Ísland.

<sup>42</sup> „Endurreisn Spánar þegar hafin,“ *Morgunblaðið*, 6. maí 1939, bls. 3, 7.

<sup>43</sup> Fréttatilkynningar í *Morgunblaðinu* 23. Júní 1939, bls. 2, 23. júlí. 1939 bls. 2 og 29. júlí. 1939, bls. 5; *Vísir*, 24. júlí 1939, bls. 3 og 3. ágúst 1939, bls. 2 til dæmis.

<sup>44</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Afrit SÍF af skeyti frá Vilhjálmí Finsen, sendiráði Danmerkur í Osló til ríkisstjórnar Íslands, 27. júlí 1939.

<sup>45</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands*, bls. 172.

<sup>46</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/8 3. Bréf frá ráðuneyti til Helga P. Briem, 25. júlí 1940.

<sup>47</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands*, bls. 174.

Ekki er víst hvaða hlutverki sendifulltrúi á Spáni átti að þjóna, þ.e. hvort þar hafi einungis söluhagsmunir legið að baki eða hvort ráðamenn á Íslandi hafi einfaldlega viljað skipa sendiherra í ríki á meginlandi Evrópu sem ekki tók beinan þátt í átökum stjórnaldarinnar. Hins vegar er lítið fjallað um sölumál í samskiptum Helga við ráðamenn. Þess í stað skrifaði Helgi fréttir af Íslendingum sem voru innlyksa á meginlandinu auk þess að flytja Íslendingum dagblöð frá Íslandi sem gengu síðan manna á milli. Einnig sendi Helgi fréttir af komum skipa frá Íslandi til Portúgal.<sup>48</sup> Sendiförin reyndist að lokum árangurslaus, þar sem Portúgalar treystu sér ekki heldur í ljósi aðstæðna að leyfa Íslendingum að stofna til embættis sendifulltrúa.<sup>49</sup> Á stríðsárunum lá sala til Spánar svo gott sem niðri. Árið 1940 nam útflutningur til Spánar 4,5% af heildarútflutningi, en öll hin stríðsárin náði útflutningur þangað ekki einu prósentu af heildinni.<sup>50</sup> Auk markaðsbrests var siglingin til Spánar dýr og áhættusöm. Markaður var fyrir íslenskar vörur á Bretlandi og í Bandaríkjunum og Kanada og því var ekki þörf á að selja vörur til Spánar. Einstaka farmur af saltfiski var sendur í vöruskiptum, oftast í skiptum fyrir salt og ávexti sem voru þær spænsku vörur sem Íslendingar gátu helst notað.

Endalok seinni heimsstyrjaldar urðu ekki til þess að glæða Spánarviðskipti. Ekkert opinbert samband var á milli stjórnvalda á Spáni og hins nýstofnaða íslenska lýðveldis. Að auki setti Alþýðusamband Íslands afgreiðslubann á skip í Spánarsiglingum í mars 1946 að hvatningu Alþjóðasambands verkalýðsins. Kveikjan að banninu var sú ákvörðun spænskra stjórnvalda að taka af lífi tíu lýðveldissinnna skömmu áður. *Þjóðviljinn* greindi frá banninu og sagði að norskir verkamenn myndu einnig taka þátt.<sup>51</sup> Afgreiðslubannið varð strax umdeilt. *Vísir* gagnrýndi bannið í leiðurum og kenndi því um að saltskortur væri á landinu þannig að verðmæti lágu undir skemmdum auk þess sem framtíðarmarkaðir á Spáni gætu tapast.<sup>52</sup>

Ekki voru aðeins hægrimmenn á móti afgreiðslubanninu. Kommúnistar höfðu á þessum tíma fulla stjórn á ASÍ og því alls óvíst að allir verkamenn landsins hafi staðið á bak við bannið. Verkalýðsfélag Þórshafnar samþykkti t.d. með 40 atkvæðum gegn 1

<sup>48</sup> Þ.Í. Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/8 3. Ýmis bréf frá Helga P. Briem til utanríkismálaráðuneytis 5. nóvember 1940 til 30. maí 1941.

<sup>49</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands*, bls. 174.

<sup>50</sup> Yfirlit um utanríkisviðskipti við Spán. Gögn fengin með tölvupósti, 10. janúar 2017.

<sup>51</sup> „Alþýðusamband Íslands leggur afgreiðslubann á spænskar vörur,“ *Þjóðviljinn*, 29. mars, 1949, bls. 1.

<sup>52</sup> Leiðarar í *Vísi* 5. apríl og 9. ágúst 1946, bls. 4.

ályktun þar sem það mótmælti „... yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands um afgreiðslubann á spönskum vörum til Íslands“ og að hún „skaði aðeins íslensku þjóðina í heild, en hafi ekki nokkur áhrif á stjórnsmál annarra þjóða.“<sup>53</sup> *Alþýðublaðið* studdi ekki afgreiðslubannið og fjallaði lítið um það. Það fordæmdi þó ekki bannið, eflaust vegna stjórnarsamstarfs Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks, og Sósíalístaflokks í nýsköpunarstjórninni. Þegar upp úr samstarfinu slitnaði var þó tekinn upp harðari tónn í leiðurum og skoðanagreinum. Í nóvember birtist t.a.m. grein í *Alþýðublaðinu* þar sem bannið var gagnrýnt:

Afgreiðslubann stjórnarinnar á Spán er hámark yfirborðsmenskunnar; með því leiddi stjórnin íslenskan verkalýð til sætis meðal þeirra þjóða, sem óvarlegast fara í utanríkismálum, án þess að gæta þess, að í viðskiptum við Spán á íslenskur verkalýður mikilla hagsmuna að gæta. Þessu afgreiðslubanni hefur stjórnin nú aflétt, og er árangurinn ekki sá, að skipt hafi verið um stjórn á Spáni, eins og fyrir stjórninni vakti, heldur nokkrir örðugleikar fyrir landsmenn í verzlunarmálum ...<sup>54</sup>

Emil Jónsson, þingmaður Alþýðuflokksins og samgönguráðherra í nýsköpunarstjórninni, deildi jafnframt á bannið eftir að ljóst varð að stjórnin var fallin.<sup>55</sup> *Morgunblaðið* hæddist að banninu í apríl og birti mynd af norskum húsmæðrum sem affermdu skip frá Spáni þar sem hafnarverkamenn neituðu að gera það.<sup>56</sup> Að öðru leyti hélt blaðið aftur af sér eins og *Alþýðublaðið* á meðan nýsköpunarstjórnin hélt.

Harðasta gagnrýnin kom þó frá Framsóknarflokknum, enda var hann í stjórnarandstöðu og gat deilt á bæði Sósíalístaflokkinn og aðra stjórnarflokka fyrir að styðja bannið með þögninni. Hermann Jónasson, formaður flokksins, sagði t.d. í útvarpsræðu að vegna afgreiðslubannsins, sem fékk að standa í skjóli stjórnarinnar, væri saltskortur í landinu og hefði hann alvarlegar afleiðingar fyrir fiskvinnsluna. Auk þess væri ekki viturlegt hjá stjórnvöldum að útiloka mikilvægasta markað Íslands.<sup>57</sup> Þá stóð í skoðanadálki *Tímans* í apríl að Spánverjar hefðu verið fyrir stríð ein besta viðskiptaþjóð Íslendinga og margt benti til þess að viðskiptin gætu hafist aftur, en Sósíalístaflokkurinn kæmi í veg fyrir það. Eins og það var orðað:

<sup>53</sup> „Verkalýðsfélag mótmælir banninu,“ *Tíminn*, 25. apríl 1946, bls. 1.

<sup>54</sup> „Þannig hafa þeir stjórnað,“ *Alþýðublaðið*, 26. nóvember 1946, bls. 3, 7.

<sup>55</sup> Emil Jónsson, „Niðurfelling hvervendarsamningsins frá 1941 o.fl.,“ *Alþýðublaðið*, 10. október 1946, bls. 3.

<sup>56</sup> „Hirtu ekki um stjórnsmálin,“ *Morgunblaðið*, 12. apríl, 1946, bls. 1.

<sup>57</sup> „Útvarpsræða Hermanns Jónassonar,“ *Tíminn*, 28. apríl, 1946, bls. 2.

En þá skeður það kynlega, að einn stuðningsflokkur þeirrar stjórnar, sem þykist hafa markaðsöflun fyrir sjávarafurðir að höfuðtakmarki, leggur viðskiptabann á þetta land. Og ríkisstjórnin virðist leggja blessun sína yfir þennan verknað. Svo miklu fórna Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn vegna samstarfsins við kommúnista, að þeir vinna það til að ganga erinda Rússa, þótt af því geti hlotizt stórfellt tjón fyrir sjávarútveginn.<sup>58</sup>

Þessi orðræða var þó alveg óháð því sem var að gerast í solumálum til Spánar og einungis haldið uppi til þess að koma höggi á Sósíalístaflokkinn fyrir alþingiskosningarnar í júní 1946. Í raun benti ekkert til þess að sala til Spánar myndi aukast nokkuð umfram það sem var í seinni heimsstyrjöld. Banninu var aflétt um haustið án þess að hafa nein áhrif á sölu á íslenskum afurðum til Spánar. Engar heimildir hafa fundist sem benda til þess að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafi orðið af viðskiptum vegna bannsins. Engar vísbendingar eru heldur um að reynt hafi verið að endurvinnna markaði á Spáni þangað til banninu var aflétt. Afgreiðslubannið virðist heldur ekki hafa orðið kommúnistum til tekna. Það hlaut litla athygli og var umdeilt á meðal verkamanna. Kommúnistar höfðu ofmetið hversu sterkar tilfinningar spænska borgarastríðið og Franco vakti enn hjá almenningi.

## Afstaða Íslendinga til borgarastríðsins og Francos

Hægri- og vinstrimenn á Íslandi tóku gjörólíka afstöðu til fylkinga í spænska borgarastríðinu.<sup>59</sup> Samúð hægrimanna var með Franco og uppreisnarmönnum og birtist í *Morgunblaðinu* og *Vísi*. Vinstrimenn stóðu með spænska lýðveldinu og kom stuðningur þeirra fram í *Þjóðviljanum* og *Alþýðublaðinu*. Spánn og nýr leiðtogi landsins hurfu ekki af síðum blaðanna eftir að borgarastríðinu lauk. Öll blöðin birtu fréttir af eftirmála styrjaldarinnar þó að þær féllu fljótt í skuggann af seinni heimsstyrjöld.

Að framan var minnst á bjartsýni íslenskra athafnamanna á framtíð Spánar í lok borgarastríðsins. Þar myndi komast til valda sterkur leiðtogi sem væri fær um að losa Spánverja við afleita stjórn lýðveldisins og rífa landið upp úr fátækt. Þessi afstaða endurspegladist í íslensku hægriblöðunum næstu árin. Myndatexti og aðrar fréttir í *Morgunblaðinu* og *Vísi* bentu til þess að von væri á betri tíð á Spáni þegar Franco hefði

<sup>58</sup> „Af víðavangi,“ *Tíminn*, 17. apríl 1946, bls. 2.

<sup>59</sup> Stefán Svavarsson. „Spænska borgarastríðið í íslenskum samtímaheimildum“



sígrað styrjöldina og finna má dæmi um persónulega aðdáun á honum. Þegar borgarastríðinu lauk voru myndir af Franco og sigurhátíðum hans birtar reglulega vorið og sumarið 1939.<sup>60</sup> *Vísir* lýsti t.d. miklum hátíðarhöldum víða um Spán eftir að Franco hafði ávarpað þjóðina í útvarpi í lok borgarastríðsins og birti mynd af sigri hrósandi hermönnum hans.<sup>61</sup> Þá skrifaði *Vísir* iðulega að ítölsku og þýsku hermennirnir sem Mussolini og Hitler sendu til að berjast með sveitum Francos væru „sjálfboðaliðar.“<sup>62</sup>

Bæði *Morgunblaðið* og *Vísir* birtu myndir og fréttir sem áttu að sýna fram á að almenn ánægja og velmegun fylgdi valdatöku Francos. *Morgunblaðið* birti allt sumarið 1939 myndir sem sýndu hamingjusamt fólk og Franco sjálfan við ýmis hátíðleg tækifæri sem áttu að sýna fram á að lífið héldi sinn vanagang líkt og fyrir borgarastríðið.<sup>63</sup> *Vísir* tók í sama streng og í lýsingu á nautaati sem einræðisherrann sótti var það orðað svo:

Franco réttir upp hendina til þess að þakka manngúanum, sem hylti hann sem þjóðhetju. Af er það, sem áður var. Nú þreyta hann ekki lengur áhyggjur og hörmungar ófriðarins, en uppbyggingarstarfsemin er hafin ...<sup>64</sup>

Um flóttamenn sem leituðu skjóls undan átökunum í Frakklandi skrifaði blaðið: „Alt [svo] er nú sagt vera að færast í sama horf og áður var á Spáni. Flóttamennirnir halda áfram að fara heim og mun sú ganga léttari, en þegar þeir flýðu til Frakklands.“<sup>65</sup> Í maí birti *Morgunblaðið* langa frásögn Bertels Hults, blaðamanns sem var á vígstöðvunum stuttu áður en átökum lauk. Um átökin við Madríd segir hann:

Herdeildirnar voru nú tilbúnar að hefja árás á borgina, og berjast með byssustingjum, ef svo vildi verkast, var sagt. En tveim tímum síðar átti Francoliðið að úthluta miðdegisverði handa hinum soltnu borgarbúum. Krossmark eitt mikið var þarna í vörslum Franco-manna. Þeir höfðu haft það með sjer í marga mánuði, til þess að bera það í broddi fylkingar inn í

<sup>60</sup> „Franco kemur til Madríd í dag,“ *Morgunblaðið*, 12. maí 1939, bls. 3 og „Sigurgangan í Madríd,“ *Morgunblaðið*, 31. maí, 1939, bls. 2.

<sup>61</sup> „Hátíðahöld á Spáni,“ *Vísir*, 4. apríl, 1939, bls. 2 og „Hersveitir Francos við landamæri Frakklands,“ *Vísir*, 12. apríl 1939, bls. 2.

<sup>62</sup> Sjá til dæmis: „Franco heldur innreið sína í Madríd í dag,“ *Vísir*, 19. Maí 1939, bls. 2 og „Þýsku sjálfboðaliðarnir á Spáni,“ *Vísir*, 14. júní 1939, bls. 5.

<sup>63</sup> „Eins og áður en borgarastyrjöldin hófst,“ *Morgunblaðið*, 4. júní 1939, bls. 12. og „Spánn er nú smátt og smátt að fara í sitt gamla horf,“ *Morgunblaðið*, 16. júlí 1939, bls. 12.

<sup>64</sup> „Við nautaat,“ *Vísir*, 23. júní 1939, bls. 6.

<sup>65</sup> „Á heimleið,“ *Vísir*, 9. júní 1939, bls. 2.

Madridborg. Á hverjum degi var þar skreytt með nýjum blómum. Það var reist í hjarta borgarinnar, Plazo del Sol, undir eins og hermennirnir komust þangað. Sigurvegararnir hugsa ekki aðeins um munn og maga, heldur líka um hugsjón og sálarfrið. Hin þjakaða þjóð þarf víst líka á hvorutveggja að halda.<sup>66</sup>

*Vísir* birti einnig grein þar sem velt er vöngum yfir hvað mun gerast á Spáni næstu ár. Greinin endar á heillaóskum til Francos og sigur á hersveitum lýðveldisins er borinn saman við úrslit annarra orrusta á Spáni:

Franco reynir nú að gera það á Spáni, sem Garibaldi gerði á Ítalíu, að byggja upp sameinaða, einhuga þjóð. [...] Spánn hefir margsinnis orðið vígvöllur þar sem til átaka kom um mál Evrópu. Ef menn suður þar geta nú dregið andann léttara er það vegna þess, að úrslit urðu hin sömu og þá er Muhammedstrúarmenn voru sigraðir að lokum — úrslitin urðu sigur fyrir þá, sem berjast fyrir evrópeiska menningu — með öllum hennar göllum — sem enn þá er „fyrir sunnan og ofan“ menningu fyrri tíma og aðra nútímamenningu, sem við hana keppir.<sup>67</sup>

Fyrirgreind blöð reyndu því að halda uppi glansmynd af Spáni og Franco eftir valdatöku hans, ímynd sem átti sér enga stoð.

Eins og við er að búast var minna fjallað um Spán eftir að seinni heimsstyrjöld hófst og rataði landið aðallega í fréttirnar í tengslum við styrjöldina. Bæði *Morgunblaðið* og *Vísir* hættu að birta myndir af sigurreifum Franco og glöðum Spánverjum. Reglulega var sagt frá möguleikanum á að Spánn gengi í lið með möndulveldunum, aðstoðaði þau við árás á Gíbraltar og hugmyndum Francos um að eignast nýlendur. Sjaldan var sagt frá daglegu lífi á Spáni. Ekki var minnst á fangabúðir eða hefndaraðgerðir gegn andstæðingum, þó að nokkrum sinnum hafi verið sagðar fréttir af því að Franco hefði sleppt pólitískum fögnum úr haldi. Í einni frétt *Morgunblaðsins* var því jafnvel haldið fram að Franco hefði sleppt öllum pólitískum fögnum í tilefni af tveggja ára afmæli sigursins í borgarastríðinu.<sup>68</sup> Lítið var minnst á skortinn og hungursneyðina sem ríkti á stríðsárunum. *Morgunblaðið* veitti þó lesendum sínum innsýn í lífið á Spáni þegar rætt var við Íslendinga sem þar höfðu verið. Í desember 1940 var til dæmis tekið viðtal við Þórð Albertsson, umboðsmann SÍF sem hafði ferðast

<sup>66</sup> „Hinn óumbreytanlegi Spánn,“ *Morgunblaðið*, 7. maí 1939, bls. 9.

<sup>67</sup> „Spánn framtíðarinnar,“ *Vísir*, 26. apríl 1939, bls. 8.

<sup>68</sup> „Franco sýknar 35-40 þúsund pólitíska fanga,“ *Morgunblaðið*, 2. apríl 1941, bls. 2.

um Evrópu og komið við á Spáni skömmu áður. Hann lýsti erfiðri stöðu landsins, atvinnulífi í lamasessi þar sem framleiðslutæki væru ónýt og allar nauðsynjar ófánlegar eða skammtaðar. Matvæskorturinn væri verstur. Ef fiskfarmur kæmi til hafnar hyrfi hann strax. Hann orðaði það svo:

... öll þjóðin er hungruð að heita má. [...] Þegar fiskskipin komu að landi safnaðist múgur og margmenni niður á hafnarbakkann, til að reyna að ná í fisk í soðið, biðja að gefa sjer fiskbita. Sumar konurnar komu með suðuáhöldin með sjer. Ef þær fengju ekki fisk, þá báðu þær um eitthvað matarkyns, gilti einu hvað það var.<sup>69</sup>

Sjálfur hafi hann verið í Bilbao, en frétt að ástandið væri mun verra í Madríd og Barcelona. Aðspurður sagðist hann vera bjartsýnn á að fiskverslunin til Spánar myndi taka við sér. Bretar veittu Spánverjum lán til matarkaupa og ekki væri „... vandi að selja svöngum mat.“<sup>70</sup> Tæpum tveimur árum síðar kom flutningaskipið Arctic til baka frá Vigo úr örlagaríkri ferð eftir að hafa selt þangað hrogn. Lýsti skipstjórinn einnig miklum skorti á matvælum og eldsneyti í viðtali við *Morgunblaðið*. Spænsk fiskiskip kæmst ekki til veiða og farmur Arctic hefði borist seint og illa til lestunar.<sup>71</sup> Undir lok stríðsins og eftir að því lauk birtust fréttir þess efnis að Franco væri við það að fara frá völdum eða að honum yrði komið frá. Eins og áður sagði virtist staða Francos mjög veik utan frá séð. En þessar fréttir voru þó alltaf bornar til baka jafnóðum.

Spænska lýðveldið hlaut mestan stuðning hjá vinstrimönnum og hjá málögögnum þeirra á Íslandi. Athygli vekur að áhugi *Alþýðublaðsins* á Spáni slokknaði fljótlega eftir að borgarastríðinu lauk. Með örfáum undantekningum birti blaðið einungis erlend fréttaskeyti um möguleg afskipti Spánverja af seinni heimsstyrjöld, líkt og hægriblöðin gerðu líka, en þó töluvert færri. Einnig birti blaðið nokkrum sinnum fréttir af því að mögulega væri saltfiskmarkaðurinn á Spáni að glæðast á ný.<sup>72</sup> Talað var við Íslendinga sem farið höfðu til Spánar, m.a. Guðna Thorlacius, fyrsta stýrimann á Arctic. Var hann eini nafngreindi Spánarfarinn sem lýsti aðstæðum almennings á stríðsárunum í *Alþýðublaðinu*, en nokkur dæmi voru um að nafnlausar lýsingar Íslendinga birtust, sem ómögulegt er að sannreyna. Líkt og skipstjóri Arctic sagði

<sup>69</sup> „Stríðshugur Ítala var aldrei mikill,“ *Morgunblaðið*, 26. apríl 1940, bls. 2, 7.

<sup>70</sup> Sama heimild.

<sup>71</sup> „Íslensk hrogn eru góð beita fyrir spanskar sardínur,“ *Morgunblaðið*, 28. febrúar 1942, bls. 3, 6.

<sup>72</sup> „Fara togaramir á saltfisk?“ *Alþýðublaðið*, 3. febrúar 1941, bls. 1 og „Við getum selt miklu meira af fiski en áður til Kuba,“ *Alþýðublaðið*, 23. júlí 1941, bls. 1.

Guðni að skortur væri á öllu á Spáni, í raun hungur og alls staðar væri fólk að betla mat. Hann bætti við:

Almenningur kennir Franco aðallega um, og yfirleitt virðist andúðin gegn fasistastjórninni vera mjög útbreidd. En þar er varlegra fyrir fólk, að tala ekki mikið um það. Alls staðar eru njósnarar á sveimi.<sup>73</sup>

Í *Alþýðublaðinu* birtust einungis tvisvar þýddar greinar úr erlendum blöðum sem mætti kalla fréttaskýringar sem áttu að lýsa ástandinu á Spáni, auk einnar greinar í lok árs 1945. Þar var því lýst hvernig meirihluti Spánverja bjó við þröngan kost, yfirfullum fangelsum, en þeir efnameiri gætu veitt sér það sem hugurinn girntist.<sup>74</sup> Að því leyti voru lýsingar blaðsins raunsærri en þær sem birtust í hægriblöðunum á sama tíma. Afstaða blaðsins var því sú sama og í borgarastríðinu, en ákveðið afstöðuleysi einkenndi fréttaflutninginn og aldrei var minnst á Spán eða leiðtoga landsins í skoðanagreinum eða leiðurum. Aðeins *Tíminn* fjallaði minna um Spán af flokksblöðunum. *Tíminn* birti afar fáar fréttir frá Spáni, en harmaði stundum að ekki var lengur hægt að sækja á Spánarmarkað.

Það sama má ekki segja um málgagn sósíalista, *Þjóðviljann*. Blaðið hafði fylgst með gangi borgarastríðsins með ástríðufullum áhuga frá upphafi og studdi lýðveldið til endaloka. Áhugi blaðsins á málefnum Spánar dofnaði ekki þegar borgarastyrjöldinni lauk. Allt sumarið 1939 fengu lesendur blaðsins fréttir af örlögum spænskra flóttamanna sem voru fastir í búðum í Frakklandi og töldu ekki óhætt að snúa til baka. Málefnum Spánar var einnig fylgt vel eftir þegar seinni heimsstyrjöld hófst. Allan veturinn 1939–1940 voru fréttir frá Spáni nánast daglega í blaðinu og var ýmist sagt frá afdrifum spænskra flóttamanna eða voðaverkum Francos. *Þjóðviljinn* birti einnig fjölda nafnlausra lýsinga frá sjónvarvottum, erlendum og íslenskum, sem gátu lýst ástandinu á Spáni. Nefna má t.d. grein þegar fjögur ár voru liðin frá því að uppreisn Francos hófst, en þar segir:

Hungríð er orðið landlægt á Spáni. [...] Matarskorturinn kemur að sjálfsgöðu harðast niður á alþýðunni. Fátæklingarnir reyna að treina fram lífið á lentilbrauði. Meir að segja í sveitabörpum Gömlu Kastilíu, kornforðabúri Spánar, ríkir hungursneyð, svo að bændafólkið verður að lifa á akörnum og

<sup>73</sup> „Spánverjar lifa við hungur á okkar mælikvarða,“ *Alþýðublaðið*, 6. mars 1942, bls. 6.

<sup>74</sup> „Örbirgð og auður í Madrid,“ *Alþýðublaðið*, 20. júlí 1943, bls. 5–6.

grasi. Franco-stjórnin hefur rúið fólk inn að skinninu með óbeinum sköttum. Beinir skattar hafa ekki verið hækkaðir, en allir óbeinir skattar hafa verið hækkaðir gífurlega og kemur það vitanlega þyngst niður á alþýðu manna. Komið hefur verið á sérstökum „viðreisnarskatti“ á allar belztu nauðsynjavörur [...]

Öll félagsmálalöggjöfin hefur verið afnumin, ekki einungis lög þau, er sett voru á tímabili lýðveldisstjórnarinnar 1936–39, heldur einnig sá lítilfjórlegi vísir að félagsmálalöggjöf, sem til var undir konungsstjórninni. Jafnframt hafa öll verkamannasamtök verið bönnuð, verklyðsflokkar, verkalyðsfélög, samvinnufélög, ípróttafélög o. s. frv.<sup>75</sup>

Einnig voru birt viðtöl við nafngreint fólk sem hafði farið til Spánar og gat lýst ástandinu þar. Í einu slíku viðtali frá nóvember 1940 kemst Ingibjörg Briem, eiginkona íslensks kaupmanns, svo að orði:

Ástandið á Spáni er hræðilegt, einkum matvæskorturinn, sagði hún. Meira að segja á beztu gistihúsunum í Madrid var maturinn svo lélegur að hann skorti næringargildi, og óbreytt máltíð á hinum venjulegu gististöðum kostaði 3–4 dollara. Ég veit ekki hvernig fátæklingamir á Spáni fara að því að lifa, en þeir líta út eins og hálfdauðir úr sulti.<sup>76</sup>

Mikið var fjallað um stuðning Francos við möndulveldin á stríðsárunum og að Franco væri að undirbúa Spán fyrir stríð með aukinni fjárfestingu í hergagnaiðnaðinum. Franco ætlaði sér auk þess að ráðast á Gíbraltar og eignast fleiri nýlendur.<sup>77</sup> Sagt var að á Spáni moraði allt af þýskum hermönnum og að matvæli auk ýmissa hráefna væru send til Þýskalands til leggja þeim lið í styrjöldinni á meðan spænskur almenningur svalt.

Þegar endalok stríðsins urðu ljós fóru að birtast í blaðinu vangaveltur um hvað myndi taka við þegar Franco væri farinn frá völdum.<sup>78</sup> Allan seinni hluta árs 1944 og í upphafi árs 1945 birtust frásagnir af skæruliðum á Spáni sem hefðu frelsað ýmsa bæi undan hersveitum Francos og að útlægir andstæðingar hans legðu á ráðin um að ræna völdunum.<sup>79</sup> Það virtist aðeins spurning um tíma hvenær lýðveldi yrði stofnað á Spáni

<sup>75</sup> „Franco-stjórnin hefur fært spönsku þjóðinni hungur og þrældóm,“ *Þjóðviljinn*, 21 júlí 1940, bls. 3

<sup>76</sup> „Matvæskortur og eymd á Spáni,“ *Þjóðviljinn*, 14. nóvember 1940, bls. 3.

<sup>77</sup> „Franco-stjórnin undirbýr af kappi þáttöku í styrjöldinni gegn Bretum,“ *Þjóðviljinn*, 26. október 1940, bls. 2, 4.

<sup>78</sup> „Frelsisblær berst yfir Pyreneafjöll,“ *Þjóðviljinn*, 28. desember 1944, bls. 4–5.

<sup>79</sup> „Franco er lýðræðissinni,“ *Þjóðviljinn*, nóvember 1944, bls. 1 og „Skæruliðar frelsa spánska bæi,“ *Þjóðviljinn*, 16. nóvember 1944, bls. 1.

á ný. *Þjóðviljinn* hafði frá árinu 1943 sakað Bandaríkjamenn, en þó sérstaklega Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, um að styðja Franco í seinni heimsstyrjöld.<sup>80</sup> Þegar Franco stóð svo enn við völd í lok styrjaldar voru hæg heimatökin þegar finna átti helstu blóraböggla.

Eftir seinni heimsstyrjöld voru íslensku dagblöðin í sömu skotgröfum og áður þegar kom að afstöðunni til Francos og Spánar. Eftir borgarastríð var þó sjaldan fjallað um Spán eða Franco í leiðurum eða skoðanapistlum – og aldrei eftir að seinni heimsstyrjöld braust út nema í *Þjóðviljanum*. Stuðningur *Morgunblaðsins* og *Vísis* kólnaði að því leyti að blöðin létu af aðdáun sinni á Franco, en aldrei var skrifað styggðaryrði um hann eða stjórnarfríð á Spáni, jafnvel eftir að seinni heimsstyrjöld lauk. Franco lenti því ekki í flokki með einræðisherrum eins og Hitler og Mussolini. Einnig var lítið gert úr erfiðleikum almennings eftir borgarastríðið, en fremur minnst á endurreisnarstarf þegar Spánn var til umfjöllunar. *Alþýðublaðið* fór að taka Franco sem gefnum hlut. Þau fáu skipti sem Spánn og stjórnin þar var til umfjöllunar var blaðið vissulega gagnrýnið á hana, en hún skipti sífellt minna máli. *Þjóðviljinn* hélt Spánarmálum mest á lofti og var umfjöllun um íbúa og stjórn alveg jafn tilfinningaþrungin og í borgarastríðinu. Blaðið dró aldrei úr hatri sínu á Franco og stuðningsmönnum hans og gerði sér miklar væntingar um að honum yrði bolað frá völdum eftir seinni heimsstyrjöld. Vonbrigðin urðu því þeim mun meiri þegar það rættist ekki. Þessi afstaða flokksblaðanna endurspegladist svo í orðum og gjörðum íslenskra ráðamanna næstu ár.

---

<sup>80</sup> „Baráttan milli frelsisafla og afturhalds,“ *Þjóðviljinn*, 13. maí 1943, bls. 4 og „Eiga brezkir byssustingir að vernda fasistana í Evrópu?“ *Þjóðviljinn*, 9. desember 1944, bls. 4.

### 3. Sérstakt samband Íslands og Spánar

#### Misvísandi skilaboð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum

Í lok seinni heimsstyrjaldar áttu Franco og stjórn hans á hættu að vera bolað frá völdum. Helstu bandamenn Francos í Evrópu voru fallnir. Alla styrjöldina hafði Franco alið á andúð á Bandamönnum og áhrif Þjóðverja á stríðsárunum voru meiri en formlegt hlutleysi gaf til kynna. Spánn hafði í raun verið eins og þýsk nýlenda á stríðsárunum.<sup>81</sup> Eftir því sem endalok styrjaldarinnar nálguðust reyndi Franco því að breyta ímynd sinni. Aftökum á stjórnarandstæðingum fækkaði sem og handtökum, bæði vegna þess að Franco óttaðist að Bandamenn fengju annars átyllu til að koma honum frá völdum, en líka vegna þess kúgunin hafði náð takmarki sínu. Andóf hafði verið kveðið niður og að beita íbúana frekari hörku hefði þveröfug áhrif.<sup>82</sup> Þetta leiddi þó ekki til neins frjálsræðis. Spánn var orðinn að lögregluríki með þéttriðnu neti lögreglu, njósnara og samverkamanna. Öllu var stjórnað af hernum sem ásamt lögreglu tók til sín 45% af útgjöldum ríkisins árið 1945. Auk þess var nær ómögulegt að fá vinnu eða ferðaleyfi nema að unnt væri að sanna að viðkomandi væri treystandi til fylgis við einræðisherrann.<sup>83</sup> Þótt öll spjót stæðu á Franco erlendis heyrðist lítið í andstæðingum hans á Spáni. Þeir sem enn voru á lífi létu lítið fyrir sér fara og er það til vitnis um hversu vel hreinsanir Francos tókust.

Ásjónu stjórnarinnar var hins vegar breytt út á við í snarhasti í von um að sigurvegarar seinni heimsstyrjaldar kæmu henni ekki frá völdum. Falangistarnir voru reknir úr ríkisstjórn og meiri áhersla var lögð á kapólsk gildi. Hamrað var á að Franco hefði fyrst og fremst verið andkommúnisti og aðeins barist með Þjóðverjum gegn sameiginlegum óvini þeirra, Sovétríkjunum, líkt og Finnland hafði gert. Samt var staðreyndin sú að eftir seinni heimsstyrjöld var erfitt að verja spænsku stjórnina. Hún hélt enn fjölda manna í haldi vegna stjórnámálaskoðana og fjöldi andstæðinga hennar hafði verið myrtur. Franco hafði komist til valda með stuðningi Hitlers og Mussolinis auk þess sem meirihluti Spánverja studdi ekki stjórnina og hafði engin tök á að hafa áhrif á hana. Spænska stjórnin var einnig afar óvinsæl erlendis. Almennigur í helstu stórveldum heims fyrirleit hana og margir kröfðust þess að henni yrði komið frá

<sup>81</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 7734.

<sup>82</sup> Jean Grugel og Tim Rees, *Franco's Spain*, bls. 26–27.

<sup>83</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 12445–12457.

völdum.<sup>84</sup> Heimsstyrjöldin hafði átt að losa heiminn undan kúgun og fasisma og Franco virtist vera einhvers konar arfleifð frá styrjaldarárunum, laus endi sem þurfti að hnýta.

Stórveldin höfðu öll fjandsamlega afstöðu gagnvart stjórn Spánar. Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti hafði hafnað því algjörlega að taka upp hefðbundin stjórnmalasamskipti við Spán í lok stríðsins. Spænsk yfirvöld ættu ekki að geta strokað út ferilskrá sína í einu veffangi og hann sæi ekki að ríki sem byggð væru á hugmyndum fasisma ættu neitt hlutverk í samfélagi þjóðanna. Afstaða Harry S. Trumans var álíka fjandsamleg eftir að hann tók við völdum eftir fráfall Roosevelt. Hvorugur vildi þó gera neitt til að steypa Franco af stóli þar sem þeir töldu það vera innanríkismál Spánar.<sup>85</sup> Afstaða breskra stjórnvalda var vinsamlegri. Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, var t.a.m. jákvæður fyrir því að eiga góð samskipti við Spán vegna andstöðu Francos við kommúnisma og þar sem Spánverjar höfðu látið Breta óáreiða á Gíbraltar öll stríðsárin.<sup>86</sup> Afstaða stjórnvalda breyttist ekki eftir að Verkamannaflokkurinn tók við stjórnartaumunum undir forystu Clement Attlee í júlí 1945 þar sem bresku flokkarnir höfðu áður komið sér saman um halda óbreyttri stefnu gagnvart Spáni. Þannig hafnaði Attlee tillögu Sovétmanna um að slíta öllum samskiptum við Spán á fundi stórveldanna í Potsdam 1945. Almenningsálitið á Bretlandi var aftur á móti mjög andsnúið stjórn Spánar og þingmenn Verkamannaflokksins herskár.<sup>87</sup> Á meðan svo var gat breska stjórnin ekki tekið upp eðlileg samskipti við Spán.

Þau stórveldi sem vildu ganga lengra voru Frakkland og Sovétríkin. Sovétríkin og raunar austurblokkinn öll vildi slíta öll tengsl við stjórn Francos. Afstaða Frakka var sú sama og lokuðu þeir jafnvel landamærum Frakklands og Spánar um tíma. Skömmu eftir stríðslok sendu Frakkar tillögu til stjórnar Bretlands og Bandaríkjanna um að skera á samskiptin við Spán. Bretar höfnuðu henni. Bandaríkjamenn tóku tillöguna til skoðunar, en þeir höfðu ekki mikilla hagsmuna að gæta á Spáni. Þeir vildu gjarnan koma til móts við almenningsálitið heima fyrir og sýna út á við að vestræn ríkin stæðu saman. Bretar náðu þó að sannfæra Bandaríkjamenn um að stjórnarskipti á Spáni hentuðu ekki hagsmunum þeirra á þessari stundu og því varð ekkert úr tillögu Frakka.<sup>88</sup> Bretar og Bandaríkjamenn óttuðust það helst að færi Franco frá leiddi það til upplausnar á ný og í versta falli gætu Sovétmenn komið spænskum kommúnistum

<sup>84</sup> Florentino Portero, „Spain, Britain and the Cold War,“ bls. 211.

<sup>85</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 11914.

<sup>86</sup> Denis Smyth, „Franco and the Allies in the Second World War,“ bls. 191.

<sup>87</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 12250.

<sup>88</sup> Portero, „Spain, Britain and the Cold War,“ bls. 218.



til valda í landinu. Þeir höfðu því ekkert á móti því að Franco yrði áfram við völd, en áttuðu sig á því þeir yrðu að gera eitthvað til að koma til móts við hatur almennings á Franco og stjórn hans.

Spánarmálið var að lokum tekið fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslu sem undirnefnd samtakanna sem rannsakaði aðild Spánar að seinni heimsstyrjöld gaf út var það staðfest sem allir vissu: Stuðningur Spánar við Möndulveldin hefði verið víðtækur, en einnig var skýrt frá döpru ástandi innanríkismála. Nefndin mælti þó ekki með að gripið yrði til aðgerða til að steypa Franco af stóli því að umheiminum stafaði ekki hættu af Spáni. Þó var lagt til að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti að öll aðildarríki slitu stjórn málasambandi við Spán.<sup>89</sup> Þannig varð ljóst að Spánn fengi ekki aðild að samtökunum. Í febrúar 1946 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun þar sem ítrekað var að Spánn gæti ekki fengið aðild nema breytingar yrðu gerðar á stjórn landsins.<sup>90</sup>

## Afstaða Íslands til Spánarmálsins

Ísland greiddi ekki atkvæði á fundi allsherjarþingsins í febrúar 1946 þar sem Ísland fékk ekki aðild að Sameinuðu þjóðunum fyrr en í nóvember sama ár. Í desember var Spánarmálið aftur á dagskrá og lögðu nokkur ríki Austur-Evrópu fram ályktanir um það fyrir fundinn. Samkvæmt tillögnum yrði stjórn málasambandi við Spán slitið, viðskiptabann yrði sett á landið og aðildarríki Sp myndu kalla sendiherra sína heim þaðan. Thor Thors, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, sem var fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sp, gerði grein fyrir afstöðu Íslands til viðskiptabannsins í ræðu sem hann hélt í stjórn málanefnd samtakanna viku fyrir sjálfa atkvæðagreiðsluna. Hann kvað ólíklegt að samstaða næðist um bannið og því yrði það virt að vettugi hvort sem það yrði samþykkt í atkvæðagreiðslu eða ekki. Ísland myndi því greiða atkvæði gegn tillögunni um viðskiptabannið.<sup>91</sup> Á Íslandi vakti ræða Thors lítinn fögnuð á meðal sósíalista. Sósíalistaflokkurinn sat þá enn ásamt Alþýðuflokki og Sjálfstæðisflokki í nýsköpunarstjórninni, þótt slitnað hefði upp úr stjórnarsamstarfinu. Afstaða sósíalista til Francos var öllum kunn og því leit það illa út ef stjórnin gaf eftir fyrir einræðisherranum, jafnvel þótt Ólafur Thors, forsætisráherra og formaður

<sup>89</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 12659.

<sup>90</sup> Ályktun aðalfundar 32(I), *Relations of Members of The United Nations with Spain*.

<sup>91</sup> „Afstaða Íslands til Francos,“ *Morgunblaðið*, 5. desember 1946, bls. 1, 12.

Sjálfstæðisflokksins, færi með utanríkismál í stjórninni. *Þjóðviljinn* gerði harða árás á Ólaf og Thor Thors, sem birt var á forsíðu blaðsins:

Afstaða Íslands í utanríkismálum virðist vera orðin algert einkamál Thorsaranna og annarra Bandaríkjaþjóna, sem þeim eru hlýðnastir. [...] Ráðherrar Sócialistaflokksins hafa krafizt þess margsinis af utanríkisráðherra að fá upplýsingar um störf [íslensku sendi-] nefndarinnar og ákvörðunarrétt um þá afstöðu, er hún tekur, en þeim verið beinlínis neitað um það. Ennfremur hefur utanríkisráðherra neitað að gefa utanríkismálanefnd nokkrar upplýsingar og ekkert sagt vita. Önnur eins framkoma í utanríkismálum þjóðarinnar er óréttlæt看leg og óverjandi. Það er ópolandi, að Thorsarafjölskyldan [...] fái að traðka eftir vild á heiðri Íslands og gefa yfirlýsingar á þingum erlendis, sem eru í beinni andstöðu við vilja og hagsmuni íslensku þjóðarinnar.<sup>92</sup>

Í leiðara sama hélt gagnrýnin áfram: „Þetta er ekki afstaða íslensku þjóðarinnar í Spánarmálunum. Og það er ekki afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar, né afstaða Alþingis.“<sup>93</sup> Árásir *Þjóðviljans* urðu til þess að Ólafur bað bróður sinn um að tjá sig ekki meira um afstöðu Íslands í Spánarmálinu heldur bíða átekta og vona að sættir næðust á fundi allsherjarþings Sp.<sup>94</sup>

Spánarmálið vakti upp sterkar tilfinningar hjá sócialistum og beitti *Þjóðviljinn* sér með hatrömmum hætti gegn Franco og þeim ríkjum sem ekki tóku sömu afstöðu og austurblokkinn. Ólafur Thors og Sjálfstæðisflokkurinn höfðu ekki eins ákveðnar skoðanir á málinu, en þótt stjórnarsamstarfinu væri lokið vildi Ólafur reyna að gera sem minnst úr því. Þegar kom að atkvæðagreiðslunni á fundi allsherþingsins 12. desember 1946 var tillagan um viðskiptabann og slit á stjórn málsambandi við Spán felld og greiddu Vesturveldin atkvæði gegn báðum tillögum. Sendinefnd Ísland greiddi atkvæði gegn viðskiptabanninu eins og Thor hafði áður sagt að hún myndi gera, en sat hjá þegar kom að því að slíta stjórn málasambandi. Þriðja tillagan um að aðildarríki kölluðu sendiherra heim frá Spáni auk þess sem Spáni var meinuð innganga í samtökin og undirstofnanir þeirra var samþykkt með yfirgnæfandi meirhluta. Öll stórveldin greiddu atkvæði með tillögunni sem og Ísland og önnur Norðurlönd. Aðeins nokkur ríki Mið- og Suður-Ameríku studdu Spán.

<sup>92</sup> „Eru utanríkismál orðin einkamál Thorsaranna,“ *Þjóðviljinn*, 7. desember 1946, bls. 1.

<sup>93</sup> „Afstaða Bandaríkjaþjónanna er ekki afstaða Íslands,“ *Þjóðviljinn*, 7. desember 1946, bls. 4.

<sup>94</sup> *ÞÍ*. Utanríkisráðuneyti Íslands 1998. B/146 3. Skeyti utanríkisráðherra til Thors Thors, 9. desember 1949.

Atkvæðagreiðslan varð ekki til að sefa reiði Íslenskra sósíalista og taldi *Þjóðviljinn* að afstaða Íslensku sendinefndarinnar væri hneykslanleg. Hún hefði hindrað aðgerðir gegn Franco með því að kjósa gegn viðskiptabanni og sitja hjá þegar tillagan um slit á stjórnmálasambandi kom til atkvæðagreiðslu.<sup>95</sup> Thor réttlætti afstöðu sendinefndarinnar með því að segja að ekkert stórveldi hafi treyst sér til að standa við viðskiptabannið og gagnslaust hefði verið að greiða atkvæði með því slíta stjórnmálasambandi. Ekkert stjórnmálasamband væri til staðar og því ekkert til þess að slíta.<sup>96</sup> Ef það voru rökin fyrir að sitja hjá hefði Ísland einnig átt að sitja hjá þegar greidd voru atkvæði um að kalla sendiherra heim frá Spáni því að Ísland var ekki með neinn sendiherra þar. Vesturveldin greiddu atkvæði gegn tillögunni um stjórn málaslit þannig að ekki var Ísland að fylgja bandalagsþjóðum. Ef tilgangurinn var að sýna Sósíalistaflokknum heima á Íslandi að tekið var tillit til sjónarmiða hans var það viðleitni sem engu skilaði.

Þegar niðurstaða atkvæðagreiðslunnar lá fyrir braust út mikil reiði á meðal spænsks almennings. Ríkisstjórnin stóð vissulega á bak við fjölmenn mótmæli í höfuðborginni, en viðbrögðin voru þrátt fyrir það ekki tilgerðin ein. Bæði stuðningsmönnum og andstæðingum Francos fannst umheimurinn hafa beitt þá órétti.<sup>97</sup> Ályktunin gæti jafnvel hafa styrkt Franco í sessi. Fólk í efri lögum samfélagsins, foringjar innan hersins og aðrir sem hefðu getað hugsað sér breytingar á stjórnaritari en sátu á hliðarlínunni, fylktu sér nú á bak við Franco. Óttinn við upplausn, annað borgarastríð og afskipti Sovétríkjanna af löndum Austur-Evrópu jók einnig vinsældir einræðisherrans bæði heima og erlendis.<sup>98</sup> Stórveldin, sem höfðu getað fellt Franco hefðu þau kært sig um, leyfðu honum því að vera þar sem enginn raunhæfur valkostur var sjáanlegur. Allir voru sammála um að umheiminum stafaði ekki hætta af Franco og stjórn hans. Því hefði ályktun sem felldi spænsku stjórnina getað sett fordæmi sem mörg ríki vildu ekki fylgja eftir hvorki nú né síðar.

Francó og spænsku stjórninni fannst meðferð umheimsins á þeim afar auðmýkjandi. Verið var að búa til nýja heimsmynd með alþjóðastofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum og ríki Vestur-Evrópu fyrir utan Spán, áttu kost á Marshall-

<sup>95</sup> „Hneykslanleg afstaða íslensku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna gagnvart Franco Spáni,“ *Þjóðviljinn*, 14. desember 1946, bls. 1.

<sup>96</sup> „Afstaða fulltrúa Íslands í atkvæðagreiðslum á þingi S.P.,“ *Morgunblaðið*, 14. desember 1946, bls. 16.

<sup>97</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 380.

<sup>98</sup> Portero, „Spain, Britain and the Cold War,“ bls. 218–219.

aðstoð á árunum eftir stríð. Næstu árin voru öll tækifæri nýtt til að reyna sýna fram á að Spánn væri ekki eins einangrað land og af var látið. Ef biskup, kardínáli, prins eða sjeik frá einhverjum fjarlægum heimshluta átti af tilviljun leið til Spánar var það blásið upp í spænskum fjölmiðlum.<sup>99</sup> Franco gat þó ekkert annað gert en beðið á meðan hann var hafður útundan í samfélagi þjóðanna. Árið 1946 markaði hámark útskúfunar landsins. Eftir það varð þróun alþjóðastjórn mála honum í hag. Kommúnistar tóku völdin í Tékkóslóvakíu í febrúar 1948 og Sovétríkin einangruðu Berlín sama ár. Fyrr en nokkurn grunaði var Franco orðinn að álitlegum bandamanni í baráttunni við kommúnisma.

### Útgerðin knýr fram breytingar á utanríkisstefnu Íslands

Atkvæðagreiðslan um Spánarmálið var eitt fyrsta verkefnið sem utanríkisþjónusta Íslands þurfti að takast á við á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og engin reynsla komin á opinber samskipti við Spán. Það átti ekki við um viðskipti þjóðanna þar sem löng hefð var fyrir þeim. Nær engin viðskipti höfðu verið við Spán hátt í áratug frá árinu 1936 til 1946, en íslenskum útgerðarfyrirtækjum var í mun að koma þeim á aftur. Málið fór einnig að verða aðkallandi fyrir íslensk stjórnvöld eftir því sem lengra leið frá síðari heimsstyrjöld. Bretar höfðu sagt upp hagstæðum sölusamningum við Ísland í lok stríðsins og gjaldeyrisforði sem Ísland hafði safnað á stríðsárunum tæmdist fljótt.

Afgreiðslubannið sem ASÍ setti á skip í Spánarsiglingum lokaði á alla sölu til Spánar fyrstu árin eftir stríð. Íslenskir útgerðarmenn sátu þó ekki auðum höndum. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna skoraði t.d. á íslensk stjórnvöld að taka upp stjórn málasamband við Spán á aðalfundi í júní 1947 og var samþykktin birt í flestum blöðum landsins. *Vísir* tók málið til umfjöllunar í leiðara:

Munu og allir sjá, að ef ekki tekst að selja þeim þjóðum alla framleiðslu okkar, sem þegar hefir verið leitað til, hljótum við að verða að leita víðar og jafnvel á þeim stöðum, sem ekki hefir mátt minnast á hingað til — m. a. Spánar. Það land hefir haft þá sérstöðu, síðan stríðinu lauk, að sigurvegararnir rjúka við og við upp til handa og fóta til þess að fordæma stjórnarfar þar, en gera þó ekki neitt, sem hefir úrslitapýðingu í þá átt að steypa einræðisstjórninni.<sup>100</sup>

<sup>99</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 12825.

<sup>100</sup> „Markaðsleitir,“ *Vísir*, 20. júní 1947, bls. 4.

Jónas Jónsson frá Hriflu lagði einnig fram þingsályktunartillögu í febrúar 1949 þar sem hvatt var til að tekið yrði upp stjórn málasamband við Spán þegar í stað:

Sú tregða, sem verið hefir um stund á viðskiptum Íslendinga við Spánverja, stafar af ótilhlýðilegri undanlátssemi við kommúnista heima fyrir og af athugunarleysi um gang heimsmálanna. Franco heldur áfram að stjórna Spáni, hvað sem liður mótgangi íslenzkra kommúnista. [...] En til þess að léttu fyrir viðskiptum milli landanna að nýju þurfa stjórnarvöldin að ganga hreint til verks ...<sup>101</sup>

Að auki taldi Jónas að markaður fyrir frystan fisk væri að dragast saman og því enn meiri ástæða til að auka saltfiskframleiðslu og finna markað fyrir hana. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum og án umræðu að vísa tillögunni til allsherjarnefndar, en aldrei kom til afgreiðslu hennar úr nefnd.<sup>102</sup> Þegar Jónas lagði fram þingsályktunartillöguna hafði stjórn málasamband við Spán verið til umræðu í utanríkisráðuneytinu í tæpt ár og fimm mánuðum áður hafði spænskum stjórnvöldum verið tilkynnt að Ísland óskaði eftir stjórn málasambandi. Þótt tími Jónasar sem stjórn málamanns í innsta hring væri vissulega liðinn, er þingsályktunartillagan því fyrst og fremst til marks um hve hljótt þessi samskipti fóru þar sem ekkert var minnst á þau á þingi.

Árið 1947 var Sósíalístaflokkurinn kominn úr stjórn og við tekin „Stefanía“ eða stjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks undir stjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Bjarni Benediktsson fór með utanríkismál fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Útgerðarmenn töldu nú að betri líkur væru á að hreyfa við Spánarmálinu. Um sumarið fór Helgi Þórarinsson framkvæmdastjóri SÍF í ferð til Grikklands, Ítalíu, Portúgals og Spánar til að athuga með söluhorfur fyrir saltfisk. Í skýrslu sem hann lagði fyrir stjórn Sölusambandsins við heimkomuna taldi hann að endurheimta mætti spænska saltfiskmarkaðinn. Spánverjar voru sjálfir farnir að verka saltfisk, en Helgi taldi gæði hans afar slök. Mikil eftirspurn væri því eftir íslenskum saltfiski og margir Spánverjar hugsuðu með söknuði til íslenska saltfisksins vegna gæða hans. Allur fiskur frá Íslandi myndi líklega seljast hratt og á góðu verði. Hann hafði eftir spænskum saltfiskkaupendum að þeir gætu selt nær ótakmarkað magn af

<sup>101</sup> Verzlunarskipti við Spán, 149. mál, þingsályktunartillaga, 396. löggjafarþingi 1948–1949.

<sup>102</sup> *Alþingistíðindi* 1949 B, Verzlunarskipti við Spán, 652-653.

íslenskum saltfiski og greitt fyrir hann hátt verð.<sup>103</sup> Vandamálið var hins vegar að spænskir innflytjendur fengu ekki gjaldeyri til að kaupa fisk og því væri vöruskiptasamningur það eina sem kæmi til greina. Gjaldeyrisskortur hrjáði alla Evrópu á árunum eftir stríð, og var Spánn þar engin undantekning. Samkvæmt efnahagsstefnu Francos um að landið yrði sjálfu sér nægt í sem flestu fékkst ekki gjaldeyri til innflutnings á matvælum. Allur gjaldeyri sem Spánn aflaði skyldi notaður til að byggja upp iðnað og Spánverjar voru jafnvel farnir að verka eigin saltfisk eins og fram kom í skýrslu Helga. Vöruskiptasamningur, sem Helgi taldi einu mögulegu niðurstöðuna, var óhagstætt fyrirkomulag því að Ísland gæti aldrei flutt inn nógu mikið af spænskum vörum til að vega á móti öllum þeim saltfiski sem unnt væri að selja til Spánar.

Helgi skrifaði einnig um vandræði Norðmanna í viðskiptum sínum við Spán. Norðmenn hefðu viljað selja töluvert af fiski til Spánar, en spænska stjórnin harðneitað því nema send yrði stjórnskipuð, opinber nefnd til Spánar til að semja um viðskiptin. Hann orðaði það svo: „Norðmenn hefðu í fyrstu reynt að komast hjá þessu, en þegar ekki varð um þokað sendu þeir nefndina, sem svo samdi við spönsku stjórnina um viðskipti milli landanna og hafa Norðmenn nú sendiráð með verzlunardeild í Madrid, sem fjallar um þessi mál, þó ekki hafi þeir sendiherra þar og er sendiráð undir stjórn Charge d’Affairs.“<sup>104</sup>

Spænska stjórnin beitti sem fyrr viðskiptum til að ná markmiðum sínum í utanríkismálum. *Morgunblaðið* hafði fjallað um þessi vandamál Norðmanna nokkru áður. Blaðið lagði áherslu á að stjórn Verkamannaflokksins í Noregi og Stórþingið væru töluvert afdráttarlausari í afstöðu sinni gegn stjórn Franco en íslensk stjórnvöld. Þingið hafði samþykkt ályktun um að Norðmönnum bæri að leggja sitt af mörkum til að endurreisa lýðræði á Spáni, ályktun sem Franco tók afar illa upp. Á sama tíma runnu verslunarsamningar ríkjanna út og Spánverjar neituðu að ræða endurnýjun nema Norðmenn breyttu afstöðu sinni.<sup>105</sup> Norðmenn gerðu þá það sama og margar þjóðir sem voru með stjórn málasamband við Spán áður en ályktun Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1946 var samþykkt. Sendiráð þeirra í Madríd var starfrækt áfram án þess að nokkur sendiherra væri skipaður.

<sup>103</sup> ÞÍ. Samband íslenskra fiskframleiðenda 2011. D/1 16. Skýrsla um ferð, september 1947.

<sup>104</sup> Sama heimild.

<sup>105</sup> „Stormasamt í Stórþinginu,“ *Morgunblaðið*, 15. apríl 1947, bls. 9.

Helgi benti á í lok skýrslunnar að Íslendingar gætu ekki búist við annarri meðferð en Norðmenn. Ef marka mætti heimildamenn hans væri öruggt að engin viðskipti gætu orðið milli Íslands og Spánar nema stjórnmalasambandi yrði komið á. Helgi mælti því sterklega með því að reynt yrði að komast inn á Spánarmarkað, jafnvel þó það kostaði að taka upp formleg pólitísk tengsl við Spán og skipa þar opinberan fulltrúa. Taldi hann enga ástæðu fyrir Ísland að hafa afskipti af því hvaða stjórn færi með völd á Spáni.<sup>106</sup> Íslenskir útgerðarmenn hafa eflaust hugsað sér gott til glóðarinnar eftir að hafa lesið skýrslu Helga þar sem hann mat markaðshorfur afar góðar. Því sendi SÍF beiðni til Jóhanns Jósefssonar sjávarútvegsráðherra í byrjun árs 1948 þar sem hvatt var til að stjórnmalasamband við Spán yrði tekið upp. Minnt var á að ekkert hefði selst til Spánar undanfarið ár og ófarir Norðmanna raktar fyrir ráðherranum. Íslendingar hlytu að láta vandræði þeirra vera sér víti til varnaðar og nýta Spánarmarkað eins og aðrar þjóðir einkum þar sem mikil saltfiskframleiðsla væri væntanleg.<sup>107</sup>

Staða Íslands var þó önnur en þeirra ríkja sem átt höfðu í áratuga- eða aldalöngum opinberum samskiptum við Spán. Önnur ríki gátu fylgt ályktun Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1946 með því að kalla sendiherra sína heim frá Madríd þó að stjórnmalasamband væri enn virkt og sendiráð starfandi. Viðskipti og önnur dagleg samskipti ríkjanna gengu að mestu sinn vanagang þrátt fyrir ályktunina. Þó væri ekki hægt að segja að ályktunin hafi einungis haft táknrænt gildi eins og margir héldu fram bæði erlendis og á Íslandi. Spánn fékk ekki aðild að samstarfi vestrænna ríkja eða að alþjóðlegum stofnunum meðan hún var í gildi. Sérstaða Íslands fólst í að lýðveldi hafði aðeins verið stofnað tæpum fjórum árum fyrr og engu opinberu sambandi hafði verið komið á milli ríkjanna. Árið 1948 var því vandasamt að taka upp stjórnmalasamband við Spán án þess að brjóta gegn ályktun Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hafði stutt í atkvæðagreiðslu aðeins 13 mánuðum fyrr.

Ríkisstjórn Íslands gerði sér vafalaust grein fyrir þessu þegar hún brást við áskorun SÍF. Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra, fór þess á leit við sendiherra Íslands í París og bróður sinn, Pétur Benediktsson, að athuga með viðskipti við Spán. Bjarni tók fram að ríkisstjórnin teldi mikilvægt að viðskiptin hæfust eins fljótt og hægt væri og sendiráðinu væri falið að „... gera tillögur um hvernig það mál verði

<sup>106</sup> Þf. Samband íslenskra fiskframleiðenda 2011. D/1 16. Skýrsla um ferð, september 1947.

<sup>107</sup> Þf. Sendiráð Íslands í París 1991. B/567 1. Bréf frá Helga Þórarinssyni til Jóhanns Jósefssonar, 27. janúar 1948.

haganlegast tekið upp.<sup>108</sup> Hins vegar var ekkert minnst á stjórnmálasamband. Utanríkisráðuneytið fékk það staðfest fljótlega að ekki gæti orðið af viðskiptum nema formlegu stjórnmálasambandi yrði komið á. José Landecho, sendiherra Spánar í Svíþjóð, hafði komið í íslenska sendiráðið að fyrra bragði og rætt samskipti landanna við Helga P. Briem sem þá var sendiherra í Stokkhólmi. Tók Landecho það skýrt fram að ekki yrði um nein viðskipti að ræða fyrr en fullt stjórnmálasamband væri komið á milli landanna. Spænska stjórnin lýsti jafnframt yfir miklum áhuga á að skipa sendiherra með aðsetur í Reykjavík og sótti Landecho það fast.<sup>109</sup>

Heimsókn Landecho átti sér nokkurn aðdraganda. Hann hafði áður fengið veður af áhuga Íslendinga á viðskiptum við Spán í gegnum Seth Brinck, ræðismann Íslands í Stokkhólmi. Brinck var þá nýkominn frá Spáni og sagðist ætla að skrifa skýrslu til íslenskra yfirvalda og hvetja til þess að stjórn mála- og viðskiptasambandi yrði komið á milli landanna. Þetta væri aðeins spurning um tíma og málið snerist um að sannfæra íslensku stéttarfélagin um nauðsyn þess.<sup>110</sup> Landecho fékk strax þau fyrirmæli frá spænska utanríkisráðuneytinu að bjóða íslenskum stjórnvöldum stjórn málasamband með sama fyrirkomulagi og stjórnir Noregs og Svíþjóðar höfðu. Ekki þyrfti að hafa áhyggjur af skipun sendiherra. Hann mætti skipa síðar og Íslendingar gætu skipað staðgengil sendiherra eins og önnur ríki ef þeir vildu.<sup>111</sup> Spænska utanríkisráðuneytið gerði því ekki kröfu um að Ísland bryti gegn ályktun Sp frá árinu 1946. Staða Brincks var aftur á móti sú að hann hafði ekki heimild til að biðja um formlegt stjórn málasamband heldur var hann aðeins að láta í ljós eigin skoðun og tilkynna hvað var að gerast í íslensku stjórnsýslunni.<sup>112</sup> Ekkert bendir til að Landecho hafi fengið að vita af áhuga Íslendinga frá neinum öðrum en Brinck eða að hann hafi fengið fyrirmæli frá yfirboðurum sínum um að athuga málið. Eftir samtalið við Brinck hefur hann að öllum líkindum ákveðið að eigin frumkvæði að athuga hvort unnt væri að stofna til opinberra samskipta við Ísland. Spánverjar vildu með öllum ráðum rjúfa einangrunina

<sup>108</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá Bjarna Benediktssyni utanríkisráðherra til sendiráðs Íslands í París, 13. mars 1948.

<sup>109</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Helga P. Briem til utanríkisráðherra, 9. apríl 1948.

<sup>110</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf sendiherra Spánar í Svíþjóð til utanríkisráðherra Spánar, 5. maí 1948.

<sup>111</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf frá skrifstofustjóra erlendra stjórn mála í utanríkisráðuneytinu til sendiherra Spánar í Svíþjóð, 18. maí 1948.

<sup>112</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf sendiherra Spánar í Svíþjóð til skrifstofustjóra erlendra stjórn mála í utanríkisráðuneytinu, 5. maí 1948.



sem þeir höfðu verið settir í og því álitlegur kostur að tengjast evrópsku ríki sem áður hafði greitt atkvæði gegn þeim á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Íslenska utanríkisráðuneytið fór þó varlega. Um sumarið 1948 var beðið um álit á því, frá bæði Thor Thors sendiherra í Washington og Pétri Benediktssyni í París, að Ísland tæki upp stjórn málasamband við Spán. Hafði ráðuneytið einkum áhuga á afstöðu annarra ríkja sem og Sameinuðu þjóðanna.<sup>113</sup> Thor Thors taldi Ísland ekki lengur bundið af ályktun Sp frá árinu 1946. Því til stuðnings benti hann á að ályktunin hefði verið tekin aftur til atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu í nóvember 1947. Þá höfðu 29 ríki staðfest hana, en 16 verið á móti og 8 setið hjá. Tillagan hefði því í raun verið felld því ekki náðist að fá tvo þriðju hluta ríkjanna til að staðfesta hana. Ályktunin væri því enn í gildi að forminu til og reyndar hafði ekkert Evrópuríki né Bandaríkin breytt afstöðu sinni til Spánar og skipað þangað sendiherra eftir atkvæðagreiðsluna. Thor taldi hana þó ekki bindandi fyrir ríkin lengur. Hann orðaði það svo:

Að ýmsu leyti hefði mér fundist viðkunnanlegra að fresta að taka ákvörðun um stofnun diplómatisks sambands Spán unz séð verður hvort nokkuð á frekara að gjöra í þessu efni á allsherjarþinginu í París næstkomandi haust. Ef, hinsvegar, ríkisstjórnin álitur viðskiptalega nauðsyn að stofna diplómatiskt samband nú þegar, hlýtur Íslandi að vera frjálst að gjöra það eftir að Sameinuðu þjóðirnar hafa orðið að víkja frá fyrri afstöðu sinni til Spánar.<sup>114</sup>

Pétur Benediktsson sendiherra í París var einnig hlynntur því að stjórn málasamband yrði tekið upp við Spán og að Spánverjar myndu fagna beiðni Íslands þar sem stjórnvöld beittu öllum brögðum til að öðlast viðurkenningu annarra þjóða, líka þeirra allra smæstu, vegna einangrunarinnar sem þeir sættu. Ísland hefði aldrei átt í neinum illdeilum við stjórn Francos, ólíkt öðrum ríkjum. Ísland væri jafnframt í stjórn málasambandi við önnur ríki „... án þess að láta á sig fá, hvort stjórnarfar þeirra sé í samræmi við íslenzkar velsæmishugmyndir eða ei. Ég á erfitt að átta mig á, hvers vegna innanlandsmál Spánar ættu að varða okkur meira en innanlandsmál annara þjóða.“<sup>115</sup>

<sup>113</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra til sendiráðs Íslands í Washington, 3. maí 1948 og Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá utanríkisráðuneytinu til sendiráðs Íslands í París, 3. júní 1948.

<sup>114</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Thors Thors til utanríkisráðherra, 15. júní 1948.

<sup>115</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Pétur Benediktssonar til utanríkisráðherra, 15. júní 1948.

Pétur benti einnig á að aðrar þjóðir væru með stjórnmalasamband við Spán þó að þær væru ekki með sendiherra og kepptust um að ná viðskiptasamningum við Spán. Hann taldi enga hættu á að önnur ríki myndu mótmæla ákvörðun Íslands. Ef svo færi mætti benda á að þau væru með stjórnmalasamband við Spán og gætu því verndað sína hagsmuni á Spáni en ekki Ísland. Spánverjar myndu líklega bjóða Íslendingum að hafa staðgengil sendiherra (chargé d'affairs) í Madríd líkt og Noregur og flest öll önnur ríki. Það taldi hann þó ekki henta Íslandi því að viðskiptin við Spán væru svo lítil og mælti því frekar með að skipa sendiherra til Spánar sem hefði aðsetur í París. Það yrði ódýrara fyrir ríkissjóð en að halda uppi manni í spænsku höfuðborginni. Eini ókosturinn var að hann var einnig sendiherra í Sovétríkjunum og þetta fyrirkomulag gæti því verið óþægilegt gagnvart þeim eða Frökkum því bæði ríkin voru mjög óvinveitt spænsku stjórninni. Frönsk stjórnvöld myndu þó ekki mótmæla að hans mati.<sup>116</sup> Sendiherrarnir voru því sammála að stjórn Francos var staðreynd sem Íslendingar gætu ekki haft nein áhrif á og því enga meinbugi að finna á því að tekið yrði upp stjórnmalasamband við Spán án tafar líkt og útgerðin hafði krafist. Hins vegar virðist Pétur ekki hafa áttað sig á að með því að skipa sendiherra í Madríd var Ísland að brjóta gegn ályktun Sp sem snerist einmitt um að sendiherrar yrðu kallaðir heim. Það að hafa sama fyrirkomulag og önnur ríki sem samþykktu ályktunina hefði vissulega verið dýrara, en á móti hefði Ísland getað forðast álitshnekki og andmæli bandamanna sinna síðar meir. Í upphafi gerðu Spánverjar enga kröfu um sendiherra í Madríd heldur bjuggust þvert á móti við að opinbert samband við Ísland yrði það sama og við önnur Norðurlönd. Þegar Spánverjar áttuðu sig síðan á því að Íslendingar voru ekki fráhverfir því að skipa sendiherra fór utanríkisþjónusta þeirra að gera frekari kröfur um stuðning Íslendinga og jafnvel fá þá til að breyta afstöðu sinni á allsherjarþingi Sp.

Aðgerðir íslenskra embættismanna á þessu stigi eru skýrt dæmi um áhrif innanríkismála á utanríkisstefnu ríkja. Í tilfelli Íslands var það öflugasti þrýstihópur landsins á þeim tíma, útgerðarfélagin, sem hreyfðu við máli sem engin þörf var á að taka til skoðunar af öðrum ástæðum en vegna hagsmuna þeirra. Einnig má sjá á orðum embættismanna að þeir voru undir áhrifum raunhyggju. Þar sem önnur ríki virtu ályktun Sp að vettugi til að tryggja eigin viðskiptahagsmuni væri ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar gerðu hið saman. Einnig má fullyrða að reynsluleysi embættismanna,

<sup>116</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Péturs Benediktssonar til utanríkisráðherra, 15. júní 1948.

sendiherra og ráðgjafa í utanríkisþjónustunni hafi staðið utanríkisstefnu Íslands fyrir þrifum. Hvort sendiherra eða staðgengill sendiherra yrði skipaður á Spáni virtist aðeins vera blæbrigðamunur í augum sendiherra og starfsmanna ráðuneytisins, en skipti í raun öllu máli. Þeir höfðu á þessum tíma tækifæri til að þóknast útgerðinni án þess að koma sér í vandræði vegna stuðnings við Spán, en létu það ganga sér úr greipum.

### Stjórnmalasambandi komið á

Sumarið 1948 var ríkisstjórn Íslands undir miklum þrýstingi að koma á stjórnmalasambandi við Spán til að koma á viðskiptum milli ríkjanna. Bréf bárust reglulega frá samtökum útgerðarmanna þess efnis. SÍF skrifaði utanríkisráðherra að stjórn Sölusambandsins leyfði sér „... að vænta þess að hið háa ráðuneyti taki mál þetta til úrlausnar [...] hið bráðasta.“<sup>117</sup> Sölusamband hraðfrystihúsa endurnýjaði jafnframt samþykkt sína frá fyrri aðalfundi árið áður og hvatti ríkisstjórnina til að koma á stjórnmalasambandi við Spán.<sup>118</sup> Embættismenn kvörtuðu einnig iðulega í samskiptum sín á milli undan þrýstingi útgerðarinnar og sjávarútvegsráðherra og hvöttu til þess að greinargerðir yrðu sendar í flýti og ákvarðanir teknar hratt vegna þessa.<sup>119</sup>

Ákvörðunin um að koma á stjórnmalasambandi hafði þegar verið tekin, en í júlí og ágúst 1948 voru utanríkisráðherra og embættismenn ráðuneytisins hikandi yfir formsatriðum og hvernig ákvörðunin skyldi kynnt. Vegna greinargerðar Thors Thors um afstöðu Sameinuðu þjóðanna frá því í júní var ekki talin ástæða til að bera ákvörðun Íslendinga undir samtökin. Bjarni Benediktsson vildi hins vegar tilkynna fulltrúum Bandaríkjanna, Bretlands og annarra Norðurlanda um ákvörðun Íslands um leið og óskað yrði eftir stjórnmalasambandi við Spán. Aftur var leitað álits hjá Pétri Benediktssyni og Thor Thors.<sup>120</sup> Thor ítrekaði skoðun sína sem hann lýsti fyrr um sumarið að enginn vafi væri á því að Sp hafi fallið frá ályktun sinni frá árinu 1946 með atkvæðagreiðslu á aðalþingi í nóvember 1947. Hann taldi ónauðsynlegt að tilkynna

<sup>117</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf SÍF til utanríkisráðuneytisins, 25. júní 1948.

<sup>118</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf frá SH til utanríkisráðuneytis, 8. júlí 1948.

<sup>119</sup> Sjá til dæmis Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf utanríkisráðuneytisins til sendiráðs Íslands í Washington, 20. júlí, 1948 og Sendiráð Íslands í París 1990. B/32 2. Bréf Agnars Kl. Jónssonar til sendiráðs Íslands í París. 20. júlí 1948.

<sup>120</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf utanríkisráðuneytisins til sendiráðs Íslands í Washington, 20. júlí, 1948 og Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Agnars Kl. Jónssonar til sendiráðs Íslands í París. 20. júlí 1948.

öðrum ríkjum um ákvörðun Íslands þótt ekkert væri að því í sjálfu sér. Ólíklegt væri að mótmælum yrði hreyft, a.m.k. ekki af hálfu Breta eða Bandaríkjamanna því að ríkisstjórnir landanna væru í raun hliðhollar Spáni. Allir aðrir myndu skilja aðstöðu Íslands sem hefði þá sérstöðu að vera ekki með neitt opinbert samband við Spán.<sup>121</sup>

Af bréfaskrifum þetta sumar má sjá að ákvörðunin um stjórnmálasamband við Spán var ekki léttvæg. Utanríkisráðherra hafði áhyggjur af viðbrögðum bandalagsríkja Íslands þótt sendiherrar Íslands fullvissuðu hann um að engar mótbárur myndu berast. Hik ráðamanna er skiljanlegt. Sem smáríki hafði Ísland mikilla hagsmuna að gæta í því að alþjóðlegar samþykktir yrðu virtar og þeir óttuðust afleiðingar þess að grafa undan þeim. Hinn 17. ágúst tók utanríkisráðuneytið þó af skarið og bað sendiráð Íslands í London og Washington um að tilkynna ríkisstjórnnum landanna að Ísland hygðist taka upp stjórnmálasamband við Spán.<sup>122</sup> Strax daginn eftir kom sendiherra Bandaríkjanna, Richard P. Butrick að fyrra bragði á fund Bjarna Benediktssonar til að ræða Spánarmálið. Samkvæmt heimildarmönnum í bandaríska utanríkisráðuneytinu taldi hann ekkert því til fyrirstöðu að Ísland tæki upp stjórnmálasamband við Spán. Hann hefði reyndar ekki fengið það staðfest, en sagðist hafa spurst fyrir um málið og engin viðbrögð fengið. Samkvæmt frásögn Bjarna taldi Butrick að „... vegna þess að um þetta atriði hefði verið þagað, þá væri sitt álit, að það mundi ekki verða talið varhugavert, ef við teldum það heimilt vegna samþykktar Sameinuðu þjóðanna, að við skipuðum annaðhvorn sendiherrann í París eða London sem sendiherra í Madrid.“ Sagði hann þetta að vísu sitt persónulega álit en byggt á þeirri „reaktion“ sem ummæli sín hefðu fengið í bandaríska utanríkisráðuneytinu.<sup>123</sup>

Þá sagðist Butrick telja að utanríkisráðuneytið myndi enga athugasemd gera þótt eingöngu viðskiptahagsmunir réðu því að Íslendingar tækju upp stjórnmálasamband við Spán. Hann ráðlagði Íslendingum þó að láta bandaríska utanríkisráðuneytið ekki vita fyrirfram.<sup>124</sup> Það sem Butrick gekk líklega til var að forða því að ráðuneytið þyrfti að taka formlega afstöðu til ákvörðunar Íslands. Bjarni hafði undir eins samband við sendiráð Íslands í Washington til að tryggja að það hreyfði ekki

<sup>121</sup> Þí. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Thors Thors til utanríkisráðherra, 6. ágúst 1948.

<sup>122</sup> Þí. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf frá utanríkisráðuneytinu til sendiráðs Íslands í París, 17. ágúst 1948.

<sup>123</sup> Þí. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Frásögn Bjarna Benediktssonar, dagsett 18. ágúst 1948.

<sup>124</sup> Sama heimild.

við málinu við bandaríska utanríkisráðuneytið.<sup>125</sup> Árið 1948 var Franco og stjórn hans ennþá óvinsæl meðal embættismanna í utanríkisráðuneytinu og hjá Truman forseta.<sup>126</sup> Bandaríkjaþing og herinn höfðu ítrekað reynt að koma á betri samskiptum við Spán og til að gera það bandalagsríki í kalda stríðinu. Truman stóð hins vegar alltaf í vegi fyrir því, bæði vegna eigin óbeitar á Franco en líka að koma til móts við almenningsálitið í Evrópu.<sup>127</sup> Hann beitti t.d. beitti neitunarvaldi þegar bandaríska þingið samþykkti að veita Spáni Marshallaðstoð í mars 1948. Því var nær öruggt að bandaríska utanríkisráðuneytið hefði andmælt því að Ísland tæki upp stjórnmálasamband við Spán ef um það hefði verið spurt.

Bjarni hitti einnig Charles Baxter, sendiherra Bretlands á Íslandi, og greindi honum frá áformum ríkisstjórnar. Baxter gaf enga vísbendingu um afstöðu Breta, en þakkaði Bjarna fyrir að hafa látið sig vita og að hann myndi bera skilaboðin áfram til ríkisstjórnar sinnar.<sup>128</sup> Afstaða Breta til Spánar var önnur í raun en hún virtist á yfirborðinu. Verkamannaflokkurinn hafði verið harður andstæðingur Francos frá upphafi. Þegar flokkurinn komst til valda árið 1945 olli það vinstrimönnum í Bretlandi og víðar miklum vonbrigðum að hann skyldi ekki beita sér gegn Franco og koma honum frá völdum. Staðan í heimspólítík 5. áratugarins gerði það aftur á móti að verkum að það hentaði Bretum ekki að Franco færi frá með óvissunni sem því fylgdi. Önnur mál voru talin meira aðkallandi, þótt stjórnin þyrfti að taka harða afstöðu gegn Franco til að þóknast kjósendum sínum og halda friði á þingi. Umfram allt vildi stjórnin forðast að vekja Spánarmálið upp á ný með þeim deilum sem því fylgdi. Ernst Bevin utanríkisráðherra Bretlands tjáði George C. Marshall utanríkisráðherra Bandaríkjanna að Spánn væri neðst á forgangslistanum og þeir ættu að vinna að því saman að svo yrði áfram.<sup>129</sup> Í lok október barst opinbert svar breskra stjórnvalda við áformum íslenskra stjórnvalda um að taka upp stjórnmálasamband við Spán. Á fundi með Bjarna Benediktssyni kom Baxter þeim skilaboðum á framfæri að breska stjórnin mótmælti áformunum harðlega og „... hryllti við því að íslensk stjórnvöld hygðust skipa

<sup>125</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf frá utanríkisráðuneytinu til sendiráðs Íslands í París, 20. ágúst 1948.

<sup>126</sup> Portero, „Spain, Britain and the Cold War,“ bls. 221.

<sup>127</sup> Preston, *Franco*. Staðsetn. 13081.

<sup>128</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Frásögn Bjarna Benediktssonar, dagsett 20. ágúst 1948.

<sup>129</sup> Tom Buchanan, „Receding Triumph,“ bls. 167.

sendiherra á Spáni.<sup>130</sup> Ísland yrði þar með fyrsta ríkið í Evrópu sem myndi brjóta gegn ályktun Sp frá árinu 1946. Bjarni benti þá á að það væri skilningur Íslands að ályktunin væri fallin úr gildi þar sem hún var ekki endurnýjuð með tveimur þriðja hluta atkvæða á allsherjarþingu árið 1947, líkt og Thor Thors hélt fram. Sendiherrann svaraði því til að breska ríkisstjórnin væri ósamþykkt þeirri afstöðu, enda leit hún svo á að ályktin væri enn í gildi. Bretar óskuðu síðan eftir því að sendiherra Íslands á Spáni hefði ekki aðsetur í London.<sup>131</sup>

Eins og sjá má af samtali Bjarna og Baxters einskorðuðust mótmæli Breta við skipun sendiherra á þeirri forsendu að hún bryti gegn ályktun Sameinuðu þjóðanna. Bretar voru sjálfir með stjórnmalasamband við Spán og staðgengil sendiherra líkt og Norðurlöndin og flestar aðrar þjóðir. Það var sama fyrirkomulag og Spánverjar höfðu hugsað sér að bjóða Íslendingum í upphafi og Pétur Benediktsson sagt koma til greina ef ekki væri fyrir kostnaðinn sem það hefði í för með sér. Ef Íslendingar hefðu haldið sig við það hefðu Bretar varla mótmælt því að fylgt væri í fótspor þeirra. Einnig mátu bæði Thor Thors og Pétur Benediktsson stöðuna rangt þegar þeir töldu að önnur ríki hefðu ekkert við túlkun íslenskra stjórnvalda að athuga. Það var greinilega ekki samhljóða álit að ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1946 væri ekki lengur í gildi eins og Thor Thors hafði haldið fram.

Á fundi sínum með sendiherra Breta sagði Bjarni Benediktsson að fyrst engin mótmæli hefðu komið frá Bretum eftir að þrjár vikur voru liðnar frá fyrri fundi þeirra taldi hann að þeir myndu ekki mótmæla.<sup>132</sup> Í millitíðinni hafði Spánverjum verið formlega tilkynnt að Ísland óskaði eftir stjórnmalasambandi.<sup>133</sup> Spænska utanríkisráðuneytið og spænska sendiráðið í Stokkhólmi reyndi að koma á fundi á milli ráðherra ríkjanna í París í september til að ganga frá formsatriðum, einkum að ákveða skipun sendiherra. Það gekk ekki eftir og málið datt niður að sinni. Spánverjar litu svo á að þar sem Íslendingar hafi beðið um að ríkin tækju upp opinber samskipti væri það þeirra að taka næstu skref. Þegar ekkert hafði heyrst frá Íslendingum í fimm mánuði, byrjaði spænska utanríkisþjónustan að furða sig á því að Ísland hefði ekki ennþá tilkynnt um skipan

<sup>130</sup> „... horrified to learn that Iceland intend to appoint a minister to Spain.“ ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Frásögn Bjarna Benediktssonar, dagsett 27. október 1948.

<sup>131</sup> Sama heimild.

<sup>132</sup> Sama heimild.

<sup>133</sup> ÞÍ. Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 2011. B/104 3. Bréf Helga P. Briem til sendiráðs Spánar í Stokkhólmi, 14. september 1948.

sendiherra á Spáni.<sup>134</sup> Allt bendir til að hik hafi komið á íslenska utanríkisráðuneytið eftir að andstaða Breta varð ljós.

Í öllu falli var ekki hreyft við málinu af Íslands hálfu fyrr en í febrúar 1949 þegar SÍF skrifaði utanríkisráðuneytinu og kvartaði yfir því að geta ekki stundað viðskipti á Spáni. Þórður Albertsson umboðsmaður SÍF í Bilbao hafði fullvissað stjórn sölusambandsins um að ekki þýddi að ræða nein viðskipti fyrr en ríkin hefðu skipst á sendiherrum. Sendiráð Íslands í París var beðið að athuga hvernig hægt væri að flýta málinu.<sup>135</sup> Samskiptin á milli ráðuneytisins og sendiráðsins einkenndust í framhaldinu af af pirringi og óákveðni. Pétur Benediktsson sendiherra sagði að það væri hans skilningur að stjórnmalasamband væri þegar komið á. Ef ráðuneytið vildi flýta málinu ætti það að tilnefna sendiherra og tilkynna Spánverjum.<sup>136</sup> Agnar Kl. Jónsson ráðuneytisstjóri benti Pétri hins vegar á þann vanda sem hann sagði ráðuneytið vera í og Pétri ætti að vera kunnugt um, að þeir viti ekki hvaða fulltrúa eigi að skipa á Spáni. Agnar bætti við að það væri heppilegt að draga það að senda opinberan fulltrúa eins lengi og hægt væri. Ráðuneytið hafi verið að vona að Spánverjar yrðu fyrri til að skipa sinn fulltrúa. Pétur var síðan beðinn að hreyfa við viðskiptamálinu við spænska sendiráðið án þess að sendiherra yrði skipaður.<sup>137</sup> Pétur fann því aftur á móti allt til foráttu og krafðist þess að vita hvað íslenskir kaupþýslumenn, einkum úr röðum SÍF hefðu sjálfir gert til þess að koma á viðskiptum milli landanna.<sup>138</sup> Sjá má að á þessu stigi vildi utanríkisráðuneytið forðast í lengstu lög að stíga næsta skref af ótta við viðbrögð annarra ríkja.

Að tillögu Péturs spurði ráðuneytið SÍF hvort sölusambandið gæti sannað að nauðsynlegt væri að stofna til stjórnmalasambands við Spán til að eiga þar viðskipti. Beðið var um upplýsingar um hvað hafi verið gert á Spáni til að selja afurðir, svo sem hvort boðinn hafi verið saltfiskur, hvaða verðhugmyndir Spánverjar höfðu og hvort áhugi væri fyrir saltfiski á Spáni.<sup>139</sup> SÍF gat með engu móti staðfest að viðskipti

<sup>134</sup> AGA. 82/8721. Ýmis bréf frá spænska utanríkisráðuneytinu og sendiráði Spánar í Stokkhólmi.

<sup>135</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Agnars Kl. Jónssonar til sendiráðs Íslands 6. og 14. febrúar 1949.

<sup>136</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Pétur Benediktssonar til utanríkisráðuneytisins. 2. mars 1949.

<sup>137</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Agnars Kl. Jónssonar til Péturs Benediktssonar 3. mars 1949.

<sup>138</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Pétur Benediktssonar til Agnars Kl. Jónssonar 19. mars 1949.

<sup>139</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf Agnars Kl. Jónssonar frá utanríkisráðuneytinu til SÍF, 6. apríl 1949.

strönduðu á opinberri stöðu ríkjanna, en upplýsti um að markaðsmál hefðu verið könnuð og eflaust væru miklir sölumöguleikar á Spáni. Auk þess hafi Spánn verið besti markaður fyrir íslenskan saltfisk á árum áður og líklegt að svo gæti orðið aftur.<sup>140</sup>

Á meðan hafði Landecho, spænski sendiherrann í Stokkhólmi, grennslast fyrir um hvort von væri á skipun fulltrúa hjá Helga P. Briem sendiherra Íslands. Landecho stakk upp á því að löndin skipuðu sendiherra á sama tíma því að spænska stjórnin ætti erfitt með að skipa sendiherra fyrst að hans sögn. Helgi skrifaði í skýrslu sinni til utanríkisráðuneytisins að þeir hafi sammælt um að koma þessari hugmynd til ríkisstjórna sinna og bætti svo við:

... að auðsjáanlega eru Spánverjar hræddir við að komast í sömu aðstöðu gagnvart Íslandi og þeir eru í við önnur lönd, þar sem Spánn hefir sendiherra, en önnur lönd sýna landinu þá vansæmd að hafa aðeins *chargé d'affairs*. Spánverjar þola það öllum þjóðum ver að „missa andlitið“ við það að verða að þola óvirðingu og hygg ég, að þeim þætti mjög vænt um það og létu okkur njóta þess, ef við vildum sýna þeim sóma, einmitt þegar aðrir sýna þeim lítilsvirðingu.<sup>141</sup>

Tillaga Landecho ber með sér að Spánverjar hefðu áttað sig á því að þeir gætu fengið meira út úr sambandi sínu við Ísland en árið áður þegar spænska utanríkisráðuneytið bjóst við að taka upp sama fyrirkomulag og við önnur Norðurlönd. Samskipti ríkjanna þessa mánuði gætu einmitt bent til þess að Spánverjar hefðu þvingað Íslendinga til að skipa sendiherra og brjóta þannig gegn ályktun Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1946. Þannig hefði verið hægt að nota Ísland sem fordæmi fyrir aðrar þjóðir og einnig til að sýna spænskum almenningi að einangrun þeirra væri að rofna. Stjórn Francos hikaði vissulega ekki við að láta stefnu í utanríkismálum stjórna milliríkjavíðskiptum eins og dæmin sanna, en engar heimildir í skjalasöfnum á Spáni sýna að svo hafi verið í þessu tilfalli. Hugmyndin um að skipa sendiherra í stað staðgengils sendiherra (*chargé d'affairs*) var alfarið Íslendinga. Aftur á móti var ekki um nein viðskipti að ræða af hálfu Spánverja fyrr en stjórn málasamband væri komið á. Í þeirra augum var það ekki frágengið fyrr en sendiherrar voru skipaðir. Voru Spánverjar þannig ósammála Íslendingum sem töldu að málin væru aðskilin, það er, að stjórn málasamband gæti

<sup>140</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf SÍF til utanríkisráðuneytisins. 4. apríl 1949.

<sup>141</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf Helga P. Briem til utanríkisráðuneytis, 17. mars 1949.



verið komið á án þess að skipst væri á sendiherrum. Markmið Spánverja var heldur ekki að fá íslenskan sendiherra skipaðan í Madríd heldur að fá bandamann á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fleiri íslenskir embættismenn en Helgi P. Briem áttuðu sig á að Íslendingar voru að gera Spánverjum mikinn greiða og áttu þeir eftir að vísa í þessa greiðvikni Íslendinga og óþægindin sem það hafði í för með sér þegar samskipti ríkjanna jukust.

Tillaga þeirra Helga og Landecho var samþykkt hjá báðum ríkjunum.<sup>142</sup> Úr varð að sendiherra Spánar í Noregi, Fernando de Torata, yrði einnig sendiherra á Íslandi með aðsetur í Osló og Pétur Benediktsson sendiherra í Frakklandi varð jafnframt sendiherra í Madríd með aðsetur í París. Það var þó ekki fyrr en 3. júní 1949 að opinber tilkynning var gefin út um stjórnmalasamband Spánar og Íslands. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar var varin í heilsíðugrein í *Morgunblaðinu* fljótlega eftir að hún var gerð opinber. Voru kommúnistar sakaðir um tvískinnung fyrir að heimta viðskipti við Sovétríkin og Þýskaland Hitlers fyrir hernám Íslands, en vilja engin viðskipti við Spán. Þá var lögð áhersla á að Ísland yrði ekki með sendiráð í Madríd eins og mörg önnur ríki þrátt fyrir allt og á allan hátt reynt að gera lítið úr málinu:

Um samþykkt Sameinuðu þjóðanna gegn Spáni er það annars að segja, að hún hefði getað haft þýðingu, ef hún hefði leitt til þess, að þjóðirnar slitu raunverulega stjórnmalasambandi við Spán. Svo var ekki – og til þess var ekki ætlast. Samþykktin var nánast orðaleikur, svo hárfínn, að menn þurfa að vera sjerfræðingar í alþjóðalögum til þess að geta skilið um hvað er að ræða. [...] Spánverjar hafa ekki reynt að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir eða stjórnarháttu íslendinga. Á sama veg ættum við ekki að ætla okkur þá dul að segja þeim fyrir verkum um stjórnarhætti.<sup>143</sup>

Viðbrögð *Þjóðviljans* við fréttunum voru harkaleg, enda var Sósíalístaflokkurinn eini stjórnmalaflokkurinn á Íslandi sem enn hélt uppi andstöðu við Franco. Bjarni Benediktsson var einkum gagnrýndur fyrir að sækjast eftir að eiga viðskipti við Spán, en vanrækja viðskiptin við Sovétríkin sem höfðu verið landsmönnum svo hagstæð.<sup>144</sup> Alþýðuflokkurinn þótti einnig hafa svikið málstaðinn með því að sitja í stjórn án þess að andmæla. Það var orðað svo í *Þjóðviljanum*:

<sup>142</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Helga P. Briem til utanríkisráðuneytisins. 22. mars 1949.

<sup>143</sup> „Stjórnmalasamband við Spán,“ *Morgunblaðið*, 8. júní 1949, bls. 2.

<sup>144</sup> „Stefna nýfasismans,“ *Þjóðviljinn*, 9. júní 1949, bls. 4.

Ríkisstjórnin kaus að knékrjúpa fyrir spanskra [svo] einræðisherranum og sýndi þar með enn einu sinni, að undirlægjuháttur við erlenda valdsmenn er hennar annað eðli. [...] „Fyrsta stjórnin, sem Alþýðuflokkurinn myndar“ á Íslandi er ekki að horfa í það að draga heiður Íslands í svaðið, ef það má verða til að lærisveinn Hitlers geti, milli þess sem hann er að myrða spanska verkamenn, stært sig af því, að hafa unnið enn einn sigur, í viðureign sinni við samtök lýðræðisþjóða heimsins.<sup>145</sup>

Viðbrögð Alþýðublaðsins vekja hvað mesta athygli. Aðeins birtist einn leiðari um upptöku stjórnmalasambands þar sem gagnrýni *Þjóðviljans* var svarað á svipuðum nótum og *Morgunblaðið* hafði gert með einni viðbót:

Alþýðublaðið verður aldrei grunað um neina aðdáun á stjórn Francos á Spáni. En það lítur svo á, að erfitt sé fyrir Íslendinga að reka einvörðungu viðskipti við þær þjóðir, er búa við stjórnarfar, sem er okkur að skapi. Norðmenn og Danir hafa heldur ekki velþóknun á Franco eða stjórn hans. En þessar þjóðir telja sér eigi að síður nauðsynlegt að reka viðskipti við Spán, og okkur ætti ekki að vera vandara um en þeim, enda færi því auðvitað víðs fjarri, að Franco myndi hrökklast frá völdum, þó að Íslendingar neituðu að selja Spánverjum fisk, meðan þeir lúta einræðisstjórn hans.<sup>146</sup>

Alþýðuflokkurinn hafði þannig látið af allri andstöðu við Franco ólíkt mörgum systurflokkum hans í Evrópu. Stjórnmalasambandinu var ekki einu sinni mótmælt í orði kveðnu í málgagni flokksins. De Torata sendiherra minntist einmitt á það sérstaklega eftir heimsókn sína til Íslands í ágúst sama ár, hvað það kom honum þægilega á óvart hve ráðherra Alþýðuflokksins tók vel á móti honum. Aftur á móti hefði viðmót fulltrúa Framsóknarflokksins verið kuldalegra.<sup>147</sup> Áhugaleysi Alþýðuflokksins í þessu máli endurspeglar vel hvernig alþjóðastjórnmal breyttu afstöðu til Francos í Evrópu á aðeins fjórum árum. Eftir að Hitler og Mussolini hurfu af sjónarsviðinu stóð Franco einn eftir. Spánn var fátækt og einangrað ríki og Franco ógnaði ekki neinum nema eigin þjóð. Ekki var lengur hægt að vekja upp þá tilfinningu á meðal vinstrimanna að það sem gerðist á Spáni skipti heimsbyggðina máli, líkt og í spænska borgarastríðinu.<sup>148</sup>

<sup>145</sup> „Tekur upp stjórnmalasamband við Franco-Spán þvert ofaní samþykkt SP,“ *Þjóðviljinn*, 3. júní 1949, bls. 8.

<sup>146</sup> „Það er svo sem munur, hver maðurinn er,“ *Alþýðublaðið*, 11. júní 1949, bls. 4.

<sup>147</sup> AGA. Sendiráð Spánar í Noregi, 82/6569. Bréf frá sendiherra Spánar á Íslandi til utanríkisráðherra Spánar, 11. ágúst 1949.

<sup>148</sup> Buchanan, „Receding Triumph,“ bls. 167 og 174.

Með heimsókn de Torata töldu íslensk stjórnvöld sig hafa lokið verkefninu. Þó áttu misseri eftir að líða áður en viðskipti milli landanna hófust sem hafði verið markmið Íslands frá upphafi. Spænsk stjórnvöld höfðu aftur á móti þegar náð sínu markmiði með samskiptum ríkjanna.

## Hagsmunir Spánar og umbun Íslands

Hagsmunir Spánverja í samskiptum við Ísland voru ekki þeir sömu og Íslendinga. Ólíkt Íslendingum höfðu þeir litla sem enga hagsmuni af milliríkjavarslun landanna þar sem Ísland framleiddi ekkert sem Spánverjar gátu ekki framleitt sjálfir eða keypt annars staðar frá. Ef það hentaði hagsmunum Spánverja skipti opinber afstaða annarra ríkja þá engu máli. Til að mynda varð samband Spánar og Bandaríkjanna sífellt nánara frá árinu 1947. Viðskiptasamningar voru gerðir milli ríkjanna, ýmsar fyrirgreiðslur veittar og tollar felldir niður. Einkaaðilar í báðum ríkjum voru hvattir til að efla viðskipti sín á milli án þess að bandarískur sendiherra væri skipaður í Madríd og jafnvel þótt forseti og hluti stjórnarsýslu Bandaríkjanna væri fjandsamleg Franco.<sup>149</sup> Íslendingar voru aftur á móti ekki í sterkri stöðu í viðræðum við Spán vegna smæðar og bágs efnahags. Spánverjar gátu því reynt að nota Ísland til þess að ná markmiðum sínum í utanríkismálum án þess að leggja mikið undir. Helstu markmið þeirra í utanríkismálum eftir seinni heimsstyrjöld voru að fá hlutdeild í Marshallaðstoðinni, öðlast aðild að NATO og vinna að því að ályktun Sp frá 1946 yrði numin úr gildi sem þeir töldu vera landinu til skammar.<sup>150</sup> Spánverjar áttuðu sig fljótt á því að Ísland gæti stutt þá við að afnema ályktunina.

Eftir að áhugi Íslendinga á að hefja viðskipti við Spán varð ljós voru öll möguleg sendiráð Spánar virkjuð til að nýta tækifærið og hafa áhrif á stefnu Íslands hjá Sp. Í ágúst 1948 fóru tveir Íslendingar, Pétur Ólafsson og Gunnar Bjarnason, til Spánar í gegnum London. Þeir voru ekki með vegabréfsáritun til Spánar eins og krafist var, en þurftu að fá hana afgreidda með hraði til að missa ekki af flugi. Þeir leituðu til sendiráðs Íslands sem hafði samband við spænska sendiráðið. Í viðtali við spænska sendiráðsfulltrúann, Hr. Nadal, notaði Pétur þau rök að viðræður væru í gangi um stjórnmalasamband ríkjanna. Nadal svaraði því til að hann vonaðist til að Ísland myndi styðja málstað Spánar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eins og önnur ríki sem voru

<sup>149</sup> Boris Liedtke, „Spain and the United States,“ bls. 232–233.

<sup>150</sup> Portero, „Spain, Britain and the Cold War,“ bls. 222.

vinveitt landinu. Hann afhenti honum síðan bréf sem útskýrði afstöðu Spánar til ályktana Sp sem Pétur hafði lesið, tekið undir og síðan lofað að senda til utanríkisráðuneytisins samdægurs.<sup>151</sup> Nadal hringdi síðan strax í íslenska sendiráðið og spurði hvort Íslendingarnir hefðu ekki örugglega verið ánægðir með afgreiðsluna á vegabréfsáritununum, sem þótti óvenju mikil kurteisi. Nadal kom síðan í íslenska sendiráðið og talaði í tæpa klukkustund um mikilvægi þess að Ísland sýndi Spáni vinsamlega afstöðu á fundi Sp sem boðaður var í september í París. Enginn í íslenska sendiráðinu hafði heyrt um viðræður um stjórnmálasamband ríkjanna og því þótti þetta mál allt hið undarlegasta.<sup>152</sup> Sendiherra Spánar í Kaupmannahöfn mætti á sama tíma í sendiráð Íslands þar í borg í sömu erindagjörðum. Kom hann þeim skilaboðum til íslenskra stjórnvalda að hann vonaðist til þess að þau styddu tillögu um að Spánn fengi aðild að Sameinuðu þjóðunum og að stjórnmálasamband kæmist á milli þjóðanna sem fyrst. Spænska stjórnin yrði þá reiðubúin til að greiða á allan hátt fyrir viðskiptum á milli landanna.<sup>153</sup>

Meirihluti samskiptanna við Ísland fór þó á þessum tíma í gegnum sendiráðið í Stokkhólmi. Landecho sendiherra vissi um fyrri störf Helga P. Briem á Spáni og var viss um að honum væri treystandi þar sem hann „... hefði mikla samúð með Spáni ...“<sup>154</sup> Sama dag og Helgi tilkynnti Landecho formlega um beiðni Íslendinga um stjórnmálasamband, þann 14. september 1948, upplýsti Landecho spænska utanríkisráðuneytið um gang mála. Hann tók einnig fram að Helgi hefði sagt honum að Bjarni Benediktsson yrði á fundi Sp í París sem haldinn yrði síðar í september. Sendiherra Spánar gæti sett sig í samband við hann til að ganga frá ýmsum formsatriðum.<sup>155</sup> Utanríkisráðuneytið brást strax við. Alberto Martín-Artajo utanríkisráðherra mælti til við Landecho að bjóðast strax til að stofna sendiráð á Íslandi og reyna eins og hann gæti að fá Íslendinga til að skipa sendiherra á Spáni, þó að

<sup>151</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf frá sendiráði Spánar í London til utanríkisráðuneytis Spánar, 30. ágúst 1948.

<sup>152</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf frá sendiráði Íslands í London til utanríkisráðherra, 30. ágúst 1948.

<sup>153</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1998. B/146 3. Bréf frá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn til utanríkisráðuneytisins, 31. ágúst 1948.

<sup>154</sup> „... siente gran simpatía por España ...“ AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf frá sendiherra Spánar Svíþjóð til utanríkisráðuneytis Spánar, 14. september 1948.

<sup>155</sup> Sama heimild.

hann væri með aðsetur í öðru landi, fyrir 20. september.<sup>156</sup> Tilgangurinn með þessum asa var að sjálfsgöðu að fá Íslendinga á band Spánverja fyrir væntanlegan fund Sp.

Skilaboð Artajo komu þó of seint til þess að hægt væri að koma á fundi á milli Bjarna Benediktssonar og sendiherra Spánar í París.<sup>157</sup> Næstu mánuði voru Íslendingar hikandi yfir hvort ætti að skipa sendiherra á Spáni og reyndu að koma sér hjá því eins lengi og hægt var. Spánverjar voru þó áfram vakandi fyrir því að nýta sér áhuga Íslendinga sér til framdráttar hjá Sp. Vorið 1949 ákvað Brasilía að leggja fram tillögu á aðalþingi Sp þar sem aðildarríkjum yrði í sjálfsveld sett hvort þau tækju upp stjórn málasamband við Spán og skipuðu þar sendiherra. Ef tillagan yrði samþykkt myndi ályktunin frá árinu 1946 falla úr gildi. Aftur var spænska utanríkisþjónustan virkjuð, nú til þess að sannfæra Íslendinga til að styðja tillögu Brasilíumanna. Sendiherrar Spánar bæði í Osló og í Stokkhólmi hvöttu til Íslendinga til að greiða atkvæði með tillögunni en ekki sitja hjá eins og þeir óttuðust að mörg ríki myndu gera. Það myndi skapa óþægindi í samskiptum Íslands og Spánar sem betra væri að komast hjá.<sup>158</sup> Íslenska ríkisstjórnin vildi forðast það þannig að í apríl 1949 lofuðu þeir Spánverjum stuðningi í atkvæðagreiðslunni um tillögu Brasilíu sem borin yrði upp í maí.<sup>159</sup>

Spánverjar lögðu mikla áherslu á að Ísland skipti ekki um skoðun og sæti hjá eins og hin vestrænu ríkin. Í bréfum og skeytum sem spænska utanríkisþjónustan sendi sín á milli um málefni Íslands veturinn og vorið 1949 var atkvæðagreiðslan hjá Sp alltaf í forgrunni. Sífelld var verið að spyrjast fyrir um og staðfesta að Ísland myndi styðja tillögu Brasilíu.<sup>160</sup> Áður en tillagan var lögð til atkvæðagreiðslu á aðalþinginu var hún rædd í stjórn málanefnd Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúi Íslands, Thor Thors, sat hjá líkt og fulltrúar annarra Norðurlanda, en greiddi ekki atkvæði með tillögunni eins og Spánverjar höfðu reiknað með. Seinna sagðist hann hafa setið hjá til að gefa öðrum

<sup>156</sup> „Puede V.E. contestar Nota Encargado Negocios Islandia manifestando conformidad Gobierno español establecimiento relaciones diplomáticas entre ambos países ofrecimiento creación inmediata Legación España Islandia. Procure V.E. que petición placet Ministro Islandia aunque resida en otro país se efectue antes 20 corriente.“ AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf frá utanríkisráðherra Spánar til sendiráðs Spánar í Svíþjóð, 16. september 1948.

<sup>157</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf frá sendiherra Spánar í Svíþjóð til utanríkisráðuneytis Spánar, 20. september 1948.

<sup>158</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1998. B/146 3. Bréf Gísla Sveinssonar sendiherra Íslands í Osló til utanríkisráðherra, 22. mars 1949 og Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Helga P. Briem til utanríkisráðuneytisins. 4. apríl 1949.

<sup>159</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf frá Utanríkisráðuneyti Íslands til Sendiráðs Íslands í Stokkhólmi, 19. apríl 1949.

<sup>160</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8494. Skeyti frá utanríkisráðuneyti Spánar til sendiráðs Spánar í London, 3. maí 1949 til dæmis.

Norðurlöndum tækifæri til að gera slíkt hið sama. Aldrei hafi staðið til að gera annað en að styðja tillöguna á allsherjarþinginu sem haldið var síðar.<sup>161</sup> Afstaða Íslands í stjórnmalanefndinni vakti þó upp áhyggjur Spánverja um að þeir myndu ganga bak orða sinna. Spænski sendiherrann í París kvartaði t.a.m. við Pétur Benediktsson. Spánverjar „... ættu erfitt með að átta sig á því, hvernig í senn væri unnt að semja um að skiptast á sendiherrum og sitja hjá í atkvæðagreiðslu sem þessari.“ Hvatti hann til að afstöðu Íslands yrði breytt þegar til atkvæðagreiðslu á aðalþinginu kæmi.<sup>162</sup>

Íslenska ríkisstjórnin vonaði allt fram að atkvæðagreiðslunni að sátt næðist um Spánarmálið hjá Sameinuðu þjóðunum í maí. Thor Thors sendi utanríkisráðherra reglulega fréttir af gangi málsins og bað um fyrirmæli og staðfestingu á að kjósa ætti með tillögu Brasilíu. Eftir að ljóst varð að engin sátt væri í sjónmáli var sendinefndinni tjáð að ríkisstjórnin hefði athugað málið og teldi rétt „... að halda fast við að greiða atkvæði með tillögu um fullkomið diplómatiskt samband við Spán [...] Ef nýjar mótbárur látið okkur vita strax.“<sup>163</sup> Ríkisstjórnin fékk síðar að vita að Ísland yrði eina Evrópuríkið utan Tyrklands og Grikklands sem myndi greiða atkvæði með tillögunni og að Noregur myndi greiða atkvæði gegn henni. Thor taldi jafnvel að atkvæði Íslands myndi ráða úrslitum.<sup>164</sup> Þetta varð ekki til að breyta afstöðu ríkisstjórnarinnar og studdi Ísland tillöguna á meðan flest vestræn ríki auk Norðurlanda sátu hjá, fyrir utan Noreg sem greiddi atkvæði gegn tillögunni. Fullyrða má að ákvörðun um að greiða atkvæði til að fella tillögu sem Ísland hafði stutt aðeins nokkrum mánuðum áður sé afar óhefðbundin hegðun smárikis í utanríkismálum. Málið snerist ekki aðeins um að virða alþjóðlegar samþykktir. Stuðningur Íslands var í andstöðu við afstöðu bandalagsþjóða Íslands, annarra Norðurlanda, Bretlands og Bandaríkjanna sem forðuðust að taka afstöðu til málsins. Að Ísland hafi gengið gegn vilja þeirra sýnir hversu sterkur þrýstihópur íslensku útgerðarfélagin voru.

Tillaga Brasilíu var felld þrátt fyrir atkvæði Íslands og nokkurra annarra ríkja þar sem tvo þriðju hluta atkvæða þurfti til að samþykkja hana. Af aðildarríkjunum studdu 26 tillöguna, 15 greiddu atkvæði gegn henni og 16 sátu hjá. Utanríkisráðuneytið gerði

<sup>161</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Skýrsla Thors Thors til utanríkisráðuneytis, 18. maí 1949.

<sup>162</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Bréf Péturs Benediktssonar til utanríkisráðherra, 9. maí 1949.

<sup>163</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Skeyti frá ríkisstjórn Íslands til sendinefndar hjá Sp, 10. maí 1949.

<sup>164</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Skeyti frá sendinefnd Íslands hjá Sp til ríkisstjórnar Íslands 11. maí 1949.

drög að fréttatilkynningu þar sem afstaða íslenskra stjórnvalda var varin með því að ítreka að flest ríki hefðu í raun haldið stjórnmalasambandi við Spán þótt það væri í öðru formi en fyrir ályktun Sp frá árinu 1946. Áhugi hefði verið á því á Íslandi að stunda viðskipti við Spán á ný og því hefði verið nauðsynlegt að koma á diplómátskum samskiptum við Spán sem engin hafi verið áður. Ákveðið hefði verið að sendiherra með aðsetur í öðru landi yrði líka sendiherra á Spáni. Rökstuðningur ráðuneytisins fyrir því að greiða atkvæði með tillögu Brasilíu um að fella niður samþykktina frá 1946 var á þessa leið:

... [Ísland greiddi] atkvæði með tillögunni, þar sem ljóst er orðið að enga þýðingu hefur, hvort forstöðumenn sendiráða þar heita sendiherrar eða sendifulltrúar. Enda hafa mörg þeirra ríkja, sem greiddu atkvæði á móti tillögunni, svo sem áður er sagt, diplomátskt samband við Spán og sendiráð þar, auk þess sem þau hafa víðtæka verzlunarsamninga við Spán. Er því nauðsynlegt að Ísland hafi einnig diplomátskt samband við Spán til þess að standa ekki ver að vígi í viðskiptum. Í framhaldi af þeirri viðleitni að koma á eðlilegu diplomátsku sambandi milli ríkisstjórna Íslands og Spánar þótti því eðlilegast að Ísland væri fylgjandi tillögu Brasilíu, en auðvitað segir það ekkert til um afstöðu íslenzku stjórnarinnar til stjórnarfyrrkomulagsins á Spáni.<sup>165</sup>

Furðulítið var fjallað um atkvæðagreiðsluna í fjölmiðlum á Íslandi og því reyndist ekki þörf á að gera rökstuðning ráðuneytisins opinberan. Atkvæði Íslands og sérstaða í þessu máli vakti hins vegar reiði á meðal annarra Norðurlanda. Þegar de Torata sendiherra Spánar á Íslandi var hér á landi minnti Bjarni Benediktsson hann á stuðning Íslendinga í atkvæðagreiðslunni til að þrýsta á að innflutningsleyfi fyrir íslensk hross yrði veitt. Öll önnur Norðurlönd hefðu mótmælt stuðningi Íslands við Spán kröftuglega og Halvard Lange utanríkisráðherra Noregs hefði verið afar harðorður þegar hann kom til Íslands um sumarið. Spánverjar ættu því að sýna Íslendingum liðlegheit á móti.<sup>166</sup>

Atkvæðið hafði þó tilætluð áhrif á Spánverja og var augljóst að stuðningur Íslendinga skipti þá miklu máli. Landecho sendiherra í Stokkhólmi heimsótti Helga P. Briem á ný í sendiráði Íslands og bauð Íslendingum að velja hvort þeir vildu að sendráð Spánar í Kaupmannahöfn eða Osló yrði jafnframt sendiráð fyrir Íslandi. Í skýrslu Helga

<sup>165</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Drög að fréttatilkynningu utanríkisráðuneytis. Ódagsett.

<sup>166</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/6935. Bréf frá sendiherra Spánar á Íslandi til Pedro Sebastián de Erice, 1. ágúst 1949.

um fundinn segir: „Áður en hann fór ítrekaði hann það, að hann hafi komið samkvæmt beinum fyrirmælum spönsku stjórnarinnar. Mun ég ekki þurfa að benda hinu háa ráðuneyti á það hvað svo faguð utanríkisþjónusta sem sú spánska á við með þessu tilboði.“<sup>167</sup> Þakklæti Spánverja var ekki bara á yfirborðinu. Rúmlega viku eftir atkvæðagreiðsluna á aðalþingi Sp fór José Sebastián de Erice skrifstofustjóri erlendra stjórn mála í utanríkisráðuneyti Spáns á leit við Tomás Suñer ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu að innflutningskvótar saltfisks yrðu teknir af af Norðmönnum og þeir boðnir Íslendingum vegna þess að Ísland hefði skipað sendiherra í Madrid.<sup>168</sup> Suñer, sem síðar átti eftir að leiða viðræður um viðskiptasamning Íslands og Spáns, taldi sjálfsagt að verðlauna Ísland með innflutningskvóta eins og hann orðaði það. Samningaviðræðum við Noreg hefði hvort sem er verið frestað.<sup>169</sup> Þetta kemur heim og saman við þær upplýsingar sem íslenska utanríkisráðuneytið fékk frá umboðsmanni SÍF á Spáni. Samkvæmt honum sátu bæði Norðmenn og Danir á hliðarlínunni og vildu gera samning við Spán, en Norðmenn hefðu fengið þau skilaboð að nærveru þeirra væri ekki óskað vegna fjandsamlegrar afstöðu á vettvangi Sp.<sup>170</sup>

Spánverjar íhuguðu einnig að opna sendiráð í Reykjavík. Fernando de Torata fékk fyrirmæli um að athuga aðstæður til þess þegar hann kom til Íslands um sumarið til að afhenda forseta Íslands trúnaðarbréf. Hann taldi aðstæður á Íslandi afar frumstæðar fyrir sendiráð, verðlag hátt og að væntanlegur sendiherra yrði að vera fjölskyldumaður svo að honum myndi ekki leiðast fámennið. Hann taldi þó þörf á sendiráði í Reykjavík því að hann hafi tekið eftir mikilli minnimáttarkennd hjá íslenskum ráðamönnum og mikinn vilja hjá þeim til að sýna að Ísland væri fullgilt ríki eins og önnur. Ef sendiherrann hefði aðsetur annars staðar gæti það sært stolt Íslendinga sem gæti komið niður á viðskiptum ríkjanna.<sup>171</sup> Ekkert sendiráð var þó opnað í Reykjavík þrátt fyrir ráðleggingar de Torata.

<sup>167</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Bréf frá Sendiráði Íslands í Stokkhólmi til utanríkisráðuneytis Íslands, 5. maí 1949.

<sup>168</sup> „El señor Ministro me encarga muy confidencialmente te diga que conviene en el momento presente, en que acaba de pedir Islandia el placet para su Ministro Plenipotenciario en Madrid, que retraigas, si bien os parece, del cupo de bacalao atribuido a Noruega, una parte sustancial, cuya compra pudiera ofrecerse a Islandia.“ AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf skrifstofustjóra erlendra stjórn mála í utanríkisráðuneytinu til ráðuneytisstjóra spænska viðskiptaráðuneytisins, 24. maí 1949.

<sup>169</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Bréf ráðuneytisstjóra spænska viðskiptaráðuneytisins til skrifstofustjóra erlendra stjórn mála í utanríkisráðuneytinu, 24. maí 1949.

<sup>170</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá Þórði Albertssyni til Péturs Benediktssonar sendiherra í París 20. maí 1949.

<sup>171</sup> AGA. Sendiráð Spáns í Noregi, 82/6569. Bréf frá sendiherra Spáns á Íslandi til utanríkisráðherra, 10. ágúst 1949.



Spænski sendiherrann mat stöðuna rangt þar sem hann taldi að viðskipti Íslands við Spán gætu verið í hættu. Íslendingar sýndu de Torata mikla velvild og viðskiptum við Spán mikinn áhuga. Viðtöl birtust við de Torata og Magnús Víglundsson ræðismann Spánar á Íslandi í flestum dagblöðum landsins, fyrir utan *Þjóðviljann*, þegar hinn fyrrnefndi kom til landsins. Einnig var birt viðtal við Þórð Albertsson umboðsmann SÍF á Spáni í *Morgunblaðinu*, en hann lýsti mikilli ánægju almennings á Spáni með ákvörðun Íslendinga um að styðja við bakið á Spánverjum hjá Sameinuðu þjóðunum.<sup>172</sup> Almenn bjartsýni ríkti um að viðskipti landanna myndu nú hefjast af alvöru á ný.

Spánverjar héldu áfram að biðja Íslendinga um stuðning hjá Sameinuðu þjóðunum næstu árin. Ályktunin frá árinu 1946 var að forminu til enn í gildi og Spánn fékk ekki aðgang að alþjóðlegum samtökum. Sendiherrar Spánar voru oft í miklu uppnámi þegar þeir lýstu óréttlætinu sem þeir töldu „alþjóðasamfélagið“ beita þá fyrir íslenskum starfsbræðrum.<sup>173</sup> Einangrun Spánar var þó aflétt bæði að forminu til og í raun næstu ár og því sífellt minna tilefni til þess krefja Íslendinga um stuðning. Eftir stendur að Ísland var eina ríkið í Vestur-Evrópu sem var reiðubúið að styðja Spán hjá Sameinuðu þjóðunum á árunum 1948–1949. Til að rökstyðja ákvörðunina var gjarnan bent á að ályktun Sp væri ómerk og enginn færi eftir henni eins og utanríkisráðuneytið gerði eða bara spurning um orðhengilshátt sem aðeins sérfræðingar í alþjóðamálum gátu skilið eins og *Morgunblaðið* gerði í júní 1949. Blaðið hefði þá getað bætt við að sérfræðingar Íslands í Utanríkisráðuneytinu hefðu ekki heldur skilið innihald ályktunar Sp eins og fram kom að ofan. Fyrir Spánverja var ályktun Sp þó ekkert smámál heldur var mikilvægt markmið í utanríkismálum að fá henni hnekk. Það má sjá á því hversu kröftuglega Íslendingar voru beðnir að kjósa með tillögu Brasilíu og velvildinni sem þeir nutu í kjölfarið. Einnig lögðu Spánverjar mikla áherslu á að Íslendingar skipuðu sendiherra í Madrid þegar þeir áttuðu sig á að Íslendingar væru ekki fráhverfir því. Þegar Pétur Benediktsson kom loks til Madrídarár í nóvember 1949 til að afhenda Francisco Franco trúnaðarbréf sitt voru birtar myndir af því á forsíðu *ABC*, einu stærsta dagblaði Spánar.<sup>174</sup>

<sup>172</sup> „Spánverjar hugsa gott til íslenskra viðskifta,“ *Morgunblaðið*, 30. júlí 1949, bls. 5.

<sup>173</sup> Þí. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Skýrsla Thors Thors til utanríkisráðherra, 8. mars 1950 til dæmis.

<sup>174</sup> „En el Palacio de el Pardo“ *ABC*, 25. nóvember, 1949, bls. 1.

Stjórnmalasambandið við Ísland og stuðningurinn á allsherjarþingi Sp skipti Spánverja miklu máli á þessum tíma og ekki er víst að Íslendingar hafi gert sér grein fyrir því í upphafi. Málið olli nokkru uppnámi á meðal íslenskra kommúnista, en þó engu í líkingu við það sem viðgekkst meðan á borgarastríðinu stóð. Alþýðuflokksmenn höfðu aftur á móti alveg skipt um afstöðu gagnvart Franco og töldu sig vel geta stutt Spán á opinberum vettvangi gegn því að eiga í viðskiptum við landið. Íslenska utanríkisþjónustan og utanríkisráðherra gengu í takt með öðrum vestrænum ríkjum þegar kom að því að einangra Spán árið 1946, en sneri svo við blaðinu innan við tveimur árum síðar og fór að undirbúa upptöku stjórnmalasambands. Mikill þrýstingur var á stjórnvöld og embættismenn frá útgerðarmönnum sem vildu taka upp viðskipti við Spán tafarlaust. Ákvörðunin um að styðja Spán var ekki tekin í óðagoti. Utanríkisráðherra ráðfærði sig við embættismenn ráðuneytisins. Þeir mátu stöðuna hins vegar rangt þegar þeir töldu önnur ríki ekki mótmæla ákvörðun Íslands og þegar ákveðið var að skipa sendiherra í Madríd að fyrra bragði. Eftir að ákvörðunin var tilkynnt spænskum yfirvöldum varð ekki aftur snúið, en hik kom á utanríkisþjónustuna vegna viðbragða Breta og annarra Norðurlanda. Reynt var að láta málið kyrrt liggja, en Spánverjar gerðu sér grein fyrir sterkri stöðu og þrýstu á Íslendinga um algjöran stuðning áður en til viðskipta gæti komið. Spánverjar fengu það sem þeir vildu úr samstarfinu við Íslendinga, en Íslendingar töldu sig aftur á móti hafa fengið velvild Spánverja sem myndi koma þeim að góðu í samningaviðræðum um viðskipti. Íslendingar minntu ennfremur Spánverja reglulega á að þeir hefðu stutt þá einir vestrænna ríkja þegar reynt var að liðka fyrir viðskiptum.

#### 4. Viðskipti standa ekki undir væntingum

##### Dapurtt ástand spænsks efnahags og slæmar fisksöluhorfur

Sumarið 1949 ríkti mikil bjartsýni um saltfisksölu til Spánar eftir áralangt hlé. Þórður Albertsson, umboðsmaður SÍF í Bilbao, taldi Spánverja geta keypt allt að 30.000 tonn, sem var sama magn og Íslendingar fluttu til Spánar á árunum fyrir borgarastríð. Dró Þórður upp rósrauða mynd af stöðunni og fullyrti að lítill innflutningur Spánverja árin á undan stafaði eingöngu af því að þeim var ekki gert kleift að kaupa saltfisk frá Íslandi.<sup>175</sup> Efnahagur Spánar var þó afar veikburða eftir áralanga óstjórn Francos og sumar hagtölur voru verri en þær höfðu verið áður en borgarastríðið hófst. Minnihluti Spánverja hafði hagnast vel á efnahagsstefnu Francos, þeir sem áttu sitt undir sjálfspurftarþúska, t.d. landeigendur og kaupþýslumenn. Meirihluti Spánverja þurfti þó að sætta sig við mikla lífskjaraskerðingu sem tók áratugi að vinna upp. Sem dæmi höfðu Spánverjar að meðaltali 13% minna ráðstöfunarfé en Ítalir árið 1930, en árið 1950 var munurinn 40% Ítölum í vil.<sup>176</sup> Iðnaður á Spáni náði ekki sömu afköstum og hann skilaði árið 1929 fyrr en árið 1950 og landbúnaðarframleiðsla ekki fyrr en árið 1958. Verg landsframleiðsla náði ekki sama magni og árið 1929 fyrr en seint á 6. áratugnum.<sup>177</sup> Í Andalúsíu var vannæring enn útbreidd árið 1953. Víða voru merki um misþroska barna og um elliglöp hjá tiltölulega ungu fólki í héraðinu vegna matarskorts.<sup>178</sup> Þrátt fyrir að hafa sloppið við átök seinni heimsstyrjaldar dróst spænskur efnahagur aftur úr öðrum hagkerfum álfunnar.

Á 6. áratugnum var þó verst matarskorturinn liðinn hjá og skömmtunum var hætt. Þá voru flestir falangistar í stjórninni gengnir af trúnni, en þótt stjórnin væri ekki lengur fasísk var hún sannarlega ennþá valdboðssinnuð herforingjastjórn. Yfirvöld á Spáni tóku yfir alla stjórn á utanríkisverslun og aðeins var flutt inn það allra nauðsynlegasta. Þrátt fyrir það var langavarandi halli á viðskiptum við útlönd og því var sífellt reynt að draga enn meir úr innflutningi.<sup>179</sup> Stefna stjórnarinnar og framtíðarsýn snerist nú um að iðn- og nútímavæða Spán sama hvað það kostaði og

<sup>175</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá Þórði Albertssyni til Péturs Benediktssonar sendiherra í París 20. maí 1949.

<sup>176</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 205

<sup>177</sup> Jean Grugel og Tim Rees. *Franco's Spain*, bls. 109.

<sup>178</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 1078.

<sup>179</sup> Franco: „La dictadura de Franco“ bls. 216.

miðaðist hagstjórnin við að byggja upp iðnað í skjóli hafta.<sup>180</sup> Stjórnin lagði þar að auki enn mikla áherslu á byggja upp her landsins, jafnvel eftir að friður komst á í Evrópu. Stjórn Francos eyddi t.a.m. átta sinnum meira í varnarmál en í menntamál árið 1941 og tæplega fimm sinnum meira árið 1955.<sup>181</sup>

Hagstjórnin bar þó lítinn árangur. Á seinni seinni hluta 6. áratugarins var sjálfspurftarstefna Francos komin að fótum fram. Árið 1956 leiddu bág kjör til stúdentauppreisna sem að lokum urðu til þess að Franco gerði róttækar breytingar á stjórn sinni og tekin var upp nútímalegri stefna í efnahagsmálum. Falangistarnir sem eftir voru viku fyrir tæknirötum sem höfðu aðra sýn á efnahagsmál.<sup>182</sup> Franco hætti smátt og smátt að stjórna landinu sjálfur og eftirlét það ráðherrum sínum að mestu. Með tímanum varð Franco að táknrænum höfðingja sem sást aðeins við hátíðleg tækifæri eða þegar hann tók á móti erlendu tignarfólki. Markaðshagkerfi var innleitt, iðnaðarframleiðsla jókst hratt, reynt var að laða erlenda fjárfestingu til landsins og borgir stækkuðu þegar fólk flykkist úr dreifbýli til að vinna í verksmiðjum í Madrid, Barcelona eða Bilbao.<sup>183</sup> Hagvöxtur jókst hratt í upphafi 7. áratugarins ekki síst vegna þess að Spánn var álitlegur kostur fyrir erlenda fjárfesta. Íbúarnir höfðu verið undir stjórn fasista í aldarfjórðung sem kúguðu andstæðinga sína og brutu á bak aftur verkalýðsfélög. Spænskir verkamenn voru því reiðubúnir til að vinna langan vinnudag fyrir lágt kaup og fóru sjaldan í verkfall.<sup>184</sup>

Á meðan spænska hagkerfið hökti á 6. áratugnum vænkaðist hagur Franco á alþjóðavettvangi hratt. Kóreustríðið átti þar stærstan þátt. Vesturveldin áttu í köldu stríði við Sovétríkin og Spánn var nauðsynlegur hlekkur í vörninni gegn þeim.<sup>185</sup> Bandaríkin tóku upp fullt stjórn málasamband við Spán í ársbyrjun 1951, Bretar stuttu síðar og sama ár fékk Spánn Marshallaðstoð. Árið 1953 gerðu Spánn og Bandaríkin með sér samstarfssamning um varnarmál sem batt í raun enda á einangrun Spánar. Bandaríkin hefðu gjarnan viljað hleypa Spáni í Atlantshafsbandalagið, en andstaða Evrópuríkjanna kom í veg fyrir það.<sup>186</sup> Árið 1955 létu Sovétmenn loks af andstöðu sinni og Spánn fékk inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar. Fjórum árum síðar gekk Spánn í

<sup>180</sup> Jean Grugel og Tim Rees. *Franco's Spain*, bls. 58.

<sup>181</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 1296, 1334 og 1345.

<sup>182</sup> Franco: „La dictadura de Franco,“ bls. 212.

<sup>183</sup> Preston, *Franco*, staðsetn. 15054-15065

<sup>184</sup> Sama, staðsetn. 15433.

<sup>185</sup> Portero, „Spain, Britain and the Cold War“ bls. 225.

<sup>186</sup> Jean Grugel og Tim Rees. *Franco's Spain*, bls. 166.

Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Ímynd Spánar batnaði einnig á meðal almennings í Evrópu á 6. áratugnum vegna aukins fjölda ferðamanna. Þótt ferðalög til Spánar væru ennþá of dýr fyrir flesta evrópska verkamenn á þeim tíma fjölgaði þeim hægt en örugglega. Með tilkomu ódýrra pakkaferða á 7. áratugnum varð síðan sprenging í fjölda ferðamanna. Árið 1960 komu til að mynda sex milljónir ferðamanna til Spánar, en árið 1970 sóttu 30 milljónir manna landið heim.<sup>187</sup> Þá hafði bættur hagur og aukin erlend áhrif gert það að verkum Franco og falangistar voru orðnir að tímaskekkju aftan úr forneskju, jafnvel í augum margra Spánverja.

### Reynt að komast aftur á Spánarmarkað

Árið 1949 hélt Franco ennþá föstum tökum á stjórn landsins, einnig hagstjórn og utanríkisverslun. Það var á alla vitorði að það skipti öllu máli að njóta velvildar stjórnarinnar þegar átt var í viðskiptum við Spán. Íslenskir útgerðarmenn töldu Íslendinga því í kjörstöðu til að komast inn á spænska markaðinn þetta sumar. SÍF hvatti utanríkisráðuneytið til að nýta þá velvild sem Ísland naut eftir atkvæðagreiðsluna á fundi Sameinuðu þjóðanna og gera sem fyrst viðskiptasamning við Spán. Fyrirsjáanlegt var að saltfiskframleiðsla myndi aukast. Í bréfi Sambandsins til ráðuneytisins sama ár var það orðað svo: „Af bréfum og blaða-úrklippum, sem borist hafa undanfarið, er ljóst að Íslendingar eiga nú miklum vinsældum að fagna á Spáni vegna afstöðu sinnar við atkvæðagreiðsluna um Spán á fundi Sameinuðu þjóðanna og því hagkvæmt að nota tækifærið til að semja á meðan þeir atburðir gleymast ekki, þar eð sá velvilji í garð Íslands, sem þar gætir nú, myndi án efa auðvelda verulega að hagkvæmir samningar næðust.“<sup>188</sup>

Fjöldi bréfa frá SÍF og umboðsmönnum þess sumarið 1949 bendir til að útgerðarmenn töldu mikið liggja á málinu.<sup>189</sup> Boðaðar þingkosningar í Noregi um haustið gerðu Íslendinga einnig taugaóstyrka.<sup>190</sup> Stjórnarskipti þar í landi hefðu getað leitt til betra sambands við Spán og þar með aukinnar samkeppni við Íslendinga á saltfiskmarkaði. Norski verkamannaflokkurinn sigraði þó örugglega í kosningunum og því kom ekki til þess að óttast þyrfti samkeppni þaðan.

<sup>187</sup> Sanchez, *Fear and Progress*, staðsetn. 210.

<sup>188</sup> Þí. Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/132 1. Bréf frá SÍF til utanríkisráðuneytis, 27. júní, 1949.

<sup>189</sup> Þí. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá utanríkisráðuneyti til sendiráðs Íslands í París, 5. júlí 1949 og bréf frá SÍF til utanríkisráðuneytis dagsett 26. ágúst 1949.

<sup>190</sup> Þí. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Minnisblað Gunnlaugs Péturssonar, 29. ágúst 1949.

Eftir ferð Helga Þórarinssonar 1947 gerðu íslenskir útgerðarmenn sér grein fyrir því að aldrei gat komið annað til greina en að gera vöruskiptasamning við Spán. Spánverjar létu ekki gjaldeyri af hendi, allra síst til að kaupa matvæli, en vildu gjarnan koma spænskum vörum á erlendan markað til að byggja upp eigin iðnað. Íslendingar höfðu aftur á móti mikla þörf fyrir gjaldeyri en takmörkuð not fyrir spænskar vörur sem áður höfðu verið fluttar inn þaðan, einkum ávexti og vín. Salfiskmagnið sem Íslendingar vonuðust til að selja yrði auk þess það mikið að fámenn þjóð eins og sú íslenska gæti aldrei neytt allra þeirra matvæla sem kæmu í staðinn fyrir fiskinn. Íslenskir ráðamenn gerðu sér þó vonir um að hægt væri að fá gjaldeyri fyrir fiskinn eins og tíðkast hafði fyrir borgarastríðið. Þegar málinu var hreyft við sendiherra Spánar þegar hann kom hingað til lands sumarið 1949 sló hann hins vegar á allar slíkar hugmyndir. Aldrei yrði um annað að ræða en vöruskipti.<sup>191</sup>

Þórður Albertsson, umboðsmaður SÍF í Bilbao, taldi þó að lítið mál yrði að finna spænskar vörur til að skipta fyrir salfiskinn. Vefnaðarvörur væri t.d. hægt að fá á góðu verði.<sup>192</sup> Til að sannreyna hvað væri í boði fyrir íslenska neytendur var ákveðið að senda fulltrúa íslenskra fyrirtækja til Spánar um haustið. Það voru þeir Guido Bernhöft stórkaupmaður á vegum Verzlunarráðs Íslands, og Jón Björnsson, en hann var valinn af Sambandi íslenskra samvinnufélaga (SÍS). Tvímenningarnir fóru víða um Spán og heimsóttu verksmiðjur og útflutningsfyrirtæki. Þeir töldu heppilegast að flytja inn ávexti, kork, skó og vefnaðarvöru, en einnig kæmi til greina að flytja inn hreinlætistæki, fiskinet og miðstöðvarofna. Óvissa var með á hvaða gengi vörunar fengjust og því gátu þeir ekki sagt til um hvort verðið væri samkeppnishæft. Var það þó talið hærra en annars staðar.<sup>193</sup> Ferðin skilaði því litlum árangri og þeir Guido Bernhöft og Jón Björnsson komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri mikið í boði sem Íslendingar gætu flutt inn. Minnisblöð og skýrslur úr utanríkisráðuneytinu benda til þess að mikil svartsýni hafi einnig ríkt þar um hvort yfir höfuð væri hægt að kaupa nógu mikið frá Spáni til að hægt væri að senda salfisk þangað.<sup>194</sup> Því var t.d. velt upp hvort unnt væri að selja salfisk til Spánar framhjá opinberum sölusamböndum og til stakra innflytjenda sem hefðu

<sup>191</sup> AGA. Sendiráð Spánar í Noregi. 82/6569. Bréf sendiherra Spánar í Noregi til utanríkisráðuneytis Spánar, 11. ágúst, 1949.

<sup>192</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá Þórði Albertssyni til Péturs Benediktssonar sendiherra í París 20. maí 1949.

<sup>193</sup> Þf. Samband íslenskra fiskframleiðenda 2011. E/1 7. Skýrsla Jóns Björnssonar og Guidos Bernhöft um útflutningsvörur Spánar, 26. október 1949.

<sup>194</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Ómerkt bréf, dagsett 14. desember 1949.

tengsl við svarta markaðinn þar sem verð á fiski var miklu hærra en opinbera verðið og möguleiki á betri greiðslukjörum.<sup>195</sup>

Í nóvember var fyrirhugað að Pétur Benediktsson færi til Madrídaráðs að afhenda Franco trúnaðarbréf sitt og hefja samningaviðræður við spænska embættismenn. Ráðgjafarnefnd um utanríkisviðskipti ákvað samningsmark Íslands í utanríkisráðuneytinu í aðdraganda ferðar hans. Sjálfur hafði Pétur tilkynnt ráðuneytinu að þar sem svo mikið var óljóst með viðskipti landanna væri best að hafa samninginn eins almennt orðaðan og hægt væri. Ekki væri ráðlegt að tilgreina fastan innflutningskvóta á saltfiski og alls ekki skuldbinda Ísland til að kaupa ákveðið magn af vörum.<sup>196</sup> Gunnlaugur Pétursson, fulltrúi utanríkisráðuneytisins, vakti athygli á skýrslu Jóns og Guidos og „... áleit hann að skýrslan bæri með sér að þar væri ekki miklir möguleikar á hagkæmum vöruinnkaup [svo].“<sup>197</sup> Richard Thors sem sat fundinn fyrir hönd SÍF taldi aftur á móti nauðsynlegt að tilgreina lágmarksinnflutning Spánverja. Að lokum var þó ákveðið að gera almennan samning.<sup>198</sup>

Pétur afhenti Franco trúnaðarbréf sitt 24. nóvember 1949. Athöfnin var aðeins formsatriði, en Pétur sagði að Franco hefði mætt íslenskan saltfisk og lýst yfir miklum áhuga á að viðskipti landanna hæfust sem fyrst. Hann varð einnig var við það hjá öðrum embættismönnum, háum sem lágum, að mikill áhugi var á viðskiptasamningi við Ísland. Helgi Þórarinnsson og Þórður Albertsson frá SÍF fóru einnig til Madrídaráðs vegna samningaviðræðnanna, en sátu ekki fundina. Spænsku embættismennirnir gengu að öllum tillögum Íslands um samninginn án athugasemda og sagðist Pétur aldrei hafa „... staðið í samningagerð, sem gekk jafn greiðlega og þessi ...“<sup>199</sup> Samningurinn var þó ekki góður að hans dómi, en betri en ekkert. Þá skrifaði Pétur að þó aðeins tveir háttsettir embættismenn og einn aðstoðarmaður hefðu tekið þátt í samningaviðræðunum var höfð meiri viðhöfn en hann var vanur þegar samningurinn var undirritaður. Martín Artajo utanríkisráðherra auk fjölda stórmenna var viðstaddur undirskriftina og fjallað var um hann í öllum blöðum.<sup>200</sup>

<sup>195</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Nafnlaust minnisblað, 1. nóvember 1949.

<sup>196</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Skeyti frá Pétri Benediktssyni til utanríkisráðuneytisins, 12. nóvember 1949.

<sup>197</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Fundargerð frá ráðgjafarnefnd um utanríkisviðskipti, 11. nóvember 1949.

<sup>198</sup> Sama

<sup>199</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Bréf frá Pétri Benediktssyni sendiherra í París til Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra, 9. apríl 1950.

<sup>200</sup> Sama heimild.

Viðhöfnin við undirskrift samningsins var ef til vill aðeins formsatriði og uppheld sem var sýnd öllum sendiherrum. Fernando de Torata hafði þó hvatt spænska utanríkisráðuneytið til að sýna Íslendingum alla þá greiðvikni sem hægt væri eftir heimsókn sína til Íslands fyrr á árinu. Hann hafði sérstaklega mikið álit á Bjarna Benediktssyni vegna baráttu hans gegn kommúnisma og taldi að þakka ætti honum persónulega fyrir að Ísland studdi Spán hjá allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrr á árinu. Fyrir það hefði Bjarni mátt þola mikla gagnrýni erlendis og á Íslandi. Spánverjar yrðu að veita Íslendingum góð viðskiptakjör því að annað gæti veitt andstæðingum Spánar á Íslandi byr undir báða vængi og niðurlægt Bjarna.<sup>201</sup> Velvild de Torata kann að hafa skilað sér í virðulegum athöfnum, en hún dugði ekki til að gera hagstæðan samning fyrir Ísland. Til að bæta gráu ofan á svart var altalað að Spánverjum gengi illa að uppfylla samninga við þau ríki sem landið átti í viðskiptum við. Mikill vöruskortur var á Spáni og verð hátt. Mismunandi gengi fyrir ýmsar vörur flækti einnig málið. Spænskar vörur voru auk þess seldar á verði sem var hærra en heimsmarkaðsverð fyrir svipaðar vörur.<sup>202</sup> Meðan á samningaviðræðunum stóð stungu fulltrúar SÍF því upp á að fiskurinn yrði seldur á yfirverði þar sem spænskar vörur yrðu keyptar á yfirverði. Pétur Benediktsson var ekki fráhverfur hugmyndinni. Hann orðaði það svo í skýrslu:

Norskir og sænskir útflytjendur eru náttúrliga ánægðir með að fá venjulegt útflutningsverð fyrir þær vörur, er þeir selja til Spánar, og fyrir þessar þjóðir er því aðallega um það að ræða að finna hentugasta kerfið til þess að gera spænskar vörur samkeppnisfærar á markaðnum heima fyrir. Hjá okkur kann málið að horfa nokkru öðruvísi við, því að vel má vera að okkur henti betur, að framleiðendurnir fái að njóta góðs af hinu háa fiskverði, er Spánverjar borga.<sup>203</sup>

Þetta var vissulega aðeins tillaga, en allt bendir til þess að útgerðarfyrirtækin hafi fengið að njóta háa verðsins. Spænski vöruskiptasamningurinn fór eftir vel þekktu formi. Enginn gjaldeyrir var fluttur milli Spánar og Íslands heldur var greitt fyrir vörur

<sup>201</sup> AGA. Sendiráð Spánar í Noregi. 82/6569. Bréf sendiherra Spánar í Noregi til utanríkisráðuneytis Spánar, 11. ágúst, 1949 og Spænska utanríkisráðuneytið. 82/6935. Bréf frá sendiherra Spánar á Íslandi til Pedro Sebastián de Erice, 1. ágúst 1949.

<sup>202</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Bréf frá Pétri Benediktssyni sendiherra í París til Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra, 9. apríl 1950.

<sup>203</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Bréf frá Pétri Benediktssyni sendiherra í París til Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra, 9. apríl 1950.



annars landsins með vörum frá hinu. Framleiðendur beggja landanna fengu greitt í eigin gjaldeyri og íslenskir innflytjendur greiddu fyrir vörur sem fluttar voru inn í krónum. Yfirvöld landanna urðu svo að reyna að halda jafnvægi í útflutningi og innflutningi til að safna ekki of hárrí skuld ef innflutningur var mikill og því var öll verslun háð leyfum. Að sama skapi vildu bæði ríkin flytja sem mest út til að örva eigin framleiðslu og til að geta keypt fleiri vörur frá hinu ríkinu. Þetta samningsform bauð upp á það, eins og Pétur benti á, að framleiðendur gátu fengið hærra verð en heimsmarkaðsverð. Eini gallinn fyrir útgerðarmenn var sá að aðeins fékkst greitt í krónum. Ekkert bendir til annars en að útgerðarfélagin hafi fengið háa verðið í krónum óskipt sem hægt var að nota til að borga innlend útgjöld eins og til dæmis laun. Íslenskir neytendur fengu aftur á móti spænskar vörur á hærra verði en markaðsverði, vörur sem voru þar að auki af litlum gæðum eins og átti eftir að koma í ljós. Landsbanki Íslands hélt utan um greiðslur fyrir þennan samning á Íslandi, þannig að ef vilji hefði verið til staðar hefði verið hægt að nota hluta af söluvirði fisksins til að greiða niður innflutninginn, en það kom aldrei til tals. Háa verðið sem Spánverjar greiddu útskýrir í öllu falli hvers vegna útgerðarfélagin lögðu svo mikla áherslu á að selja sem mest til Spánar næstu ár.

### Brösótt upphaf viðskipta

Fréttum af viðskiptasamningnum var tekið með fálæti á Íslandi og létu flest blöðin fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu nægja. *Vísir* fjallaði þó um samninginn í leiðara og taldi hann til bóta „... enda ber því að fagna þegar einangrun þjóða er rofin, hvort sem hún stafar af alþjóðaheimsku eða innra ofstæki.“<sup>204</sup> *Vísir* hafði jafnan verið það blað sem tók hvað mest upp málstað Spánarstjórnar. Þorsteinn Víglundsson, ræðismaður Spánar á Íslandi, skrifaði oft greinar um Spán í blaðið og birti undir nafni eða nafnlaust. Einnig áframsendi hann greinar frá sendiráði Spánar í Ósló sem voru síðan þýddar og birtar í blaðinu. Kristján Guðlaugsson, ritstjóri *Vísis*, hafði alltaf tekið beiðnum hans vel og var hliðhollur málstaði Spánar.<sup>205</sup> *Morgunblaðið* fjallaði ekki beinlínis um samninginn, en strax um áramótin bar á áhyggjum af því að ekki yrði hægt að flytja inn nóg af spænskum vörum til jafns við þann saltfisk sem hægt var að

<sup>204</sup> „Verslunarsamningar við Spán,“ *Vísir*, 20. desember 1949, bls. 4.

<sup>205</sup> AGA. Sendiráð Spánar í Noregi. (10)68 54/05312. Bréf ræðismanns Íslands til sendiherra Spánar í Noregi, 12. september 1950.

framleiða.<sup>206</sup> Þessi tónn sem þarna var sleginn átti eftir að hljóma næstu ár og lesendur jafnframt hvattir að kaupa sem mest af spænskum vörum til að auka saltfisksöluna.

Ljóst var að enginn saltfiskur yrði seldur til Spánar nema vörur væru keyptar þar fyrst. Samt sem áður voru engin innflutningsleyfi fyrir spænskar vörur gefin út veturinn 1949–1950 og velktist Spánarverslunin um í kerfinu allt árið. Fjárhagsráð, sem hafði meðal annars það hlutverk að ákveða hvaða vörur mætti flytja inn til landsins, var undir miklum þrýstingi frá viðskiptaráðuneytinu og útgerðarfélagunum um að veita innflutningsleyfi fyrir spænskum vörum. Þeir sem fóru fyrir Fjárhagsráði höfðu aftur á móti ekki hugmynd um hvaða vörur gætu komið til greina. Áðurnefnd ferð Guidos Bernhöfts og Jóns Björnssonar skilaði ekki neinum árangri og þar sem gengismál á Spáni voru óljós vissi enginn í raun á hvaða verði vörunar fengjust. Kvartaði Fjárhagsráð til viðskiptaráðuneytisins yfir því að fulltrúar útgerðarinnar hefðu komið á fund ráðsins og krafist þess að vörur frá Spáni yrðu keyptar undir eins til þess að hægt yrði að hefja þangað útflutning. Fjárhagsráð benti þeim á að snúa sér til innflytjenda og biðja þá að sækja um leyfi til innflutnings, en síðan þá hefði ekkert heyrst hvorki frá útgerðarmönnum né innflytjendum.<sup>207</sup> Í marsmánuði lét viðskiptaráðherra kvörtunum yfir seinaganginum rigna yfir Fjárhagsráð. Voru tilmæli ríkisstjórnarinnar um að hafinn yrði nauðsynlegur undirbúningur að leyfisveitingum fyrir innflutning frá Spáni ítrekaðar og taldi viðskiptaráðherra að allar tafir á því myndu hafa alvarlegar afleiðingar.<sup>208</sup> Fjárhagsráð hélt fast við sitt og benti á að það gæti ekkert gert fyrr en umsóknir um innflutningsleyfi bærust frá innflytjendum og að óvissa væri enn um verð á vörum.<sup>209</sup>

Þegar líða tók á sumarið fóru þó að berast pantanir á spænskum vörum og var leyfi gefið fyrir þeim og auglýsingar á spænskum vörum fóru að vera áberandi í íslenskum blöðum. Þá bar svo við að pantanir bárust seint og illa frá Spáni. Kvartanir frá íslenskum kaupmönnum fóru að berast til viðskiptaráðuneytisins. Var þar ýmist við spænska framleiðendur eða spænsk stjórnvöld að sakast. Skókaupmaður í Reykjavík kvartaði til að mynda yfir því í desember að pöntun sem hann hafði lagt inn í ágúst og

<sup>206</sup> „Nokkur orð varðandi inn- og útflutningsverslunina 1949,“ *Morgunblaðið*, 31. desember 1949, bls. 2.

<sup>207</sup> Þf. Viðskiptaráðuneytið 1994. B/68 1. Bréf frá Fjárhagsráði til viðskiptaráðuneytis, 25. febrúar 1950.

<sup>208</sup> Þf. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá viðskiptamálaráðuneyti til Fjárhagsráðs, 1. og 4. mars 1950.

<sup>209</sup> Þf. Viðskiptaráðuneytið 1963. B/68 1. Bréf frá Fjárhagsráði til viðskiptaráðuneytis, 25. febrúar 1950.

greitt að hluta hefði enn ekki borist.<sup>210</sup> SÍS kvartaði einnig yfir því að gúmmí til skógerðar og skóleður fengist ekki sent og að ekki væri hægt að kaupa vefnaðarvörur frá Spáni því þær væru allt of dýrar.<sup>211</sup> Spænskar vörur nutu því lítilla vinsælda á Íslandi í upphafi og útlitið með að skipta á þeim og saltfiski var ekki gott.

Íslenskir útgerðarmenn sem og stjórnvöld sáu að ekki var hægt að sitja auðum höndum. Sumarið 1950 hafði SÍF samband við Ólaf Thors, sem þá var atvinnumálaráðherra í stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og gerði honum grein fyrir saltfiskframleiðslu í landinu og söluhorfum. Eftir að hafa gert ráð fyrir sölu til Grikklands, Portúgal, Englands, Brasilíu og Kúbu gengu um 9.000 tonn af og þeim yrði koma á Spánarmarkað. Stjórnvöld yrðu að byrja að kaupa vörur frá Spáni til að fá Spánverja til að taka við saltfiskinum og það yrði að gerast fljótt. Ef ekki næðist að koma framleiðslunni á Spánarmarkað myndu 9.000 tonn af fiski verða afgang og bætast við framleiðslu næsta árs. Útgerðarmenn hefðu gert ráð fyrir að fá greitt spænskt verð fyrir saltfiskinn, sem var nauðsynlegt til að bæta fyrir sölu til Portúgal. Portúgalir borguðu fyrir saltfisk með gjaldeyri, en á lægra verði en það sem fékkst á Spáni.<sup>212</sup> Útgerðin þurfti á sölu til Spánar að halda til að standa undir sér, þar sem herra verð fékkst fyrir hann þar en í löndum sem greiddu fyrir saltfisk í gjaldeyri. Einnig sést á þessu að útgerðarfélögin fengu að njóta háa verðsins sem fékkst fyrir saltfiskinn, en íslenskur almenningur þurfti að greiða spænsku vörunar, sem voru dýrari en í öðrum löndum, fullu verði. Það var enda ýmislegt reynt þetta ár. Athugað var hvort hægt væri að kaupa spænskar vörur til þess eins að selja þær eitthvað annað og einnig hvort líklegt væri til árangurs að skipa opinberan fulltrúa í Madríd.<sup>213</sup> Síðar voru einnig gerðar tilraunir til að kaupa bómull og ull í þriðja landi, senda til Spánar og búa þar til fatnað.<sup>214</sup> Allt var þetta þó án árangurs. Spánverjar vildu ekki leyfa Íslendingum að áframselja vörur sínar annað og tilgangslaust var að skipa fulltrúa í Madríd, enda strandaði verslunin ekki á Spánverjum heldur á áhugaleysi innflytjenda og neytenda á að kaupa spænskar vörur eins og viðskiptasamningur þjóðanna kvað á um.

<sup>210</sup> ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf frá Lárusi G. Jónssyni til viðskiptaráðuneytisins 14. desember 1950.

<sup>211</sup> ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf frá SÍS til viðskiptamálaráðuneytis, 16. janúar 1951.

<sup>212</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Bréf frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda til atvinnumálaráðherra, 21. júlí 1950.

<sup>213</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Bréf frá viðskiptamálaráðuneyti til utanríkismálaráðuneytis, 11. ágúst 1950 og ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis, 7. desember 1950.

<sup>214</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/132 1. Minnisblað utanríkisráðuneytis, 6. september, 1951.

Um haustið fundaði ríkisstjórn Íslands með fulltrúum SÍF og Verzlunarráði Íslands og lagði hart að kaupmönnum að auka innkaup frá Spáni útgerðarinnar vegna. Innflytjendur bentu á móti á að spænskar vörur væru dýrari en svipaðar vörur sem fengjust annars staðar frá auk þess sem þær vörur sem helst var hægt að selja á Íslandi, vefnaðarvörur, væru oftast ófánlegar. Engar líkur voru á að það myndi breytast.<sup>215</sup> Yfirvöld hvöttu jafnframt innflytjendur til að ferðast til Spánar og kynna sér vöruúrvalið.<sup>216</sup> Nokkrir íslenskir kaupsýslumenn höfðu ferðast til Spánar í þessum erindagjörðum og reglulega birtust viðtöl við þá í *Vísi* og *Morgunblaðinu*. Til dæmis birtust tvö viðtöl við Magnús Víglundsson ræðismann í *Vísi* með stuttu millibili síðla árs 1950 og það þriðja í *Frjálsri Verzlun*. Í öllum viðtölunum sagði hann mikinn áhuga íslenskra kaupmanna á viðskiptum við Spán og hann hefði ekki undan að svara fyrirspurnum þeirra. Einnig var mikið að gera við að afgreiða vegabréfsáritanir kaupmanna sem vildu fara til Spánar í viðskiptaerindum. Verð á vörum og þjónustu væri afar hagstætt og iðnaður var á háu stigi að mati Magnúsar.<sup>217</sup>

Það sama kom fram í viðtali við Magnús Kjaran kaupmann sem birtist í *Morgunblaðinu* í desember 1950. Þar kom einnig fram að fjöldi íslenskra athafnamanna væri á ferðalagi um Spán í leit að vörum til að flytja til Íslands.<sup>218</sup> Magnús dvaldist á Spáni sex vikur og birtist meðal annars við hann viðtal í *Arriba*, mál gagni falangistaflokksins. Þar rakti hann langa viðskiptasögu landanna og minnti á stuðning Íslands við Spán á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.<sup>219</sup> Áhugi íslenskra innflytjenda var eflaust einlægur. Magnús Víglundsson bað sendiráð Spánar í Osló t.d. oft um upplýsingar um framleiðendur og sagði að nær daglega bærust honum fyrirspurnir.<sup>220</sup> Áhuginn hefur þó minnkað fljótt eftir fyrstu kynni því innflutningur frá Spáni lét á sér standa enn um sinn. Bæði Magnús Kjaran og Magnús Víglundsson drógu upp glansmynd af spænskum vörum og iðnaði sem átti sér enga stoð í

<sup>215</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/132 1. Bréf Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra til Péturs Benediktssonar sendiherra, 5. október 1950.

<sup>216</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Bréf frá Pétri Benediktssyni sendiherra í París til utanríkisráðherra, 26. október 1950.

<sup>217</sup> „Hugur eykst á Spánarviðskiptum“ *Vísir*, 28 september 1950, bls. 8. og „Á Spáni fást ýmsar vörur á hagstæðara verði en víða annars staðar“ *Vísir*, 29 desember 1950, bls. 5-6.

<sup>218</sup> „Spánverjar eru elskuleg þjóð.“ *Morgunblaðið*, 5. desember 1950, bls. 9.

<sup>219</sup> „Magnus Kjaran fue el primero en llevar a Islandia naranjas españolas.“ *Arriba*, 20. október 1950, bls. 2.

<sup>220</sup> AGA. Sendiráð Spánar í Noregi. 54/5312. Bréf ræðismanns Spánar á Íslandi til sendiherra Spánar í Noregi, 19. maí 1950.

veruleikanum, því eins og kaupmenn og fulltrúar þeirra viðurkenndu í einkasamtölum voru vörurnar dýrar og af litlum gæðum.

Ekki gat gengið við svo búið. Þegar kom að því að endurnýja viðskiptasamning ríkjanna um áramótin 1950–1951 fór Ólafur Thors til Madrídar til að taka þátt í samningaviðræðunum ásamt Pétri Benediktssyni sendiherra. Farið var að gæta örvæntingar á meðal Íslenskra ráðamanna vegna þess hve illa Spánarsalan gekk. Pétur grátbað til dæmis spænskan starfsbróður sinn í París um að hjálpa sér við að útvega innflutningsleyfi fyrir um 165.000 sterlingspunda virði af saltfiski og að hann myndi líta á það sem persónulegan greiða yrði leyfið veitt.<sup>221</sup> Vinsamleg afstaða Íslands til Spánar tveimur árum fyrr dugði þó ekki til að útvega leyfið því þegar viðræður hófust í Madríd í mars var beiðnin um innflutningsleyfið ítrekuð. Tomás Suñer ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu fór fyrir samninganefnd Spánverja, en vildi ekki gefa leyfi fyrir innflutningnum nema Íslendingar flyttu inn spænskar vörur fyrst. Pétur og Ólafur skuldbundu sig munnlega til að auka innflutning á spænskum vörum þó að það hafi ekki komið fram í samningnum. Á móti skuldbundu Spánverjar sig skriflega til að kaupa 3050 tonn af saltfiski, sem var þó mun minna en Íslendingar höfðu beðið um, gegn því að Íslendingar myndu einnig selja hrogn og lýsi.<sup>222</sup> Annars urðu ekki gerðar róttækar breytingar á samningnum á fundinum í Madríd og átti samningurinn eftir að gilda nær óbreyttur til ársins 1959.

Mikið var gert úr dvöl Ólafs Thors á Spáni, enda var hann líklega einn af fyrstu starfandi ráðherrum erlends ríkis til að heimsækja landið opinberlega. Viðtöl birtust við Ólaf í helstu blöðum sem voru hliðholl stjórninni eins og *Arriba*, *Madríd*, *Alcazar* og *Informaciones*. Í blöðunum kom fram að Ólafur væri bróðir Thors Thors sendifulltrúa hjá Sp og að Ólafur myndi beita áhrifum sínum til þess að Spánn fengi fullan aðgang að samtökunum.<sup>223</sup> Pétur Benediktsson var ekki síður hrifinn af móttökunum. Spánverjar hefðu sýnt Íslendingum mikil liðlegheit og leyft þeim að kaupa ýmsar vörur fyrir saltfisk. Aðrar þjóðir sem selji saltfisk fengju einungis að kaupa ávexti og vín á móti og nutu Íslendingar því betri kjara en samkeppnisríki. Tomás Suñer tjáði þeim Ólafi einnig að Spánn kynni enn að meta að Ísland hefði staðið með þeim á árum

<sup>221</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/13049. Béf frá Pétri Benediktssyni til sendiherra Spánar í París, 16. febrúar 1951.

<sup>222</sup> AGA. Spænska utanríkisráðuneytið. 82/13049. Fundargerð frá viðræðum um viðskiptasamning Íslands og Spánar, 17. mars 1951

<sup>223</sup> „Aumentará el intercambio comercial hispanoislandés“ *Madrid*, 22. mars 1951, bls. 1.

einangrunarinnar þegar landið átti sér fáa talsmenn á alþjóðavettvangi. Pétur skrifaði seinna:

Nú má segja að oft sé ekki mikið leggjandi upp úr kurteisishjali að samningslokum. Þó hygg ég ekki að það eigi við hér. Þótt tveir eða fleiri nýir sendiherrar hafi komið til Madrid í hverri viku að undanfögnu, gleyma Spánverjar því ekki, að við vorum á undan öðrum Evrópuþjóðum í því að rjúfa bannfæringu Sameinuðu þjóðanna, með því að skipa þar sendiherra. Þeir muna og atkvæðagreiðslur okkar á þingi S.P., og þeir kunna að meta það, að íslenzkur ráðherra og forystumaður í stjórnámálum kom til Madrid til viðræðna. [...] En ég þykist mega fullyrða, að engin þjóð hafi rýmra samkomulag við Spánverja né meira frelsi í vöruvali, miðað við það, hvað við látum á móti.<sup>224</sup>

Pétur lagði jafnframt til um vorið að samninganefnd Spánverja yrði launuð aðstoðin og veitt fálkaorða. Taldi hann engan vafa leika á því að orðuveitingin yrði Íslendingum að gagni.<sup>225</sup> Vinátta Spánar og Íslands var í hámarki á þessum tíma og íslenskir embættis- og stjórnámálamenn litu greinilega svo á að aðstoðin við Spán hefði komið Íslandi vel. Vandamálið að fá íslenska neytendur til að kaupa spænskar vörur var þó óleyst.

Stuttu eftir heimkomuna, eða í byrjun maí 1951, flutti Ólafur Thors útvarpserindi þar sem hann gerði grein fyrir Spánarferðinni og verslunarsamningnum. Minntist hann sérstaklega á vinsemdina sem spænskir embættismenn sýndu Íslendingum með því að leyfa þeim að kaupa ýmsar vörur fyrir saltfisk en ekki aðeins vín og ávexti. Þá sagði hann:

Var alls ekki um að villast, að spönsk stjórnvöld vildu sanna vináttu sína í garð íslenskra stjórnvalda, vináttu, sem varla getur stafað af öðru en því, að Íslendingar biðu ekki eftir öðrum, heldur voru þeir þjóða fyrstir til þess að láta í ljós óskir um vináttu og viðskipti við Spánverja, einmitt meðan ýmsar aðrar þjóðir, sem nú sýna Spánverjum mikla hlýju, vildu einangra þá sem allra mest.<sup>226</sup>

Það hafði aldrei leikið neinn vafi á að stuðningur Íslands við Spán á alþjóðavettvangi var vegna viðskiptahagsmuna. Í ávarpinu leit Ólafur aftur á móti á að ákvörðunin um

<sup>224</sup> Þf. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Skýrsla Péturs Benediktssonar til utanríkisráðuneytisins, 8. apríl 1951.

<sup>225</sup> BsR. Skjalasafn Ólafs Thors, 30-6. Bréf Péturs Benediktssonar til utanríkisráðuneytisins, 28. apríl 1951.

<sup>226</sup> BsR. Skjalasafn Ólafs Thors, 30-6. Skýrsla um Spánarför, 1951. Ódagsett.

að veita Spáni stuðning hefði borið hugrekki og jafnvel göfuglyndi vitni. *Þjóðviljinn*, sem aldrei missti sjónar á Spáni, gat ekki sleppt þessu tækifæri til að gagnrýna stjórnina og áhuga Íslenskra innflytjenda á Spánarviðskiptum:

Heildsalaútflytningurinn til Spánar í vetur var að sjálfsögðu framkvæmdur með sérstakri blessun stjórnarvaldanna. Þarna var þó loksins stjórn sem Bjarni Benediktsson gat átt viðskipti við, þarna fundust loks verzlunarsambönd sem hann áleit blessunarrík. Árum saman hefur verið reynt að brýna fyrir honum nauðsyn þess að selja íslenskan fisk til Sovétríkjanna og alþýðuríkja Austurverópu, en heldur hefur hann látið fiskinn morkna og frystihúsin stöðvast, enda er ekki kunnugt að heildsalarnir hafi óskað eftir hópsendingum frá sér til þessara landa. [...] Og þegar einhver vandkvæði urðu á saltfisksendingu til Spánar, slóst sjálfur atvinnumálaráðherrann, formaður Sjálfstæðisflokksins, í heildsalahópin til að leysa vandann. Annar eins sómi hefur fáum öðrum viðskiptaþjóðum Íslendinga verið sýndur. [...] Önnur blessunarrík áhrif eru þau að til landsins hafa komið 30 tegundir af spönskum dúkum. Að sögn heildsalablaðsins *Vísis* eru dúkar þessir „alveg gallalausir.“ Hins vegar hafa þeir þá eiginleika að þeir rifna sundur sé togað lauslega í þá ...<sup>227</sup>

Dúkarnir sem minnst var á í greininni voru ekki hugarburður höfundar og er óhætt að segja að fréttirnar af endurnýjun viðskiptasamningins við Spán hafi komið á afar óheppilegum tíma fyrir Ólaf og aðra sem vildu auka innflutning þaðan. Í mars 1951 hafði borist sending af spænskum vefnaðarvörum sem reyndust alvarlega gallaðar. Pétur Pétursson, verðgæslustjóri, sem hafði eftirlit með verði og gæðum neysluvara, gerði mat á efninu og taldi það algjörlega ósöluhæft, en talsvert magn hafði þá þegar verið selt til neytenda og neituðu kaupmenn að taka við því aftur. Samkvæmt lýsingu verðgæslustjóra voru ullarefni til kápugerðar: „... að mestu framleidd úr tuskum. Þræðirnir þarafleiðandi mjög stuttir, og þarf óverulegt átak til að efnin rifni, eða gliðni í sundur. Efnin má því telja 3ja flokks.“<sup>228</sup> Taldi hann þó ekki um verksmiðjugalla að ræða heldur hafi innflytjendur ekki athugað sýnishorn nógu vel hafi þeir pantað eftir þeim. Efnid hafi aftur á móti verið selt allt of háu verði miðað við gæðin. Í gervisilki sem einnig hafi verið flutt inn frá Spáni var aftur á móti um verksmiðjugalla að ræða þar

<sup>227</sup> „Klondæk heildsalanna,“ *Þjóðviljinn*, 29. apríl 1951, bls. 5.

<sup>228</sup> Þí. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf frá Verðgæslustjóra til viðskiptamálaráðuneytis, 21. mars 1951.

sem efnið var götött og rifið.<sup>229</sup> Utanríkisþjónustan var beðin um að beita sér fyrir að fá skaðabætur fyrir efnið, en aldrei fengust neinar bætur.

Málið vakti töluverða athygli og gaf flokksblöðunum tækifæri til að fara í gamalkunnar skotgrafir. Bæði *Alþýðublaðið* og *Þjóðviljinn* fjölluðu ítarlega um galla efnisins og eftirmála. Hægriblöðin gerðu sér þó minni mat úr því. *Morgunblaðið* sagði t.d. að mati verðgæslustjóra hefði verið hrundið eftir að annað álit fékkst og gagnrýni hans hafi átt sér pólitískar rætur.<sup>230</sup> *Vísir* hafði sömu sögu að segja. Efnið hefði aðeins verið svokölluð árstíðarvara sem átti ekki að endast lengi.<sup>231</sup> Pétur Pétursson sagði af sér embætti verðgæslustjóra um vorið vegna þess að viðskiptaráðherra bannaði honum að hafa eftirlit með spænsku vefnaðarvörunum eftir því sem fram kom í *Alþýðublaðinu*.<sup>232</sup> Lítið var gert úr því í *Vísi* og kom fram í leiðara blaðsins að það hlyti að vera af öðrum ástæðum en verðgæslustjórinn gaf upp.<sup>233</sup> *Morgunblaðið* sagði ekki frá afsögninni.

Bera fór á fleiri fréttum af gölluðum spænskum vörum eftir því sem innflutningur á þeim jókst. *Þjóðviljinn* greindi t.d. frá spænskum nælonsokkum sem voru ríflega þrisvar sinnum dýrari en sokkar frá öðrum löndum og skemmdum apríkósum sem voru að öllum líkindum gömul uppskera.<sup>234</sup> Í *Morgunblaðinu* birtust einnig kvartanir yfir löngum afgreiðslutíma á vefnaðarvörum og þá þóttu spænskir skór vera af litlum gæðum.<sup>235</sup> Kvörtunum yfir spænskum vörum fækkaði eftir því sem tíminn leið, en þær þóttu aldrei sérstaklega vandaðar né eftirsóknarverðar ef marka má umfjöllun um þær í blöðum.

## Endalok vöruskipta og upphaf Spánarferða

Næstu níu ár, eða þangað til Spán gekk í Efnahags- og samvinnustofnun Evrópu urðu litlar breytingar á viðskiptum Íslands og Spánar. Ferð Ólafs Thors til Madrídar snemma árs 1951 virðist ekki hafa haft nein áhrif. Íslendingar voru áfram í vandræðum með að

<sup>229</sup> Sama heimild.

<sup>230</sup> „Spænsku kápuefnin metin fullgild vara í sínum flokki,“ *Morgunblaðið*, 20. maí 1951, bls. 5.

<sup>231</sup> „Efnin voru árstíðarvara,“ *Vísir*, 25. maí 1951, bls. 4.

<sup>232</sup> „Afsögn verðgæslustjóra,“ *Alþýðublaðið*, 26. apríl 1951, bls. 4.

<sup>233</sup> „Tyllisök og kattarþvottur,“ *Vísir*, 25. apríl 1951, bls. 4.

<sup>234</sup> „KRON selur nælonsokka á 26 kr,“ *Þjóðviljinn*, 17. mars 1951, bls. 8 og „Uppskeran frá í hitteðfyrra skal Íslendingum!“ *Þjóðviljinn*, 29. apríl 1951, bls. 8.

<sup>235</sup> „Margar innlendar iðnaðarvörur ódýrari en erlendar,“ *Morgunblaðið*, 8. ágúst 1951, bls. 6 og „Úr daglega lífinu,“ *Morgunblaðið*, 6. september 1951, bls. 6.



finna spænskar vörur til að flytja inn og jafnvel eftir að það tókst voru Spánverjar tregir við að flytja inn saltfisk. Íslendingar söfnuðu því á tímabili upp töluverðri skuld hjá Spánverjum sem erfitt reyndist að jafna út.

Þrátt fyrir erfiðleika reyndi viðskiptaráðuneytið að koma versluninni aftur af stað sumarið 1951. Boðað var til fundar í ráðuneytinu í júlí og sátu þar helstu fulltrúar íslenskra kaupmanna auk Pétur Benediktssonar sendiherra og Ole Lökvik, ræðismanns Íslands í Barcelona til margra ára. Miðað við fundargerðina virðist mest hafa verið rætt um skemmdar vörur sem sendar höfðu verið til Íslands. Komu fram mjög eindregnar kvartanir frá kaupmönnum vegna vörusvika og gallaðrar vöru. Spánverjar voru auk þess sagðir tregir til að bæta fyrir þær nema farið væri í gegnum opinberar boðleiðir, eins og ræðismann Spánar eða sendiherra. Voru gallar áberandi í vefnaðarvöru og hreinlætistækjum.<sup>236</sup> Fundurinn var árangurslaus með öllu og segir það sína sögu um hversu lítill áhugi var á spænskum vörum.

Á meðan reyndu stjórnvöld eins og þau gátu að fá Íslendinga til að kaupa spænsku vörunar. Pétur Benediktsson lét t.d. hafa eftir sér í viðtali í *Morgunblaðinu* að spænskar vörur væru mjög góðar og hann keypti sér helst ekki fatnað annars staðar.<sup>237</sup> Í skrifum sínum til utanríkisráðuneytisins viðurkenndi hann þó að spænskar vörur væru af litlum gæðum og ekki góð kaup jafnvel þó að þær væru ódýrari í sumum tilfellum.<sup>238</sup> Hagsmunir útgerðarfélaganna voru teknir fram yfir hagsmuni neytenda í þessu máli. Þá birtist viðtal við Þórð Albertsson, umboðsmann SÍF í Bilbao, þar sem hann sagðist vona „... að íslenskir innflytjendur reyni að beina sem mest viðskiptum sínum til Spánar, sjálfum sér, íslenskri útgerð og þjóðinni allri til hagsbóta.“<sup>239</sup> Nokkrum dögum síðar flutti Björn Ólafsson, viðskiptaráðherra, útvarpserindi þar sem hann sagði nauðsynlegt miðað við aflabresti ársins og ástand á heimsmarkaði að auka innflutning frá Spáni til að koma þangað fiskafurðum.<sup>240</sup> Spánverjar höfðu flutt inn töluvert af saltfiski misserin á undan og því áttu Íslendingar inneign hjá Spánverjum til að kaupa vörur. Reyndar var inneignin svo há árið 1952 að hún hefði dugað til að borga fyrir innflutning á öllu því salti, ávöxtum, skóm og víni sem Íslendingar þurftu.<sup>241</sup>

<sup>236</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/132 1. Fundargerð dagsett 3. ágúst 1951.

<sup>237</sup> „Sendiherra í níu löndum samtímis,“ *Morgunblaðið*, 26. ágúst 1951, bls. 3.

<sup>238</sup> ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Skýrsla Péturs Benediktssonar til utanríkisráðuneytis, 28. maí 1953 til dæmis.

<sup>239</sup> „„Bacalao Islandia“ þykir enn bestur á Spáni,“ *Morgunblaðið*, 16. ágúst 1952, bls. 7.

<sup>240</sup> „Beina þarf viðskiptum til vöruskiptalanda um sinn,“ *Vísir*, 29. ágúst 1952, bls. 5.

<sup>241</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Skýrsla um utanríkisviðskipti, 7. nóvember 1952.

Það var því af nauðsyn frekar en áhuga sem innflutningur frá Spáni fór að glæðast og næstu árin jókst hann hratt. Í yfirliti yfir innflutning sem birtist í *Morgunblaðinu* kom til dæmis fram að Spánn fór upp úr 11. sæti í það 5. yfir innflutningslönd Íslands á árunum 1950–1951.<sup>242</sup> Árið 1952 fluttu Íslendingar inn vörur frá Spáni fyrir rúmar 27 milljónir en ári seinna fyrir rúmar 42 milljónir. Innflutningur var mestur árið 1954 þegar hann var 48 milljónir, en eftir það dró sífellt úr viðskiptum landanna og árið 1959 var innflutningur aðeins 25 milljónir.<sup>243</sup> Þegar innflutningurinn var sem mestur áttu Spánverjar bágt með að trúa að eins fámenn þjóð og sú íslenska gæti keypt allar þessar vörur. Samkvæmt opinberum hagtölum fluttu Íslendingar inn spænskar vörur að andvirði sjö sterlingspunda á hvern íbúa Íslands árið 1953 sem var algjört heimsmet í viðskiptasögu Spánar.<sup>244</sup> Spánverjar efuðust reyndar um að allar vöurnar sem Íslendingar pöntuðu færu í raun til Íslands. Fámenn þjóð gæti ekki notað svona mikið af korki, víni, appelsínnum og skóm. Íslensk yfirvöld og innflutningsfyrirtæki voru ítrekað beðin um að staðfesta að pantanir væru réttar og að íslensk fyrirtæki stunduðu ekki endurútflytning. Í einhverjum tilfellum kom í ljós að um falsaðar pantanir var að ræða þar sem oft var auðveldara að fá útflutningsleyfi til Íslands. Spænsk fyrirtæki gáfu þá út falska reikninga á íslensk fyrirtæki en sendu svo vöurnar eitthvað annað. Þetta voru þó fá tilfelli og tortryggni spænskra yfirvalda gerði lítið annað en að tefja fyrir afgreiðslu til íslenskra innflytjenda.<sup>245</sup>

Á meðan innflutningur frá Spáni jókst, drógu Spánverjar sífellt úr innflutningi á íslenskum saltfiski. Reyndar fluttu Spánverjar mest inn af sjávarafurðum árið 1951, eins og áður sagði. Fiskveiðar Spánverja jukust ár frá ári og fiskur hlóðst upp í birgðageymslum þar í landi. Erfitt var að fá innflutningsleyfi fyrir saltfiski og skuld Íslendinga við Spánverja hækkaði sem olli yfirvöldum miklum áhyggjum.<sup>246</sup> Til að minnka skuldina voru færri innflutningsleyfi frá Spáni gefin út á Íslandi. Þegar viðskiptasamningur Íslands og Spánar var endurnýjaður í síðasta sinn í mars 1959

<sup>242</sup> „Viðskiptalífið og afkoman 1951,“ *Morgunblaðið*, 10. apríl 1952, bls. 7.

<sup>243</sup> Hagstofa Íslands. *Tölur um utanríkisviðskipti við Spán*.

<sup>244</sup> ÞÍ. Sendiráð Íslands í París, 1991. B/568 2. Bréf frá ræðismannsskrifstofu Íslands í Barcelona til Péturs Benediktssonar, 10. mars 1954. „... absolute record in Spanish commerce, all countries included.“

<sup>245</sup> ÞÍ. Sendiráð Íslands í París, 1990. B/7 6. Bréf Harðar Helgasonar í sendiráði Íslands í París til viðskiptaráðuneytisins, 25. október 1956, ÞÍ Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf frá sendiráði Íslands í París til viðskiptamálaráðuneytis, 21. desember 1956 og ÞÍ Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 4. Bréf frá viðskiptamálaráðuneyti til Agnars Kl. Jónssonar, 22. febrúar 1958.

<sup>246</sup> ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf frá viðskiptamálaráðuneyti til Péturs Benediktssonar 30. júlí 1954.

tilkynntu Spánverjar íslenska sendiherranum að líklega myndu þeir ekki flytja inn meiri saltfisk þar sem þeir væru orðnir sjálfum sér nægir um fisk.<sup>247</sup> Í lok nóvember 1959 var undirritaður nýr viðskiptasamningur á milli Íslands og Spánar á grundvelli frjálsra viðskipta í samræmi við starfsreglur Efnahags- og samvinnustofnunar Evrópu sem Spánn fékk hafði nýlega fengið aðild að. Verslunarsamningur landanna sem hafði verið í gildi lítið breyttur í um 10 ár féll þá úr gildi. Ef útflutningstölur á tímabilinu 1952–1959 eru skoðaðar sést að hann náði mest 4,2% af heildarútflutningi Íslands árið 1954. Ennfremur var halli á viðskiptum við Spán öll árin.<sup>248</sup> Það þýðir þó ekki að viðskiptajöfnuður landanna hafi alltaf verið Íslendingum í óhag. Spánverjar vildu haga viðskiptunum þannig að Ísland var látið kaupa vörur fyrst og safna skuld áður en innflutningsleyfi fyrir saltfiski var gefið út. Spánverjar lögðu einnig mikla áherslu á að Íslendingar væru í skuld um áramót til þess að láta líta þannig út að inneign þeirra væri meiri á pappírnum en hún var í raun.<sup>249</sup> Þrátt fyrir slíkar bókhaldsbrellur voru heildarviðskiptin á tímabilinu Íslendingum óhagstæð og þegar nýr viðskiptasamningur var gerður í lok árs 1959 voru Íslendingar í skuld. Spánverjar drógu auk þess sífellt úr innflutningi á saltfiski á tímabilinu. Mest fluttu þeir inn árið 1951, eða 7.587 tonn en næstu ár aðeins á bilinu 2.500–3.500 tonn.<sup>250</sup> Spánverjar byggðu eigin fiskiskipaflota hratt upp á 6. áratugnum og aukin landbúnaðarframleiðsla dró úr þörf á innfluttum matvælum.

Spyrja má hvort viðskiptasamningur ríkjanna hafi verið hagstæður fyrir Íslendinga og hvort ávinningur af honum hafi réttlætt að vikið var frá stefnu annara Evrópuríkja gagnvart Spáni árið 1949. Innflutningur á saltfiski náði aldrei að verða nema brot af því sem stefnt var að og aldrei var greitt fyrir hann í gjaldeyri. Vörurnar sem fengust í staðinn þóttu vera af litlum gæðum og ekki fengust alltaf þær vörur sem mest þörf var á. Þess í stað var reynt að finna hvað sem væri og reynt að fá íslenska neytendur til að kaupa það. Aftur á móti fengu Spánverjar nýjan markað fyrir sínar vörur og þó Ísland væri vissulega fámennt land þá þáðu Spánverjar öll tækifæri sem buðust til að byggja upp eigin iðnað. Skókaup Íslendinga skiptu t.a.m. nokkru máli.

<sup>247</sup> ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf Þórhalls Ásgeirssonar til utanríkisráðuneytis, 16. janúar 1958 og ÞÍ Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Skýrsla Agnars Kl. Jónssonar til utanríkisráðuneytis, 25. mars 1959.

<sup>248</sup> Hagstofa Íslands. *Tölur um utanríkisviðskipti við Spán*.

<sup>249</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Skýrsla um utanríkisviðskipti, 7. nóvember 1952.

<sup>250</sup> ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf Agnars Kl. Jónssonar til utanríkisráðuneytis, 26. september 1957.

Spænskir skóframleiðendur sáu eftir viðskiptunum við Íslendinga, en þegar þeir hættu að kaupa spænska skó var Ísland eina erlenda ríkið sem ennþá flutti þá inn.<sup>251</sup> Þeir sem högnuðust á viðskiptunum voru fyrst og fremst útgerðarfélögin sem gátu selt saltfisk á yfirverði. Ókosturinn var vissulega að þau fengu hann aðeins greiddan í krónum, en þær dugðu þó til greiða innlendan kostnað. Þá var hægt að sætta sig við lægra verð á öðrum mörkuðum þar sem greitt var í gjaldeyri. Þeir sem fengu minnst út úr samningunum var Íslenskur almenningur. Samningurinn kom sér auðvitað vel fyrir þá sem unnu við að veiða og verka fisk sem fór á Spánarmarkað, en hinir voru fleiri sem fengu vörur sem ekki var þörf fyrir, á verði sem var allt of hátt. Með slíkum vangaveltum þarf þó alltaf að taka með í reikninginn hve sveiflukennnd staða efnahagsmála var á Íslandi á 5. og 6. áratugnum og stjórnámálamenn töldu að nýta þyrfti öll tækifæri til að auka atvinnu og útflutning.

Íslenskir embættismenn minntust oft á að Spánverjar hafi sýnt þeim mikla velvild vegna stuðnings Íslendinga á vettvangi Sp. Það eina sem er ápreifanlegt í þeim efnum er að innflutningskvóti á saltfiski var fluttur frá Norðmönnum og til Íslendinga eins og áður hefur verið rekið. Spænska stjórnin studdi Íslendinga aldrei á alþjóðavettvangi á móti. Spænska stjórnin neitaði þó að aðstoða samtök spænskra útgerðarfyrirtækja sem undirbjuggu málsókn gegn Íslandi árið 1955. Artajo utanríkisráðherra vildi styðja kærana, en þáverandi sendiherra Spánar í Osló, Miguel de Aldosoro, lagði hart að honum og embættismönnum ráðuneytisins að gera það ekki. Aldosoro sagði síðar að hann hefði minnt Artajo á að: „... Ísland var fyrsta ríkið til að viðurkenna Franco og stjórn hans hjá Sameinuðu þjóðunum og til að skipa sendiherra í Madrid. Ennfremur hafi Ísland alltaf stutt Spán á vettvangi Sp. Sjálfur hafði hann oft beðið Íslendinga um stuðning í eigin persónu og alltaf orðið við því.“<sup>252</sup> Ríkisstjórn Spánar ákvað því að styðja ekki málsókn útgerðarmannanna og féll hún að lokum niður. Spænska ríkisstjórnin breytti þarna vissulega um stefnu í máli sem var Íslendingum mikilvægt, en á móti kemur að stjórnin þyrfti ekki að fórna miklu.

<sup>251</sup> ÞÍ. Viðskiptaráðuneytið, 1994. B/68 1. Bréf Péturs Benediktssonar til utanríkisráðuneytis, 1. mars 1955.

<sup>252</sup> „... for the reason that Iceland had been the first country to recognize Franco among the United Nations and the present Regime by sending a Minister to Madrid, and furthermore that Iceland had always voted in favour of Spain, adding that on several occasions when he had personally approached Iceland to secure its vote in favour of Spain, Iceland had always agreed to do so.“ ÞÍ. Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/132 1. Skýrsla Ole Lökvik aðalræðismanns í Barcelona til Péturs Benediktssonar sendiherra.

Það sem viðskiptasamningur ríkjanna færði Íslendingum sannarlega voru hópferðir til Spánar á viðráðanlegu verði. Ferðapjónusta var ný á Íslandi um miðja 20. öld. Fyrstu skipulögðu hópferðirnar til útlanda sem ætlaðar voru almenningi voru ferðir til Skotlands á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins og Skipaútgerðar ríkisins árið 1949. Siglt var á strandferðaskipunum Heklu og Esju. Um miðjan 6. áratuginn var stofnuð fyrsta almenna ferðaskrifstofan, Orlof, undir stjórn Ásbjörns Magnússonar. Orlof bauð upp á ferðir til Norðurlandanna og meginlands Evrópu, þar með talið til Spánar. Voru ferðirnar þó fáar og fámennar.<sup>253</sup> Á 6. áratugnum þótti það til tíðinda að almenningur færi til útlanda í frí. Það vakti því mikla athygli þegar Ferðaskrifstofa ríkisins auglýsti Spánarferð í öllum dagblöðum landsins í ágúst 1952. Ferðin var ekki á hefðbundnar sólarstrendur nútímans við Miðjarðarhaf, heldur var stefnt á að sigla með Ms Heklu til norðurstrandar Spánar í byrjun september. Ferðin átti að taka 19 daga, en fimm daga tók að sigla hvora leið þannig að farþegar fengu 9–10 daga á Spáni. Var stoppað í San Sebastian, Santander og Bilbao. Skoðunarferðir inn til landsins svo sem til Madrídar voru í boði fyrir þá sem vildu. Búið var um borð í skipinu til að halda kostnaði niðri. Ódýrustu fargjöldin voru 2.700 krónur og þar fyrir utan kostuðu ferðir inn til landsins 500 krónur. Árið 1951 var meðal dagvinnukaup verkafólks á Íslandi 12,6 krónur á tímann.<sup>254</sup> Það tók því verkamaðmann rúman mánuð að vinna sér inn fyrir fargjaldinu á dagvinnukaupi ef miðað væri við 8 tíma vinnudag.

Hafa ber í huga að árið áður höfðu Spánverjar flutt inn mikið af saltfiski og Íslendingar enn í vandræðum með að ráðstafa þeirri inneign sem þeir áttu á Spáni. Ekki er ljóst hvort inneignin hafi beinlínis orðið til þess að yfirvöld fengu Ferðaskrifstofu ríkisins til skipuleggja Spánarferðina eða hvort frumkvæðið hafi verið hjá ferðaskrifstofunni, en greiðlega gekk að skipuleggja ferðina og fá gjaldeyrisleyfi. Í öllu falli var það tekið sérstaklega fram í auglýsingum um ferðina að auðvelt væri að fá spænskan gjaldeyri til innkaupa.<sup>255</sup> Ferðin féll líka vel í kramið hjá almenningi og seldist upp í hana á örfáum dögum. Pláss var fyrir 158 farþega í ferðinni, en yfir 200 höfðu haft sambandi við Ferðaskrifstofu ríkisins fimm dögum eftir að ferðin var auglýst og því langur biðlisti. Sá ferðaskrifstofan ástæðu til að tilkynna sérstaklega að ekki yrði bætt

<sup>253</sup> Arnþór Gunnarsson, *Guðni í Sunnu*, bls. 181-182.

<sup>254</sup> Hagstofa Íslands. *Dagvinnutímakaup verkafólks í Reykjavík*.

<sup>255</sup> „Glæsileg sumarleyfisferð fyrirhuguð til Spánar,“ *Alþýðublaðið*, 23. ágúst 1952, bls. 1.

við rúmum í lest skipsins þar sem ekki væru nógu margir björgunarbátar í Heklu til þess.<sup>256</sup>

Mikið var fjallað um ferðina í blöðunum allt frá því hún var auglýst og löngu eftir að henni lauk. Vinstriblöðin, *Þjóðviljinn* og *Alþýðublaðið*, birtu tilkynningar frá Ferðaskrifstofu ríkisins, en ferðin var ekki gagnrýnd eða fjallað um hana á neinn hátt í leiðurum eða skoðanagreinum. Spánarferðir hentuðu aftur á móti málstað *Vísis* og *Morgunblaðsins* mjög vel. Loks var hægt að fá Íslendinga til að eyða stórum upphæðum af spænsku inneigninni af fúsum og frjálsum vilja og eiga þar með von um að auka saltfiskútflutning. Í Morgunblaðinu var það orðað svo daginn eftir að Spánarferðin var auglýst:

Þá nálgast hin langþráða stund, að íslenskt farþegaskip sigli til Miðjarðarhafsins [svo] þar sem tugum manna gefst kostur á suðrænni sól og ódýrum lystisemdum. Hefur víst fáa órað fyrir því allt fram á þennan dag, að við þá væri sagt: Gerið svo vel herrar mínir og frúr, við gefum ykkur kost á ódýru ferðalagi til Spánar og af pesetum ættuð þið að geta fengið eins og ykkur þóknast. Það hefir nefnilega komið upp úr kafinu, að varla er nokkurs staðar ódýrara að ferðast í Evrópu en suður á Spáni. Skemmtileg tilbreyting verður þetta, ef vel tekst!<sup>257</sup>

Meðan á ferðinni stóð birtust reglulega fréttir af farþegunum í báðum blöðum. Lesendur fengu að vita hvar Spánarfararnir voru hverju sinni, hvað þeir voru að gera og hvernig þeim líkaði ferðin. Eftir heimkomuna var oft talað við farþega og fararstjóra þar sem þeir lýstu ánægju sinni með ferðina í blöðunum tveim. Í skoðanagreinum var tekið undir með farþegunum. *Vísir* lofaði ferðina og sagði framtakið lofsamlegt. Vonandi gætu hinir efnaminni farið að leyfa sér að ferðast úr landi til að víkka andlegan sjóndeildarhring.<sup>258</sup> *Morgunblaðið* taldi einnig að almenningur ætti að geta farið í sólarlandaferðir:

Í framtíðinni verðum við að sjálfsögðu að reyna að gera sem flestum kleift að komast í slíkar ferðir. Fyrst í stað kunna þær að þykja „luxus“. Sannleikurinn er þó sá, að t.d. farþegarnir með Heklu til Spánar í haust voru fæstir neitt „luxus“-fólk. Það var fólk úr flestum stéttum, fólk, sem

<sup>256</sup> „Yfirfullt í Spánarferð,“ *Morgunblaðið*, 28. ágúst 1952, bls. 2.

<sup>257</sup> „Úr daglega lífinu,“ *Morgunblaðið*, 24. ágúst 1952, bls. 6.

<sup>258</sup> „Kvöldþankar,“ *Vísir*, 26. september 1952, bls. 5.

langaði til þess að lyfta sér upp og eiga ánægjulegar stundir undir suðrænni sól, þó ekki væri nema í örfáa daga.<sup>259</sup>

Engin ástæða er til að gera lítið úr áhrifunum sem þessi ferð hafði. Vikurnar og mánuðina á eftir birtust ferðasögur eftir Spánarfara í blöðunum og flutt voru erindi í Ríkisútvarpinu. Kvöldvökur voru auglýstar þar sem myndir úr ferðinni voru sýndar og henni gerð nánari skil. Einnig fór að bera á auglýsingum á spænskunámskeiðum sem voru sérsniðin fyrir þá sem ætluðu í Spánarferð. Í ferðinni með Heklu komu líka fram ýmis minni sem áttu eftir að hljóma í utanlandsferðum almennings næstu áratugi svo sem áhyggjur af matareitrun og hagstætt verðlag erlendis miðað við á Íslandi. Magakveisa hafði komið upp í ferðinni með Heklu og hvort sem það var vegna þess eða ekki, var sérstaklega tekið fram í auglýsingu fyrir ferð árið 1953 að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að „... fólk fái svipaðar máltíðir og á Norðurlöndunum.“<sup>260</sup> Farþegarnir lýstu einnig mikilli undrun yfir því hversu ódýr allur varningur var á Spáni og hversu mikið úrval var í verslunum. Til dæmis var verð á karlmansfötum sagt 2–3 sinnum lægra en á sömu fötum í íslenskri verslun sem seldi spænsk föt.<sup>261</sup> Þótt munurinn skýrðist af hluta á mismunandi gengi á ferðamannagjaldeyri og útflutningsgjaldeyri á Spáni gafst íslenskum almenningi í fyrsta sinn tækifæri til að fara annarra landa til að bera saman verð og framboð við það sem tíðkaðist á Íslandi.

Spánarferðin gekk einnig vel fjárhagslega og skilaði Ferðaskrifstofu ríkisins nokkrum hagnaði þrátt fyrir lágt miðaverð.<sup>262</sup> Því var boðið upp á fleiri ferðir árið 1953. Ferðaskrifstofa ríkisins auglýsti 18 daga ferð til Parísar og Spánar sem farin var um vorið. Að þessu sinni var flogið til Spánar með stuttu stoppi í París, en ferðast var um Spán í langferðabifreiðum. Fargjaldið var 6.500 krónur, eða ríflega tvöfalt hærra en í ferðina með Heklu árið áður.<sup>263</sup> Meðaltímakaup verkamanns í Reykjavík var 15,26 krónur á tímann árið 1953, þannig að ferðin var vissulega dýr, rúmlega 400 vinnustundir. Svipaðar auglýsingar birtust í öðrum dagblöðum landsins og myndir birtar úr Hekluferðinni. Ferðaskrifstofan Orlof bauð einnig upp á ferð til Spánar í fyrsta sinn þetta sama ár.<sup>264</sup> Áfram var skrifað lofsamlega um þá ferð og greinilega mikið lagt í að lokka fólk til Spánar. Ferðirnar á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins urðu að lokum

<sup>259</sup> „Úr daglega lífinu,“ *Morgunblaðið*, 26. nóvember 1952, bls. 6.

<sup>260</sup> „Ferðaskrifstofa ríkisins efnir til Spánarferða í vor,“ *Morgunblaðið*, 11. febrúar 1953, bls. 7.

<sup>261</sup> „Spánarförum þótti vöruverðið ótrúlega lágt,“ *Tíminn*, 28. september 1952, bls. 8.

<sup>262</sup> „Úr áliti fjárveitingarnefndar,“ *Morgunblaðið*, 27. nóvember 1952, bls. 2.

<sup>263</sup> „18 daga ferð til Parísar, Miðjarðarhafsins og um Spán,“ *Alþýðublaðið*, 10. febrúar 1953, bls. 1, 7.

<sup>264</sup> „Hópferðir til Spánar,“ *Morgunblaðið*, 8. febrúar 1953, bls. 8.

þrjár um vorið, þegar gjaldeyrisleyfi fyrir þeim hafði verið veitt.<sup>265</sup> Mögulega hefðu ferðirnar orðið fleiri ef rýmri gjaldeyrisheimild hefði fengist því ekki virtist vanta áhugann og hátt verð kom ekki í veg fyrir að ferðirnar seldust vel. Flogið var með alla farþega með Gullfossi og Gullfaxa, flugvélum Flugfélags Íslands, en ferðamátinn þótti einnig til tíðinda.

Næstu mánuði birtust myndskreyttar ferðasögur með reglulegu millibili í blöðunum og erindi flutt á kvöldvökum eða í Ríkisútvarpinu eins og raunin hafði verið eftir ferðina með Heklu. Auglýsingar um Spánarferðir birtust reglulega og alltaf virtust þær seljast jafn vel. Meira að segja málagn Alþýðuflokksins var fljótt að taka við sér. *Alþýðublaðið* taldi að ferðirnar gætu ýtt undir innkaup Spánverja á Íslandi og að alþýða manna, bifreiðastjórar, verslunarmenn og bændasynir væru á meðal farþega.<sup>266</sup> Í *Morgunblaðinu* var talið að þessi viðsnúningur *Alþýðublaðsins* væri merki um að það væri að „... viðra af sér útúrboruháttinn og smámunasemina, sem svo oft hefur einkennt dóma okkar Íslendinga um menn og málefni.“<sup>267</sup> Þóttu ferðir Íslendinga til Spánar einnig vera merki um að velmegun hér hefði aukist. Íslendingar hefðu nú efni á að lyfta sér upp erlendis eins og íbúar annarra landa. *Þjóðviljinn* birti auglýsingar á Spánarferðum, en lét að öðru leyti vera að fjalla um þær. Engar ferðasögur frá Spáni birtust í blaðinu, en ferðirnar voru ekki gagnrýndar þó að finna hefði mátt tilefni til þess, enda ferðirnar varla á verði fyrir alþýðufólk og afstaða blaðsins til stjórnvalda á Spáni óbreytt.

Spánarferðirnar komust fljótt í tísku og á hverju ári var efnt til ferða, þó að mörg ár liðu þangað til telja mætti árlegan fjölda á fingrum beggja handa. Í auglýsingum var alltaf tekið fram hvað ferðirnar voru vinsælar og seldust hratt upp ár eftir ár, enda hagstætt verðlag á Spáni fyrir íslenska ferðamenn.<sup>268</sup> Um mitt ár 1959 var felld niður krafa um vegabréfsáritun til Spánar. Magnús Víglundsson, ræðismaður Spánar, taldi að allt að 2.000 manns hefðu sótt um vegabréfsáritun til hans á árunum 1952 til 1959.<sup>269</sup> Þessar ferðir urðu til þess að ímynd Spánar breyttist til frambúðar. Greinar sem lýstu fátækt almennings og mannréttindabrotum yfirvalda sáust vart lengur, fyrir utan stöku greinar í *Þjóðviljanum*. Helst var það við hátíðleg tækifæri, eins og á 1. maí,

<sup>265</sup> „Spánarferðir endanlega ákveðnar,“ *Morgunblaðið*, 25. febrúar 1953, bls. 2.

<sup>266</sup> „Vettvangur dagsins,“ *Alþýðublaðið*, 13. febrúar 1953, bls. 3 og „Flugu í gær til Parísar,“ *Alþýðublaðið*, 17. apríl 1953, bls. 1.

<sup>267</sup> „Til suðrænna landa,“ *Morgunblaðið*, 26. apríl 1953, bls. 9.

<sup>268</sup> Sjá til dæmis „Útsýn fer 3 hópferðir á sumri komanda,“ *Vísir*, 8. apríl 1957, bls. 4.

<sup>269</sup> „Menningarviðskipti Spánverja og Íslendinga,“ *Morgunblaðið*, 24. september 1959, bls. 13.



sem minnst var á ófrjálsa alþýðu á Spáni í öðrum blöðum. Þess í stað var fjallað um lífsins lystisemdir við Miðjarðarhaf. Þegar frumkvöðlar eins og Ingólfur Guðbrandsson og Guðni Þórðarson í Sunnu byrjuðu að selja Spánarferðir í lok 6. áratugarins og í upphafi þess 7. höfðu Spánarferðir ríkisins og annarra undirbúið markaðinn tryggilega. Spænska borgarastríðið og einræðisstjórn Franco var nú flestum gleymd.

## 5. Niðurstöður

Ef frá er talið tímabilið frá hernámi Íslands til loka seinni heimsstyrjaldar misstu íslensk útgerðarfyrræki og stjórnvöld aldrei sjónar af spænska markaðnum. Vonin um að hann myndi taka við sér var alla tíð fyrir hendi, en brást jafnóðum og Spánarviðskipti urðu aldrei jafn hagstæð og fyrir borgarastríð. Íslensk innanríkismál höfðu áhrif á viðskipti til Spánar. Stjórn hinna vinnandi stétta dró að viðurkenna stjórn Francos fram í apríl 1939 jafnvel þótt það hefði getað tafið fyrir viðskiptum við landið. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og ýmis tilboð varð þó ekkert úr saltfisksölu eftir borgarastríðið, þar sem Spánn átti engan gjaldeyri til þess að kaupa matvæli. Í seinni heimsstyrjöld litu íslensk stjórnvöld aftur til Spánar og reyndu jafnvel að opna þar sendiráð, en staða Íslands sem hernumins lands á yfirráðasvæði Breta varð til þess að sendiráð í Madrid var aldrei opnað.

Íslenskir athafnamenn virðast ekki hafa gert sér grein fyrir slæmu efnahagsástandi á Spáni á árum seinni heimsstyrjaldarinnar, þar sem þeir gerðu sér enn vonir um að hægt væri að flytja saltfisk til Spánar. Það var þó algjörlega óraunhæft. Endalok styrjaldarinnar urðu heldur ekki til þess að auka sölu. Spánverjar gátu ekkert keypt frá Íslendingum og Alþýðusamband Íslands setti löndunarbann á skip á leið til og frá Spáni. Eins og hér hefur komið fram var löndunarbannið afar umdeilt meðal vinstrimanna. Þótt kommúnistar hefðu staðið fyrir því studdu stuðningsmenn þeirra meðal verkamanna það ekki einhuga. Þar mátti sjá í hnotskurn hvernig afstaða landsmanna til Spánar og Francos breyttist eftir að borgarastríðinu lauk. Alþýðuflokksmenn höfðu að mestu hætt að fjalla um Spán og Franco í mál gagni sínu. Endalok styrjaldarinnar og einangrun Spánar gerði það að verkum að ekki var talin stafa nein ógn af Franco lengur. *Alþýðublaðið* missti þannig smátt og smátt áhugann á spænskum stjórnvöldum og fór að hvetja til aukinna viðskipta við Spán. Íslenskir hægrimenn höfðu sýnt Franco vissa aðdáun í málögögnum sínum, *Vísi* og *Morgunblaðinu*, meðan á spænska borgarastríðinu stóð vegna andkommúnisma hans. Lofgreinar um Franco héldu áfram að birtast frá lokum borgarastyrjaldarinnar og allt þar til seinni heimsstyrjöld braust út. Þegar styrjöldin hófst fækkaði fréttum frá Spáni á síðum blaðanna en þegar fréttir bárust þaðan var ekki um sömu persónudýrkun á Franco að ræða og áður. Blöðin tvö töldu þó alltaf að Íslendingum bæri að eiga í viðskiptum við Spán, jafnvel þó þeim líkaði ekki við stjórnvöld þar. Eina blaðið sem hélt uppi ákafri gagnrýni á Franco og stjórn hans allt tímabilið sem verið hefur til umfjöllunar

er *Þjóðviljinn*. Á stríðsárunum birtust iðulega fréttir af bágunum kjörum spænskrar alþýðu og voðaverkum stjórnarinnar þar í landi. Hörð gagnrýni blaðsins á Franco hélt áfram eftir seinni heimsstyrjöld og allar tilraunir Íslenskra yfirvalda til að koma á viðskiptum við Spán var mætt af mikilli hörku.

Íslensk stjórnvöld áttu ekki í neinum opinberum samskiptum við Spán eftir að lýðveldi var stofnað á Íslandi. Íslenska sendinefndin hjá Sp studdi helstu bandalagsríki Íslands og kaus gegn Spáni á allsherjarþingi samtakanna í desember 1946. Olli það litlum deilum á Íslandi, en Sósíalistaflokkurinn vildi ganga lengra en gert var og lét þá skoðun sína í ljós. Íslensku útgerðarfélagin vildu þó sem fyrr reyna að koma á viðskiptum við Spán á ný. Fljótlega varð ljóst að af viðskiptum gæti ekki orðið nema gegn því að Ísland tæki upp formlegt stjórnmalasamband við Spán og hófu þá samtök útgerðarmanna að þrýsta á um að það yrði gert. Íslensk stjórnvöld stigu þó varlega til jarðar því þau vildu ekki brjóta gegn ályktun Sp sem þau höfðu samþykkt aðeins nokkrum misserum áður og vekja upp andmæli vinnufólka. Töldu íslenskir embættismenn óhætt að taka af skarið án frekari afleiðinga og tóku ekki einungis upp stjórnmalasamband heldur skipuðu líka sendiherra og studdu Spán á vettvangi Sp. Íslendingar vanmátu möguleg viðbrögð annarra ríkja þar sem Bretland og Norðurlöndin mótmæltu aðgerðum Íslendinga kröftuglega.

Íslendingar hefðu ekki þurft að skipa sendiherra, þvert á ályktun Sp þar sem Spánverjar gerðu enga kröfu um slíkt í upphafi. Þvert á móti bjuggust Spánverjar við að samband ríkjanna yrði á sama formi og við önnur Norðurlönd. Íslendingar töldu sig hins vegar ekki hafa efni á að skipa staðgengil sendiherra með aðsetur í Madríd eins og önnur ríki gerðu og ákváðu að skipa sendiherra í Madríd með aðsetur í París í sparnaðarskygni. Þegar Spánverjar áttuðu sig á að Íslendingar höfðu mikinn áhuga á viðskiptum og höfðu ekkert á móti því að brjóta gegn ályktun Sp hófu þeir að sækja frekari stuðning. Markmið þeirra var að fá ályktun Sp frá því í desember 1946 fellda úr gildi og gáfu í skyn að það bitnaði á viðskiptum ef þeir styddu ekki Spán á allsherjarþinginu. Íslendingar létu eftir og studdu Spán, fyrstir Evrópuríkja fyrir utan Tyrkland og Grikkland.

Vöruskiptasamningurinn sem var undirritaður í lok árs 1949 eftir að stjórnmalasamband hafði verið komið á milli Íslands og Spánar átti eftir að gilda lítið breyttur í 10 ár. Eins og hér hefur verið lögð áhersla á gengu viðskiptin þó alltaf illa og skipti engu þó Ólafur Thors, þá atvinnumálaráðherra, færi til Spánar snemma árs 1951 til að styrkja þau. Spænsk yfirvöld voru treg til að gefa innflutningsleyfi fyrir íslenskum

saltfiski og spænskar vörur sem komu á móti þóttu vera lélegar. Gallaðar vefnaðarvörur sem bárust frá Spáni lögðu grunninn að því sem koma skyldi og almenningur hafði takmarkað álit á spænskum vörum eftir þá sendingu. Þrátt fyrir það var halli á viðskiptum við Spán, fyrir utan fyrstu árin, þ.e. Íslendingar fluttu meira inn frá Spáni en Spánverjar keyptu af Íslendingum. Spánarviðskiptin leiddu þó til þess að Íslendingar komust í kynni við „pakkaferðir“ til Spánar. Vegna gjaldeyrisneignar á Spáni á fyrstu árum 6. áratugarins og til þess að hvetja Spánverja til að kaupa saltfisk, voru stjórnvöld tilbúin til að veita almenningi og ferðaskrifstofum leyfi til að kaupa spænskan gjaldeyri, en voru annars treg til að veita gjaldeyri í ferðalög vegna gjaldeyrissskorts. Þannig stuðluðu stjórnvöld að auknum tengslum Íslendinga við Spán. Fyrstu ferðirnar vöktu mikla athygli, breyttu ímynd Spánar í augum Íslendinga og lögðu grunninn að fjöldaferðamennsku sem hófst nokkrum árum síðar.

Þegar samband þjóðanna á árunum 1939–1959 eru skoðuð standa nokkur atriði upp úr: í fyrsta lagi að Íslendingar hafi reynt að stofna sendiráð á Spáni í seinni heimsstyrjöld, í öðru lagi að skipaður var sendiherra í Madríd og Spáni veittur stuðningur hjá Sp og í þriðja lagi að mikil áhersla var lögð að koma á viðskiptum við Spán þrátt fyrir ýmsa vankanta og óhagræði sem þeim fylgdi. Vaknar þá spurningin um hverra hagsmuna var verið að gæta þegar kom að samskiptum við Spán. Augljóst er að þar var fyrst og fremst verið að gæta hagsmuna útgerðarinnar. Íslenskir útgerðarmenn sóttu það frekar en stjórnámálmenn að sambandi yrði komið á milli landanna og þegar skoðað er hvaða embættismenn komu að ákvörðuninni um að það skyldi gert blasa tengslin við. Ekki þarf að rekja tengls Ólafs og Thors Thors við sjávarútveginn. Fyrirtæki þeirra, Kveldúlfur, var enn starfandi, þó í smækkaðri mynd væri miðað við það sem var fyrir seinni heimsstyrjöld. Richard bróðir þeirra var ennfremur stjórnarformaður SÍF á þessum tíma. Pétur Benediktsson, sendiherra í París, var jafnframt tengdasonur Ólafs Thors en Pétur og Thor Thors voru einmitt þeir embættismenn sem Bjarni Benediktsson leitaði til þegar hann velti fyrir sér hvort æskilegt væri að koma á stjórnmalasambandi við Spán. Bjarni sjálfur hafði engin bein tengsl við útgerðarfélagin, en Sjálfstæðisflokkurinn gætti vel hagsmuna útgerðarinnar almennt auk þess sem Bjarni var tengdur inn í Thorsættina í gegnum bróður sinn Pétur.

Aðrir embættismenn og ráðgjafar íslenskra stjórnvalda voru einnig nátengdir útgerðinni. Helgi P. Briem, sendiherra í Stokkhólmi, hafði verið opinber fiskifulltrúi á Spáni í mörg ár og unnið við að finna markaði fyrir íslensk útgerðarfyrirtæki þar í landi.

Pórður Albertsson, sem oft var rætt við í fjölmiðlum og sendi bréf um ástand mála á Spáni til íslenskra ráðamanna, var umboðsmaður SÍF í Bilbao. Ole Lökvik, ræðismaður í Barcelona sem oft var íslenskum stjórnvöldum til ráðgjafar, var stórtækur í viðskiptum milli Íslands, Noregs og Spánar. Ole og Pórður tóku jafnframt þátt í samningaviðræðum í Madríd ásamt Pétri Benediktssyni og Ólafi Thors.

Þegar íslenskir stjórn mála- og embættismenn sögðu það ekki jafngilda velpóknun á stjórnaritari að eiga í viðskiptum við ríki, var það eflaust sagt í fullri einlægni. Það var líka erfitt að velja sér viðskiptavini út frá siðferðissjónarmiðum eða stjórn mála skoðunum á þessum tíma. Hér snerist málið frekar um að standa með bandamönnum sínum, einkum á öðrum Norðurlöndum. Miðað við bakgrunn og hagsmuni þeirra embættismanna og ráðgjafa sem íslensk stjórnvöld leituðu til er erfitt að sjá að þeir hefðu nokkurn tímann getað komist að annarri niðurstöðu en að stjórn mála samband við Spán væri þjóðþrifamál. Engin opinber bréf eða skýrslur segja frá ástandi efnahagsmála á Spáni, spænskum stjórn mála, eða neinu sem við kemur öðru en verslun með sjávarafurðir. Íslenska utanríkisþjónustan var lítil og vanmáttug og enginn opinber, óháður sendifulltrúi var þar til staðar til að veita stjórnvöldum ráðgjöf þegar kom að málefnum Spánar, líkt og stærri ríki voru vön að gera. Allir þeir ráðgjafar sem leitað var til höfðu hagsmuna að gæta.

Hefði stjórn mála sambandi verið komið á eins fljótt ef aðrir flokkar en Sjálfstæðisflokkurinn hefðu verið við stjórn? Stjórn hinna vinnandi stétta dró t.d. að viðurkenna stjórn Francos sem lögmæta stjórn Spánar þó að það hefði getað kostað viðskipti. Auðvitað er erfitt að svara slíku og ekki hægt að útiloka að aðrir flokkar hefðu reynt að selja sjávarafurðir hvert sem er í ljósi erfiðs atvinnuástands og gjaldeyrisskorts. Alþýðuflokkurinn mótmælti ekki nánara sambandi við Spán þegar hann var í stjórn svo vitað sé, heldur eftirlét Sjálfstæðisflokknum þetta mál alfarið og studdi stjórn mála samband og verslun við Spán. Tónninn gagnvart Spáni var auk þess vinsamlegri í *Alþýðublaðinu* og *Tímanum* eftir seinni heimsstyrjöld heldur en á meðan spænska borgarastríðinu stóð. Það er þó erfitt að sjá fyrir sér að stjórn mála sambandi við Spán hefði verið komið á ef Sósíalístaflokkurinn hefði enn verið í stjórn. Telja má ólíklegt að nokkur flokkur hefði gengið svo langt að skipa sendiherra á Spáni og brjóta þar með gegn ályktun Sp, eða stutt Spán hjá samtökunum, ef ekki hefði verið fyrir þrýsting frá útgerðarfélagunum. Ávinningurinn var einfaldlega of lítill.

Þegar Bjarni Benediktsson tók ákvörðun um að taka upp stjórn mála samband hafði ekkert breyst á Spáni eða í alþjóðastjórn mála sem hefði getað réttlætt

stefnubreytingu Íslands. Aðeins var um innlenda sérhagsmuni að ræða. Ísland gekk úr vestrænu blokkinni sem myndast hafði gegn Spáni hjá Sp, hætti samfloti við önnur Norðurlönd í málinu og studdi Spán. Það var þvert á þá tilhneigingu smárikja eins og Íslands að leita sem mest samstarfs við önnur ríki á vettvangi alþjóðastofnana. Önnur ríki sem studdu Spán áttu lítið sameiginlegt með Íslandi og samstarf við þau ríki var lítið. Raunhyggja er kannski ekki hentug stefna í utanríkismálum fyrir smáriki eins og Ísland, en þegar kom að Spáni voru ráðamenn sannfærðir um að öll önnur ríki væru að hugsa um eigin hag og þau vildu ekki missa ekki af lestinni. Bjarni vissi þó að ákvörðunin yrði ekki óumdeild og leitaði álits sérfræðinga sinna. Sérfræðingar sem rannsakað hafa hvernig stjórnámálamenn taka ákvarðanir í utanríkismálum telja það skipta ekki minna máli hver veitir ráðgjöf en hvaða upplýsingar þeir veita.<sup>270</sup> Þar sem ráðgjafar Bjarna voru svo nátengdir útgerðarfyrirtækjunum má fullyrða að niðurstaðan hafi ekki getað orðið önnur en hún varð.

Ákvörðunin er því dæmi um hvernig innlendir sérhagsmunir geta haft áhrif á utanríkisstefnu. Íslenskir embættismenn mátu þó stöðuna rétt þegar þeir töldu að málið myndi ekki hafa alvarlegar, né varanlegar neikvæðar afleiðingar á alþjóðavettvangi. Hins vegar var málið Íslendingum álitshnekkir og ákveðið var að hætta stuðningi við vinveitt ríki án nokkurrar málefnalegrar ástæðu. Því má færa rök fyrir því að það hafi ekki þjónað pólitískum hagsmunum Íslendinga að kjósa með Spáni hjá Sp. Bjarni Benediktsson vildi þó ekki ganga gegn vilja stórveldisins sem Ísland sótti skjól til umfram önnur, Bandaríkjanna, rétt eins og kenningar um utanríkismál kveða á um. Því ákvað hann að bíða ekki eftir svari frá Bandaríkjunum sem hefði verið neikvætt og bundið hendur hans. Hann tók því af skarið án þess að spyrja. Hvað almenningsálit á Íslandi varðar þá voru engar skoðanakannanir gerðar sem sýna afstöðu almennings. Hversu litla athygli málið vakti, ef kommúnistar eru teknir út fyrir sviga, sýnir að meirihluti almennings var að minnsta kosti ekki mótfallinn málinu. Ákvörðun Íslands var heldur ekki dæmigerð fyrir smáriki. Smáriki treysta helst á alþjóðastofnanir og alþjóðalög því að þau geta síður varið sig en stórveldi.

Enginn vafi er á að Spánverjar fengu meira út úr sambandi ríkjanna en Íslendingar. Markmið þeirra var að fá ályktun Sp frá 1946 hnekk og gátu þeir fengið Íslendinga í lið með sér í því. Til viðbótar fengu þeir Íslendinga til að skipa sendiherra

<sup>270</sup> Christensen og Redd, „Bureaucrats Versus the Ballot Box in Foreign Policy Decision Making,“ bls 82.

í Madríd og brjóta þannig gegn áðurnefndri ályktun sem var formlega enn í gildi. Íslendingar komust aftur á móti í nokkur vandræði vegna þessarar ákvörðunar.

Í upphafi 20. aldar byggðu Íslendingar upp vélvædda fiskvinnslu og aðra innviði landsins með gjaldeyri sem fékkst að stórum hluta frá Spáni. Eftir seinni heimsstyrjöld byggðu Spánverjar aftur á móti upp eigin fiskvinnslu með því að hefta innflutning frá Íslandi og gátu þar að auki eflt eigin iðnað með því selja vörur sínar á Íslandsmarkað. Þannig má fullyrða að umskipti hafi átt sér stað í Spánarviðskiptunum: Í stað þess að koma Íslendingum vel voru það Spánverjar sem aðallega högnuðust á þeim.

## 6. Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

#### **Aðalskjalasafn spænsku stjórnarsýslunnar/Archivos Generales de la Administración (AGA)**

Sendiráð Spánar í Noregi, (10)68 54/05312. Embajada de España en Noruega.

Sendiráð Spánar í Noregi, 82/6569. Embajada de España en Noruega.

Spænska utanríkisráðuneytið. 82/6935. Islandia, Relaciones comerciales 1948-1949.

Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8494. Representación diplomática y consular de Islandia en España.

Spænska utanríkisráðuneytið. 82/8721. Representación diplomática y consular de España en Islandia.

Spænska utanríkisráðuneytið. 82/13049. Canje de Notas Comerciales hispano-islandes de 17 de marzo 1951.

#### **Borgarskjalasafn Reykjavíkur (BsR)**

Skjalasafn Ólafs Thors. 30-6. Skýrsla um Spánarför, skeyti, nokkur sendibréf.

#### **Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)**

Samband íslenskra fiskframleiðenda 2011. D/1 1. Skýrsla um Spánarför - sept. 1951.

Samband íslenskra fiskframleiðenda 2011. D/1 16. Skýrsla um ferð til Grikklands, Ítalíu, Spánar og Portugal 20. maí til 8. sept. 1947.

Samband íslenskra fiskframleiðenda 2011. E/1 7. Upplýsingar um einstakar útflutningsvörur Spánar.

Sendiráð Íslands í París, 1990. B/7 6. Viðskipti og viðskiptasamningar við Spán.

Sendiráð Íslands í París 1990. B/32 2. Sendiráð Íslands í Maríd.

Sendiráð Íslands í París 1991. B/567 1. Viðskipti og viðskiptasamningar við Spán.

Sendiráð Íslands í París, 1991. B/568 2. Viðskipti og viðskiptasamningar við Spán.

Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 2011. B/104 3. Diplómatískt samband við Spán 08.04.1948-05.01.1951.



Utanríkisráðuneyti Íslands 1967. B/75 1. Franco Spánn I-II

Utanríkisráðuneyti Íslands 1989. B/132 1. Spánn. Viðskiptasamningar. Bréf og skýrslur.

Utanríkisráðuneyti Íslands 1998. B/146 3. AFSTAÐA S.P. (U.N.) TIL FRANCO - SPÁNAR. -ÁÐUR 71.C.02.

Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 2. Viðskiptasamningar við Spán.

Utanríkisráðuneyti Íslands 1997. B/169 4. Fyrirspurnir um innflutning frá Spáni.

Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/22 3. Viðskipti, Spánn.

Utanríkisráðuneyti Íslands 1993. S/56 9. Spánn, Portúgal, Sviss, Holland, Belgía, Ítalía.

Utanríkisráðuneyti Íslands 2011. B/580 3. Stjórnmalasamband við Spán.

Viðskiptaráðuneytið 1994. B/68 1. Viðskipti við Spán.

### **Prentaðar heimildir**

Agnar Kl. Jónsson. *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*. Reykjavík: Sögufélag, 2004.

Alpert, Michael. *A new international history of the Spanish Civil War*, 2. útgáfa. New York: Palgrave MacMillan, 2004.

*Alþingistíðindi* 1949 B, Verzlunarskipti við Spán, 652-653.

Arnpór Gunnarsson. *Guðni í Sunnu. Endurminningar og uppgjör*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2006.

Baldur Þórhallsson og Þorsteinn Kristinsson, „Iceland’s External Affairs from 1400 to the Reformation: Anglo-German Economic and Societal Shelter in a Danish Political Vacuum.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 9, 1 (2013), bls. 113-137.

Buchanan, Tom. „Receding Triumph: British Opposition to the Franco Regime, 1945–1959.“ *Twentieth Century British History*, 12, 2 (2001), bls. 163-184.

Beevor, Anthony. *Orrustan um Spán: Spænska borgarastyrjöldin 1936-1939*. Reykjavík: Hólar 2009.

Christensen, Eben J., og Steven B. Redd. „Bureaucrats Versus the Ballot Box in Foreign Policy Decision Making.“ *Journal of Conflict Resolution*, 48, 1 (2004), bls. 69-90.

Eslava Galan, Juan. *Los años del miedo*. Barcelona: Editorial Planeta, 2006.

Elman, Miriam Fendius. „The Foreign Policies of Small States: Challenging Neorealism in Its Own Backyard.“ *British Journal of Political Science* 25, 2 (1995), bls. 171–217.

Fearin, James D. „Domestic Politics, Foreign Policy, and Theories of International Relations.“ *Annual Review of Political Science*, 1,1. (1998), bls. 289–313.

Grugel, Jean, og Tim Rees. *Franco's Spain*. London: Arnold, 1997.

Guðmundur Magnússon. *Thorsararnir: Auður, völd, örlög*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005.

*Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997.

Kaarbo, Juliet. „A Foreign Policy Analysis Perspective on the Domestic Politics Turn in IR Theory.“ *International Studies Review* 17 (2015), bls. 189–216.

Kukucha, Christopher J. „International Relations Theory and Canadian Foreign Trade Policy.“ *International Journal: Canada's Journal of Global Policy Analysis*, 69, 2 (2014), bls. 198–212.

Liedtke, Boris. „Spain and the United States 1945-1975.“ Í *Spain and the Great Powers in the Twentieth Century*, ritstýrt af Sebastian Balfour og Paul Preston (London: Routledge 1999), bls. 229–244.

Moradiellos, Enrique. *La España de Franco (1939-1975)*. Madrid: Síntesis, 2014.

Payne, Stanley G. *El Regimen de Franco 1936-1975*. Madrid: Alianza editorial, 2005.

Pétur J. Thorsteinsson. *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál*. Sögulegt yfirlit, 1. bindi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1992.

Portero, Florentino. „Spain, Britain and the Cold War.“ Í *Spain and the Great Powers in the Twentieth Century*, ritstýrt af Sebastian Balfour og Paul Preston, (London: Routledge 1999), bls. bls. 210-228.

Richards, Michael. *A Time of Silence: Civil War and the Culture of Repression in Franco's Spain, 1936-1945*. Cambridge: Cambridge University Press, 2006.

Rose, Gideon. „Neoclassical Realism and Theories of Foreign Policy.“ *World Politics* 51,1 (1998), bls. 144–172.

Ruiz Franco, Rosario. „La dictadura de Franco“. Í *La España del Siglo XX. Síntetis y materiales para su estudio*, ritstýrt af Francisco Sánchez Pérez (Madrid: Alianza editorial, 2015. bls. 203–259.

Sanchez, Antonio Cazorla. *Fear and Progress: Ordinary Lives in Franco's Spain, 1939-1975*. Chichester: Wiley-Blackwell, 2010. Kindleútgáfa.

Smyth, Denis. „Franco and the Allies in the Second World War.“ Í *Spain and the Great Powers in the Twentieth Century*, ritstýrt af Sebastian Balfour og Paul Preston, (London: Routledge, 1999), bls. 185–209.

Sigurður Snævarr. *Haglýsing Íslands*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, 1993.

Stefán Svavarsson. „Spænska borgarastríðið í íslenskum samtímaheimildum.“ BA-ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 2005.

Thomas, Hugh. *The Spanish Civil War*. New York: Modern Library, 2001.

Treglown, Jeremy. *Franco's Crypt: Spanish Culture and Memory Since 1936*. New York: Farrar, Straus and Giroux, 2013.

Tremlett, Giles. *Ghosts of Spain: Travels Through a Country's Hidden Past*. New York: Walker & Company, 2006.

Valdimar Unnar Valdimarsson. *Ísland í eldlínu alþjóðamála. Stefnumótun og samvinna innan Sameinuðu þjóðanna 1946-1980*, meðhöfundar og ritstjórar Gunnar Á. Gunnarsson og Guðmundur R. Árnason, Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 1993.

Valdimar Unnar Valdimarsson. *Saltfiskur í sögu þjóðar. Saga íslenskrar saltfiskframleiðslu og verslunar frá 18. öld til okkar daga*, meðhöfundur og ritstjóri Halldór Bjarnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.

Valur Ingimundarson. *Í eldlínu kalda stríðsins: Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945-1960*, Reykjavík: Vaka-Helgafell 1996.

## Dagblöð

*Alþýðublaðið*, 1939–1959.

*Arriba*, 1950.

*Frjáls verzlun* 1939–1959.

*Madrid*, 1951.

*Morgunblaðið*, 1939–1959.

*Tíminn*, 1939–1959.

*Vísir*, 1939–1959.

*Þjóðviljinn*, 1939–1959.

## Aðrar heimildir

Hagstofa Íslands: *Tölur um utanríkisverslun við Spán og Dagvinnutímakaup verkafólks í Reykjavík*. Gögn fengin eftir fyrirspurn til Hagstofu 10. janúar og 6. júní 2017.

### Vefheimildir

Ályktun aðalfundar 32(I), *Relations of Members of The United Nations with Spain*, A/RES/32(I) (9. febrúar 1946), vefur Sameinuðu þjóðanna <https://documents-dds-ny.un.org/doc/RESOLUTION/GEN/NR0/032/83/IMG/NR003283.pdf?OpenElement> skoðað 12. maí 2017.

Baldur Þórhallsson og Sverrir Steinsson, „Small State Foreign Policy,“. *Oxford Research Encyclopedia of Politics*. (Maí 2017), <http://politics.oxfordre.com/view/10.1093/acrefore/9780190228637.001.0001/acrefore-9780190228637-e-484>, skoðað 15. ágúst 2017.

Emil Jónsson, niðurfelling hverndarsamningsins frá 1941 o.fl. 5. október 1946, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=65&rnr=375>, skoðað 30. apríl 2017.

Verzlunarskipti við Spán, 149. mál, þingsályktunartillaga, 396. Löggjafarþingi 1948-1949, <http://www.althingi.is/altext/68/s/pdf/0396.pdf> Skoðað 15. maí 2017.